

**SKOÐUN** Samspil menntunar og vinnumarkaðar er lykilatriði segir formaður BHM. 17



**MENNING** Sindri Snær Jensson fær allt að 4.000 heimsóknir á dag á herratískubloggið sitt. 42



**SPORT** Atvinnumannaskórnir eru komnir upp í hillu hjá Heiðari Helgusyni eftir fimmtán ár erlendis. 36


VINNAN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
1. maí 2013
101. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Tvö þúsund í Silfru**
Aðsókn að köfun í gjánni Silfru í mars og apríl var miklu meiri en áætlað var áður en ákveðið var að innheimta gjald fyrir köfun. 2

**Brotið á fötluðum** Fatlaðar konur eiga frekar á hættu að verða fyrir kynferðisofbeldi en aðrar konur. 6

**27 nýliðar** Fimmtán karlar og tólf konur taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn eftir þingkosningarnar á laugardag. 8

**Áfellisdómur** Fangelsun fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu byggir ekki á lagalegum grunni að mati Mannréttindadómstóls Evrópu. 10




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | N | 6 |
| Akureyri | -1° | NV | 8 |
| Egilsstaðir | -1° | NNV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | NA | 2 |
| Reykjavík | 2° | NA | 7 |

**Svalt í dag** Norðlægar áttir ríkja í dag, víða gola eða stinningsgola. Nokkuð bjart sunnan- og suðvestanlands en stöku él við norðurströndina. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Sprotafyrirtæki selt á milljarð

Sprotafyrirtækið CLARA er fyrsta íslenska fyrirtækið sem selt er til Kísildalsins í Bandaríkjunum. Kaupandinn er fyrirtæki skráð á Nasdaq í Bandaríkjunum og í eigu þekktra fjárfesta sem sérhæfa sig í tæknifyrirtækjum.

**VIÐSKIPTI** Íslenska sprotafyrirtækið CLARA ehf. hefur verið selt bandaríska hugbúnaðarfyrirtækinu Jive Software Inc. fyrir sem svarar um einum milljarði króna. Jive er skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í New York. Upplýst er um kaupin í ársfjórðungsuppgjöri Jive.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins keypti fyrir um ári 18 prósenta hlut í CLARA. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur sjóðurinn með sölu fyrirtækisins tvöfaldað fjárfestingu sína á einu ári.

CLARA, sem stofnað var í Reykjavík árið 2008, sérhæfir sig í að greina mikið magn af texta og draga út upplýsingar sem auðvelda viðskiptavinum að fá yfirsýn yfir umræðu sem myndast um fyrirtæki, vörumerki og einstaklinga.

Jive, sem stofnað var árið 2001 og er með aðsetur í Palo Alto í Kísildalnum í Bandaríkjunum, framleiðir hins vegar sérsmíðaða læsta samfélagsmiðla, sem starfsmenn stórra fyrirtækja nota í samskiptum við vinnufélaga sína.

Að baki Jive standa svo fjárfestingafyrirtækin Kleiner Perkins Caufield & Byers og Sequoia Capital. Þau eru þekkt fyrir fyrri fjárfestingar í tækniheiminum, svo sem í fyrirtækjum á borð við Apple, Instagram, Yahoo, Linkedin, Netscape, Amazon og Google.

CLARA opnaði sölu- og markaðsskrifstofu í Kísildalnum í Kaliforníu í mars árið 2011 og var þá í sama húsnæði og Google var í þegar það var nýstofnað. Félagið var þá fyrsta íslenska tæknifyrirtækið til að hefja starfsemi þar og eftir því sem næst verður komst fyrsta íslenska fyrirtækið sem bandarískt fyrirtæki úr Kísildalnum kaupir.

- óká

### HÆTTU Í SKÓLA TIL AÐ STOFNA FYRIRTÆKIÐ



GUNNAR HÓLMSTEINN



JÓN EÐVALD VIGNISSON

Upplýsingatæknifyrirtækið CLARA var stofnað árið 2008 en á sínum tíma hættu stofnendur þess í námi í Háskóla Íslands til að stofna fyrirtækið. Frumkvöðlarnir að baki CLARA eru Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Jón Eðvald Vignisson. Gunnar Hólmsteinn er nýorðinn 27 ára gamall og Jón Eðvald er á 29. ári. Samkvæmt Creditinfo eiga Gunnar Hólmsteinn og Jón Eðvald hvor um sig 15 prósenta hlut í fyrirtækinu og ættu því að fá í sinn hlut um og yfir 150 milljónir vegna sölunnar til Jive Software.



**ÚTLITIÐ GOTT** Flugvirkjar unnu hörðum höndum að viðgerð björgunarþyrlunnar TF-GNA í gær. Flestallir varahlutir eru í hendi og þeir síðustu væntanlegir í kvöld. Þess er vænst að strax á morgun hafi Landhelgisgæslan því tvær þyrlur til umráða, sem er fyrr en von var á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðgerð á Gná lýkur bráðum:

## Tvær þyrlur tiltækar fljótlega

**ÖRYGGISMÁL** Bilunin í þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-GNA virðist ekki eins alvarleg og fyrst var talið. Allt útlit er fyrir að viðgerð ljúki fyrr en ætlað var og þyrlan verði jafnvel klár strax á morgun. Þá hefur Gæslan aftur tvær þyrlur tiltækar.

Eins og greint hefur verið frá var björgunargeta Gæslunnar skert eftir að bilun kom upp í útkalli hjá Gná á fimmtudag. Þyrlan var stödd um tuttugu sjómílur frá landi þegar bilunin kom upp og var flogið til lands án tafar og lent á túni við bæinn Kvísker í Öræfum. Þyrlan var um helgina flutt með flutningabíl til Reykjavíkur þar sem ekki var unnt að gera við hana fyrir austan.

Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Gæslunnar, segir gælt við það að Gná verði komin í gagnið á morgun, en fyrir er TF-SYN. Til stóð að hraða skoðun á þriðju þyrlunni TF-LIF, en allt bendir til að þess gerist ekki þörf.

- shá

Bjarni Benediktsson segist ekki ræða við þá sem eru einnig að ræða við aðra:

# Ýtt út í viðræður við aðra flokka

**2013**

Bjarni Benediktsson segist ekki taka þátt í viðræðum við Framsóknarflokkinn um myndun ríkisstjórnar á meðan Framsókn ræðir við aðra. Hann vill enn tveggja flokka stjórn en segir að verið sé að ýta sér út í viðræður við aðra flokka.

„Ég er ekki í neinum viðræðum,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurður út í gang stjórnarmyndunarviðræðna. „Ég ræði ekki við menn um myndun nýrrar ríkisstjórnar sem eru á sama tíma í viðræðum við aðra flokka.“

Spurður hvort Framsókn ráði ekki ferðinni segir Bjarni: „Stjórnarmyndunarumboðið nær bara svo og svo langt. Ef menn vilja halda öllu galopnu, þá er einfaldlega allt galopið. Ef menn vilja hefja alvöru viðræður, þá hefja menn alvöru viðræður.“



BJARNI BENEDIKTSSON

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti í gær Sigmundi Davíð umboð til stjórnarmyndunar. Sigmundur sagðist ætla að hitta formenn allra flokka sem náðu mönnum á þing.

- kóp / sjá síðu 4


OPIÐ Í DAG
1. MAÍ
FRÁ KL.
10⁰⁰ TIL 22⁰⁰

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | BORÐSTOFUSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA

Aðeins í dag
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í HÖLLINNI
Ekki missa af þessu



OPIÐ Í DAG
1. MAÍ
FRÁ KL.
10⁰⁰ TIL 22⁰⁰

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

## SPURNING DAGSINS



Magnús, fylgja ofurgrúppum ekki ofurgrúppíur?

**„Jú. Við hlökkum óskaplega mikið til að sjá þær en vonum að þær gleymi ekki tannlíminu.“**

Magnús Kjartansson fer fyrir sannkallaðri ofurgrúppu tónlistarmanna úr Trúbroti, Náttúru, Mánum og Pelican sem mun hita upp fyrir Deep Purple í Laugardalshöll í júlí.

Öndverðar skoðanir um ársreikninga Reykjavíkurborgar í borgarstjórn í gær:

# Frábær árangur segir Jón Gnarr

**REYKJAVÍKURBORG** „Annað árið í röð er taprekstur í borginni sem gefur til kynna að aðhald í rekstri borgarinnar sé ábótavant,“ segir í tilkynningu sem borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna sendi frá sér í tilefni birtingar ársreiknings Reykjavíkurborgar.

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar segir hins vegar að „birt hafi til“ í ársreikningum sem sýni að aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur hafi gengið framar vonum. Halli A-hluta borgarinnar hafi aðeins verið 44 milljónir króna þrátt fyrir að gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hafi verið 2,9 milljarðar en ekki 600 milljónir eins og áætlað hafi verið.

„Þetta er frábær árangur og gott dæmi um þann stöðugleika sem tekist hefur að ná hér í borginni á síðustu þremur árum,“ segir Jón Gnarr borgarstjóri í tilkynningu.

„Á tímabili núverandi meirihluta hefur aðhaldið verið ófullnægjandi og kerfið vaxið á kostnað borgarbúa,“ segir hins vegar í tilkynningu sjálfstæðismanna. „Það er auðvelt að stjórna með því að taka stöðugt fé af fjölskyldum og fyrirtækjum í borginni,“ sagði Júlíus Vífill Ingvarsson sjálfstæðismaður á borgarstjórnarfundi í gær. - gar



**RÁÐHÚSIÐ** Skiptar skoðanir eru um ágæti ársreikninga borgarinnar.

Obama Bandaríkjaforseti:

# Lofar að loka Guantanamo

**BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti ítrekaði í gær áform sín um að leggja niður fangabúðirnar í Guantanamo. Lokun búðanna var eitt af helstu kosningaloforðum Obama árið 2008, en þingið stóð gegn öllum fyrirætlunum í þá átt. Obama endurnýjaði heit sitt í gær og lofaði að bera málið upp við þingið.**

**Búðirnar sköðuðu orðspor Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi, en tugir fanga hafa verið í mótmælasvelti að undanförnu.** - þj



**REIÐI** Almenningur brenndi eftirmynd héraðsleiðtoga í reiði vegna dauða fimm ára telpu sem var nauðgað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reiðialda eftir enn eitt grimmdarverkið í Indlandi:

# Fimm ára lést eftir nauðgun

**INDLAND, AP Fimm ára indversk telpa sem tveir menn nauðguðu fyrr í mánuðinum lést í gær af völdum áverka sem hún hlaut í árásinni. Mennirnir, sem eru í haldi lögreglu, lokkuðu stúlkuna inn á sveitabæ þar sem annar maðurinn kom fram vilja sínum við hana.**

**Stúlkan varð fyrir heilaskaða þegar mennirnir héldu púða fyrir vitum hennar til að kæfa í henni neyðarópin, en það dró hana til dauða. Mikil reiðialda braust út í héraðinu þegar fréttir bárust af dauða hennar og brenndu mótmælendur eftirmyndir af héraðsstjóranum sem er sakaður um aðgerðaleysi í málum sem þessum.** - þj

Í farbanni vegna fíkniefna:

# Litháí reyndi að flýja til Færeyja

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður frá Litháen var handtekinn í Leifsstöð á mánudag þegar hann reyndi að flýja land. Hann var handtekinn í mars, en þá var jafnframt lagt hald á 500 grömm af ætluðu kókaíni. Eftir gæsluvarðhald var maðurinn úrskurðaður í farbann.

Á mánudag ætlaði Litháinn úr landi og hafði keypt miða til Færeyja og þaðan til Bretlands þar sem hann er búsettur. Hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. mars. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málsins sem er á lokastigi. Um tíma sat annar Litháí og einn Íslendingur í gæsluvarðhaldi í tengslum við sama mál. - shá

Greiddu 10 milljarða af láni:

# Stór áfangi hjá Orkuveitunni

**FJÁRMÁL** Orkuveita Reykjavíkur gekk í gær frá stærstu afborgun láns í sögu fyrirtækisins, sem var um tíu milljarðar króna. Eitt af helstu markmiðum eignasöluáætlunar sem OR vinnur eftir var að mæta afborguninni. Upphaflega átti afborgunin að nema um 15 milljörðum en á síðasta ári tókst að fresta greiðslu fimm milljarða. Í tilkynningu segir að engu að síður hafi greiðslan verið helsta ógnin við greiðsluhæfi OR. - shá



**BJARNI BJARNASON**

# Tvö þúsund kafarar borguðu ofan í Silfru

Aðsókn að köfun í gjánni Silfru í mars og apríl var miklu meiri en áætlað var áður en eitt þúsund króna gjald tók gildi í byrjun mars. Þjóðgarðsvörður segir það fé sem fáist aukalega verða nýtt til að bæta aðstöðuna og minnka gróðurskemmdir.

**ÞJÓÐGARÐAR** „Ég hræðist ekki þessa aðsókn þegar við getum gert aðbúnaðinn góðan og fyrirtækjunum líður vel,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, þar sem aðsókn í köfun og snorkl í gjána Silfru var verulega umfram það sem menn áttu von á í mars og apríl.

Í byrjun mars tók gildi eitt þúsund króna gjald fyrir köfun í Silfru. Síðan hafa rúmlega tvö þúsund manns verið skráðir þar í köfun, langflestir á vegum ferðaþjónustufyrirtækja. Rekstraráætlun þjóðgarðsins gerir hins vegar ráð fyrir sex til sjö þúsund gestum á ári. Ólafur bendir á að mars og apríl séu alls ekki á háannatíma í köfuninni.

„Þetta er mest yfir sumarið og bjartasta tímann en stendur ótrúlega lengi fram eftir haustinu. Það er hægt að draga þær ályktanir að þetta fari töluvert fram úr þeim sex til átta þúsundum sem við gerðum ráð fyrir,“ segir þjóðgarðsvörður sem kveðst vera farinn að vonast til að meira fé en áður var gert ráð fyrir fáist til að bæta aðstöðuna við Silfru. Uppstig fyrir kafarana, fráleggsborð og gámasalerni hafi verið á áætlun ársins.

„Það sem er brýnast að gera núna er að koma í veg fyrir gróðurskemmdir á svæðinu, sérstaklega fram með gjánni. Þar er allur mosi uppsparkaður og tættur. Einu skynsamlegu viðbrögðin eru að leggja þar stíga svo þeir sem hafa áhuga á að ganga fram á brúnirnar og fylgjast með köfurunum geti gert það án þess að spilla landinu. Við gerðum ekki ráð fyrir að þetta yrði hægt fyrr en næsta sumar en ég er farinn að gæla við að við getum hrint þessu í framkvæmd strax í sumar,“ segir Ólafur.

Þjóðgarðsvörður undirstrikar að öllu fé sem innheimtist af köfurunum eigi að verja í þjónustu við þá sjálfa. Samstarfið sé ánægjulegt og árekstralaust eftir að nýjar öryggisreglur voru innleiddar og gjaldið sett á.

„Hitt var alveg vonlaust, eins og þetta var orðið. Hvorki landið né aðstaðan þoldi þetta. Þetta er ánægjuefni og skapar nýja möguleika til að standa vel að þessu öllu saman,“ segir Ólafur sem kveður athyglisvert hversu köfunin sé orðin vinsæl. „Þetta er áhugaverð þjónusta fyrir Þingvelli og fyrir þessi fyrirtæki og íslenska ferðaþjónustu alla.“ gar@frettabladid.is



**SILFRA** Stigi auðveldar köfurum að komast upp úr Silfru en viðkvæmur gróður á brúnum gjárinnar er óvarinn fyrir traðki forvitinna áhorfenda. MYND/HÖRÐUR JÓNASSON



**„Einu skynsamlegu viðbrögðin eru að leggja þar stíga svo þeir sem hafa áhuga á að ganga fram á brúnirnar og fylgjast með köfurunum geti gert það án þess að spilla landinu.**

*Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður á Þingvöllum*

Björgunarfólk á Þórshöfn lagði nótt við dag til að bjarga háhyrningum:

# Tókst að bjarga tveimur dýrum

**NÁTTÚRA** Björgunarfólki frá Þórshöfn tókst að bjarga tveimur háhyrningum úr fjörunni við Heiðarhöfn á Langanesi. Fjögur af sex dýrum sem upphaflega syntu á land drápust. Ákveðið var að aflífa tvö dýr eftir að endurteknar tilraunir til að koma þeim á haf út báru ekki árangur.

Það fréttist af háhyrningunum sex um klukkan tvö á mánudag. Þegar fór hópur manna þeim til bjargar og náði fljótlega að bjarga einu dýri; tvö drápust í fjörunni um daginn. Þrjú dýr voru eftir í fjörunni og var stórri gröfu beitt til að moka frá dýrunum.

Guðni Hauksson, formaður björgunarsveitarinnar Hafliða, segir að eftir nokkurra tíma vinnu í gærdag, þar sem fimmtán björgunarsveitarmenn komu að björgun, hafi átta farið aftur um nóttina.

„Þá tókst þeim að koma einum háhyrningi út en verr gekk með tvö stærri dýrin af þessum þremur. Þegar komið var með þau út í brimið sló þeim alltaf fyrir og skolaði aftur upp í fjöruna. Dýrin voru bara orðin of máttfarin og hjálpuðu lítið til. Þá var ekkert annað eftir en að senda eftir byssumanni,“ segir Guðni. - shá



**ALLT REYNT** Fyrst var reynt með handafli og síðan með hjálp gröfu. Tveimur tókst að bjarga. MYND/HILMA STEINARSDÓTTIR

FERÐAKLÚBBURINN 4x4

**Aðalfundur**

**Ferðaklúbbsins 4x4**

**verður miðvikudagskvöldið 8. maí kl. 20:00.**
**Fundarstaður er Hótel Natura (Loftleiðir).**

**Dagskrá skv. lögum félagsins er:**

1. Setning fundar og dagskrá kynnt.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
4. Umræða um skýrslu stjórnar.
5. Skoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
6. Umræða um reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.
7. Skýrslur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
8. Tillögur/lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagsmönnum.
9. Kjör stjórnar, varamanna og fastanefnda.
10. Kjör Skoðunarmanna.
11. Önnur mál.
12. Fundarslit.

Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagar í öllum deildum og móðurfélagi sem hafa staðið full skil á gjöldum til félagsins. Hinir sömu hafa einnig atkvæðisrétt á aðalfundi.

*Stjórnin*


Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig
LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR ÞIG OG FÓLKIÐ ÞITT
Það er gott hjá þér að hugsa um heilsuna á hverjum degi, því þú veist að hún skiptir öllu máli, bæði fyrir þig og þá sem treysta á þig. Taktu næsta skref í dag og láttu líf- og sjúkdómatryggja þig. Hafðu samband og starfsfólk VÍS veitir þér persónulega ráðgjöf.
VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.
VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS
LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.
#gotthjáþér
/gotthjather
#gotthjáþér

## GENGIÐ 30.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,71 | 117,27 |
| Sterlingspund | 180,81 | 181,69 |
| Evra | 152,48 | 153,34 |
| Dönsk króna | 20,447 | 20,567 |
| Norsk króna | 20,017 | 20,135 |
| Sænsk króna | 17,830 | 17,934 |
| Japanskt jen | 1,197 | 1,204 |
| SDR | 176,02 | 177,06 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 208,1233

Stoðir vildu að 440 milljóna króna skattkrafa félli undir nauðasamninga:

# Ríkið sýknað af kröfu Stoða

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær íslenska ríkið af kröfu Stoða um að skattkrafa upp á 444 milljónir króna félli undir nauðasamninga félagsins.

Rannsókn skattsins hófst árið 2008 á bókhaldi og skattskilum félagsins, sem þá hét FL Group hf. Yfirskattanefnd ákvað árið 2011 að Stoðir yrðu að greiða rúmar 400 milljónir króna í skatt vegna rekstraráranna 2006 og 2007 umfram það sem nam upphaflegri álagningu. Stoðir vildu meina að endurálagningin ætti að falla undir nauðasamninga félagsins en því hafnaði dómari.

Verulegur dráttur varð á afgreiðslu skattkæru Stoða, sem móttekin var af Skattstjóranum í Reykjavík 12. október 2009. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að fallast megi á með Stoðum að dráttur á afgreiðslu kærunnar brjóti í bága við málshraðareglur stjórnsýslunnar og óskráðar meginreglur á sviði stjórnsýsluréttar.

Dómurinn féllst ekki á þau rök Stoða að dráttur á afgreiðslu skattkæru stefnanda stæði í vegi fyrir skuldajöfnuði sem fram fór 27. júní í 2011 en úrskurðaði að hann hefði verið í samræmi við lagafyrirmæli sem um hann giltu. Ríkið var sýknað af endurgreiðslukröfunni. - hó

➜ Dómari féllst ekki á að dráttur á afgreiðslu skattkæru Stoða ætti að standa í vegi fyrir skuldajöfnuði.

Kröfur á Kaupþing lækkuðu:

# Verðmæti eigna 858 milljarðar

**VIÐSKIPTI Verðmæti eigna þrotabús Kaupþings banka nam um áramót 858 milljörðum króna. Samkvæmt upplýsingum frá slitastjórn bankans jókst verðmætið um 25 milljarða á árinu 2012. Sé tekið tillit til gengisbreytinga lækkar mat á raunvirði eigna um 14,5 milljarða króna. Slitastjórn samþykkti kröfur að upphæð 2.848 milljarða króna á tímabilinu. Heildarkröfur á hendur Kaupþingi námu 3.067 milljörðum króna. Þær lækkuðu um 456 milljarða 2012.** - óká

Íslendingurinn í Paragvæ:

# Óskað eftir aðstoð Interpol

**LÖGREGLUMÁL Ekkert hefur spurst til Íslendingsins sem leitað hefur verið í Paragvæ síðan snemma í apríl. Lögreglan á Íslandi óskaði eftir aðstoð Interpol við að hafa uppi á manninum sem er um þrítugt.**

**Ekki er formlega lýst eftir manninum á heimasíðu Interpol en að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar er málið ekki enn komið á það stig. „Þetta er svona eftirgrennslan eins og er," segir Friðrik Smári en segir að ef ekki spyrst til mannsins í lengri tíma þurfi að grípa til annarra ráðstafana.** - hó

Evo Morales, forseti Bólivíu:

# Fær möguleika á þriðja kjörinu

**BÓLIVÍA, AP** Hæstiréttur Bólivíu hefur úrskurðað að Evo Morales, forseti landsins, megi bjóða sig fram til embættis í þriðja sinn.



EVO MORALES

Morales, sem er fyrsti forseti Bólivíu af frumbyggjaættum, var fyrst kosinn árið 2005 og svo endurkjörinn með miklum yfirburðum árið 2009. Fyrr það ár var stjórnarskránni breytt þannig að forseti gæti aðeins setið tvö kjörtímabil.

Rétturinn segir hins vegar nú að ákvæðið sé ekki afturvirkt og því megi Morales bjóða sig fram á ný. Stjórnarandstaðan er afar óánægð með niðurstöðuna og segir hana sýna glöggt að forsetinn hafi föst tök á réttinum. - þj



**HORNREKA** Pervez Musharraf ætlaði sér stóra hluti í stjórnmálum, en hefur nú verið handtekinn og sviptur kjörgengi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrverandi leiðtogi Pakistans:

# Sviptur kjörgengi ævilangt

**PAKISTAN, AP** Pervez Musharraf, fyrrverandi leiðtogi herforingjastjórnarinnar í Pakistan, er ekki lengur kjörgengur í landinu. Þetta er niðurstaða dómstóla og gildir til frambúðar, en hann hafði hugað á endurkomu í stjórnmálin.

Musharraf stýrði landinu á árunum 1999 til 2008 en hefur dvalið erlendis í sjálfskipaðri útlegð. Hann sneri aftur til landsins fyrir skömmu en var handtekinn, ásakaður um landráð og aðild að morðinu á Benasir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra. Hann er nú í stofufangelsi á meðan rannsókn stendur yfir. - þj

**STJÓRNSÝSLA**

### Mun fleiri vegabréf

Alls voru 5.536 íslensk vegabréf gefin út hjá Þjóðskrá Íslands í mars. Um er að ræða 37,6% aukningu milli ára samanborið við 4.024 vegabréf í mars 2012. Hinn 1. mars var gildistími íslenskra vegabréfa lengdur úr fimm árum í tíu ár.

# Formlegar viðræður flokka ekki hafnar

Formaður Framsóknarflokksins hitti tvo flokksformenn í óformlegum viðræðum í gær. Hefur ekki enn rætt við formann Sjálfstæðisflokksins sem opnar sjálfur á viðræður við aðra flokka. Hugmynd um minnihlutastjórn komin aftur á kreik.

**2013 FRÉTTASKÝRING**

Hvað er að gerast í stjórnarmyndunarviðræðum?

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti í gær Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, umboð til að hefja stjórnarmyndunarviðræður. Sigmundur tilkynnti strax að hann myndi ræða við formenn allra flokka sem náðu á þing áður en ákvörðun yrði tekin um næstu skref og sagði að skuldamál heimilanna væru forsenda samstarfs.

Sigmundur hitti Árna Pál Árnason, formann Samfylkingarinnar, og Birgittu Jónsdóttur, kaptein Pírata, í gær.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hafði ekkert rætt við Sigmund þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöldi og enginn fundur boðaður. Hann segir að fyrir sér sé málið einfalt; rétt sé að mynda tveggja flokka stjórn sem hafi ríflegan meirihluta og sé skipuð ótvíræðum sigurvegurum kosninganna, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki.

„Ég taldi rétt að hefja þær stjórnarmyndunarviðræður en það er greinilegt að Framsókn ætlar að vera opin í báða enda og við þær aðstæður er ekki hægt að hefja viðræður," segir Bjarni. Hann segir að ef Framsókn vilji ekki fara beint í viðræður flokkanna tveggja þurfi hann sjálfur kannski að ræða við aðra flokka. „Það er þá verið að ýta mér út í það."

Framsóknarmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær töldu rétt að formaðurinn ræddi við formenn allra annarra flokka. Slíkt væri við hæfi hjá miðjuflokki. Hins vegar ættu þær ekki að taka langan tíma.

Orð Bjarna verða ekki skilin öðruvísi en að mikillar óþreyju sé farið að gæta í herbúðum Sjálfstæðisflokksins. Bjarni var afdráttarlaus að loknum kosningum um tveggja flokka stjórn og þrengdi með því möguleika flokksins. Það hefði mátt skilja sem merki um ákveðni, hefði Bjarni fengið umboð til stjórnarmyndunar. Eftir að forsetinn veitti Sigmundi það má færa rök fyrir því að þetta hafi gert stöðu Sjálfstæðisflokksins erfiðari.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**ÞINGFLOKKUR FUNDAR** Þingflokkur Framsóknarflokksins hittist í Alþingishúsinu undir kvöld í gær. Þar ræddi formaður flokksins við þingmennina og kynnti nýliðunum í hópnum aðstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hugmyndir um minnihlutastjórn

Þeirri hugmynd hefur enn á ný skotið upp kollinum að Framsóknarflokkurinn myndi minnihlutastjórn og vinni að tillögum sínum í skuldamálum án aðkomu annarra flokka. Ólíklegt er að Sjálfstæðisflokkurinn yrði með í slíku plotti. Þá eru vinstriflokkarnir enn í sárum eftir kosningarnar og því mun frumkvæði að slíku þurfa að koma frá Framsóknarflokknum sjálfum.


# MJÚKU TANNBURSTARNIR SEM TANNLÆKNAR NOTA

**_Bakteríudrepandi_**

**Ortodent _Silver_ tannburstar eru ótrúlega mjúkir og endingargóðir. Fara sérlega vel með tannholdið og endast mun lengur en venjulegir mjúkir tannburstar.**

**Ortodent _Silver_ hafa einstaka bakteríudrepandi eiginleika. Nanóagnir úr silfri eru unnar í burstahárin.**

**Söluaðilar:**
Lyfja
Apótekið
Árbæjarapótek
Apótek Hafnarfjarðar
Apótek Garðabæjar
Akureyrar Apótek
Garðsapótek
Lyfjaval Álftamýri
Lyfjaval Mjódd
Lyfjaval Bílaapótek
Lyfjaborg
Reykjavíkur Apótek



ORTODENT

Lúkas D. Karlsson tannlæknavörur
sími 581-3485 • www.lukas.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNAR HÆGT** Í dag verður svalt en úrkomulítið á landinu. Á morgun þokast hitinn upp og vindur snýst í suðlægar áttir og á föstudaginn dregur heldur til tíðinda. Þá hvessir af suðvestri, fyrst vestanlands og það hlýnar enn frekar í veðri.




**Á morgun**
Strekkingur allra vestast.




**Föstudagur**
Stíf SV-átt, einkum V-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Berlín | 17° | Friedrichshafen | 23° | Las Palmas | 22° | New York | 18° | París | 16° |
| Aþena | 29° | Billund | 13° | Gautaborg | 10° | London | 14° | Orlando | 28° | San Francisco | 24° |
| Basel | 23° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 10° | Mallorca | 20° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 10° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÚTIFUNDUR Á INGÓLFSTORGI

**BSRB** hvetur alla félagsmenn til að mæta á baráttufund þann 1. maí og minnir á kaffisamsæti í **BSRB**-húsinu, Grettisgötu 89, að loknum útifundinum á Ingólfstorgi.

## Dagskrá 1. maí hátíðarhaldanna í Reykjavík 2013

Safnast saman á Hlemmi kl. 13.00. Gangan leggur af stað kl. 13.30. Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur spila í göngunni og á Ingólfstorgi

## Útifundur á Ingólfstorgi hefst kl. 14.10

**Fundarstjóri**
Þórarinn Eyfjörð.

**Tónlist**
Kvennakór Reykjavíkur syngur tvö lög.

**Ræða**
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður VR.

**Tónlist**
Jónas Sig með blásurum flytur tvö lög.

**Ræða**
Snorri Magnússon, gjaldkeri BSRB og formaður Landssambands lögreglumanna.

**Tónlist**
Barnakór Kársnesskóla syngur 2 lög.

Maístjarnan og „Internationallinn“ sunginn og leikinn.

Ræður verða táknmálstúlkaðar og Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli með flytjendum.

**Fundi slitið**
kl. 15.00.

1.maí

BSRB

hönnun / grafik.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir formaður SFR?
**2.** Hversu margir háhyrningar syntu upp í fjöruna á Langanesi?
**3.** Hvert er Sigurður Guðmundsson, kenndur við hljómsveitirnar Hjálma og Memfismafíuna, að flytja?

**SVÖR:**
**1.** Árni Stefán Jónsson. **2.** Sex. **3.** Til Noregs.

Hinn 46 ára Vilhjálmur Alexander var krýndur konungur Hollands í gær:

# Fyrsti konungurinn í yfir 120 ár

**HOLLAND, AP** Vilhjálmur Alexander var í gær krýndur konungur Hollands eftir að móðir hans, Beatrix drottning, lét af völdum eftir 33 ár á valdastóli. Vilhjálmur, sem er 46 ára gamall, verður fyrsti konungur Hollands í meira en 120 ár, og hinn yngsti í Evrópu.

Vilhjálmur-Alexander er sagnfræðingur að mennt, elsti sonur Beatrix og eiginmanns hennar, Claus prins sem lést árið 2002, en yngri bræður hans eru þeir Friso og Constantijn. Eiginkona Vilhjálms er hin argentínska Maxima, en þau hjónin eiga saman þrjár dætur.

Við krýninguna þakkaði konungurinn móður sinni fyrir þjónustu hennar við land og þjóð, en hún var vel séð af þegnum sínum. Hann hét því í ávarpi að verða nútímalegur konungur, sameiningartákn þjóðar sinnar og missa sig ekki í hefðum og venjum tengdum stöðu sinni. Margt fyrirmenna sótti krýninguna í Amsterdam í gær. Þar á meðal má nefna Karl Bretaprins og Viktoríu, krónprinsessu Svíþjóðar. **- þj**



**SVER EMBÆTTISEIÐ** Vilhjálmur Alexander sór eið við stjórnarskrá landsins þegar hann var krýndur konungur Hollands. Drottningin Maxima stendur við hlið hans. NORDICPHOTOS/AFP

Lög frá 2010 rannsökuð:

# Ívilnanir undir smásjá ESA

**EFNAHAGSMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur ákveðið að hefja formlega rannsókn á ívilnanalögum sem Alþingi setti árið 2010. Lögin miðuðu að því að efla nýfjárfestingu á Íslandi og heimiluðu meðal annars beina ríkisstyrki til fyrirtækja og skattaívilnanir í tíu ár.

ESA ber að hefja formlega rannsókn að lokinni frumathugun leiki vafi á því að ríkisaðstoð samræmist EES-samningnum. Samið hefur verið við sex fyrirtæki hér á landi á grundvelli kerfisins. **- kóp**


# Ársfundur Stafa lífeyrissjóðs

Stafir lífeyrissjóður boðar til ársfundar á Grand Hóteli Reykjavík miðvikudaginn 22. maí 2013 kl. 17:00:

*Dagskrá:*
- Venjuleg ársfundarstörf
- Breytingar á samþykktum

*Stjórn Stafa lífeyrissjóðs*

Ályktunartillögur sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Tillögur til breytinga á samþykktum er að finna á heimasíðu Stafa, stafir.is.

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 • 110 Reykjavík • sími 569 3000 • stafir@stafir.is
www.stafir.is

Síðustu sætin í vor
Golfferð til
Costa Ballena á Spáni
9. maí í 8 nætur
Frá kr. 165.000
með hálfu fæði á mjög góðu 4 stjörnu hóteli

Hotel Barcelo Costa Ballena ****
Kr. 165.000
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í herbergi með hálfu fæði í 8 nætur.
Verð m.v. gistingu í einbýli kr. 185.000

**Innifalið er:** Flug, flugvallarskattar, flutningur á golfsetti, gisting á Barcelo Costa Ballena**** með hálfu fæði. Ótakmarkað golf í 7 daga + komudag, golfkerrur og æfingaboltar.

**Ferðtilhögun:** Flogið út í beinu flugi frá Keflavík til Jerez (ca. 25 mín akstur til Costa Ballena) að morgni 9. maí. Heimflug frá Sevilla með Easy Jet kl. 10:25 þann 17. maí með millilendingu í London Gatwick. Þaðan er svo flogið kl. 14.35 með Wow air til Íslands með lendingu kl. 16:35.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð
og heilbrigðisþjónustu.




**KÆRÐI NAUÐGUN Í MARS** Manninum sem var kærður fyrir að hafa nauðgað fatlaðri konu í Kópavogi var sagt upp störfum hjá Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi eftir að málið komst upp.

# Líklegra að brotið sé á fötluðum konum

Fatlað fólk er berskjaldaðra gegn kynferðisofbeldi en annað fólk. Bílstjóri fatlaðrar konu í Kópavogi grunaður um nauðgun. Veit ekkert um málið, segir fyrrverandi yfirmaður mannsins. Yfirmaður þjónustudeildar fatlaðra neitar að tjá sig.

**LÖGREGLUMÁL** Fatlaðar konur eiga frekar á hættu að verða fyrir kynferðisofbeldi en aðrar konur. Nýleg sænsk rannsókn sýnir að þrisvar sinnum líklegra sé að þroskaheftar konur verði fyrir slíkum brotum, en engar rannsóknir hafa verið gerðar á slíku hérlendis þótt vísbendingar bendi í svipaða átt.



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er langt á veg komin með að rannsaka nauðgun á fatlaðri konu í Kópavogi um miðjan mars síðastliðinn. Bílstjóri konunnar, maður á fimmtugsaldri, var kærður fyrir brotið og hefur hann verið yfirheyrður. Nauðgunin átti sér stað í bíl á vegum Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi og hefur maðurinn verið leystur frá störfum. Hann hefur ekki áður komið við sögu hjá lögreglu en öllum starfsmönnum er skylt að framvísa sakavottorði til Kópavogsbæjar áður en þeir eru ráðnir. Ekki er hægt að fá uppgefið hvort maðurinn hafi gengist við glæpnum.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar, segir manninum hafa verið sleppt að lokinni skýrslutöku. Hann segir að brot sem þessi séu ekki algeng en þau komi vissulega fyrir eins og hjá öðrum.

Spurður hvort hann telji líklegt að maðurinn verði ákærður segir hann það vera alfarið í höndum ákæruvaldsins.

Gunnar Torfason, yfirmaður Ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi, segir þetta vera í fyrsta sinn sem svona mál komi upp innan stofnunarinnar.

„Það verður klárlega farið yfir málin,“ segir hann. „Það er búið að ræða þetta og við erum að skoða þetta.“ Hann vildi ekki tjá sig um málið sem slíkt. „Maðurinn var boðaður til skýrslutöku og búið. Ég veit ekkert um aðstæður eða neitt slíkt. Ég veit bara ekkert um þetta mál,“ segir hann.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, yfirmaður þjónustudeildar fatlaðra í Kópavogi, vildi ekki tjá sig um málið og vísaði í félagsmálastjóra. Ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar. **sunna@frettabladid.is**

## ➜ Ríkisstjórnin vildi rannsókn árið 2006



„Erlendar konur, konur með fötlun, konur með alvarlegar geðraskanir og eldri konur eru taldar eiga frekar á hættu að verða þolendur kynbundins ofbeldis en aðrar konur.“ Svo segir í aðgerðaráætlun sem ríkisstjórnin samþykkti í september árið 2006 vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis og gildir til ársins 2011.

**Rannveig Traustadóttir**, prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands, segir fatlað fólk berskjaldaðra en þá sem heilbrigðir eru gagnvart margs konar ofbeldi. Hún segir þau aðgreindu úrræði sem séu til staðar fyrir fatlað fólk vera viss hættusvæði sem ofbeldismenn geti leitað í.

„Þessi umræða hefur ekki farið hátt,“ segir hún. „Þegar starfsmaður beitir ofbeldi er það auðvitað áfall fyrir viðkomandi stofnun. Oft er viðkomandi þá bara látinn fara í rólegheitum, málið er ekki kært og hann fer þá bara að vinna á næstu stofnun fyrir fatlað fólk. Þetta er ferli sem hefur verið skilgreint í alþjóðlegum rannsóknum.“

## ➜ Nauðgaði 17 ára skjólstæðing sínum

Árið 2008 var Sveinbjörn R. Auðunsson sakfelldur fyrir að hafa nauðgað fatlaðri konu í bíl sínum. Í dómsorðinu segir að hann hafi notfært sér ástand konunnar og að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka og líkamlegrar fötlunar. Hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi, en konan sem hann nauðgaði var mikið fötluð og var hann með hana í liðveislu þegar hann braut gegn henni. Hún var þá 17 ára gömul.




# Við erum fertug!

EFLA verkfræðistofa hefur það að markmiði að skapa lausnir sem stuðla að framförum og efla samfélagið. Starfsfólkið býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á öllu milli himins og jarðar enda dýrmætasta auðlindin. Það eru hæfileikar þess sem gera fjölbreytileg verkefni um allan heim að veruleika á degi hverjum.

40 EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

EFLA HF. • HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • WWW.EFLA.IS • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

# Fimmtán karlar og tólf konur

Tuttugu og sjö nýir þingmenn taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn. Það þýðir nær helmings endurnýjun á næsta þingi. Flestir nýliðanna eru úr Framsóknarflokknum, eða tólf, en næstflestir úr Sjálfstæðisflokknum, eða átta.

**María Lilja Þrastardóttir** maria@frettabladid.is

### BJÖRT ÓLAFSDÓTTIR (A)



**Aldur:** 30
**Menntun:** B.A.-próf í sálfræði frá HÍ. M.Sc í mannauðsstjórnun frá Háskólanum í Lundi. Og bráðum vonandi klára ég M.Sc.-próf í heilsuhagfræði í HÍ. Grunar samt að ég verði svolítið upptekin næstu fjögur ár.
**Búseta:** Í 101 Reykjavík en ávallt með annan fótinn í heimahögunum að Torfastöðum í Biskupstungum.

**Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga.**

### BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR (A)



**Aldur:** 44
**Menntun:** Er með B.A.-gráðu í viðskiptatungumálum frá háskólanum í Óðinsvéum, leiðsöguréttindi og lærði innanhússhönnun í Perugia á Ítalíu.
**Búseta:** Bý á Akureyri.

**Ég vona að okkur beri gæfa til að vinna vel saman í þinginu þvert á flokka. Ég er bjartsýn á það takist.**

### ELSA LÁRA ARNARDÓTTIR (B)



**Aldur:** 37
**Menntun:** Ég er grunnskólakennari að mennt og útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands 2005, með B.ed.-próf í grunnskólakennarafræðum.
**Búseta:** Ég bý á Akranesi en ólst upp í Stóra-Lambhaga í Hvalfjarðarsveit, á Akranesi og Höfn í Hornafirði.

**Með jákvæðni og virðingu meðal þingmanna tel ég að Alþingi verði góður staður til að vinna á.**

### HARALDUR EINARSSON (B)



**Aldur:** 25
**Menntun:** Húsasmiður og stúdent frá FSu. Er núna á þriðja ári í umhverfis- og byggingaverkfræði.
**Búseta:** Bóndasonur frá bænum Urriðafossi, en bý í Reykjavík.

**Hef mikið gaman af íþróttum og er í frjálsum. Búinn að æfa í fimm ár og er Íslandsmeistari í 60 metra hlaupi. „Vilji er allt sem þarf.“**

### HELGI HRAFN GUNNARSSON (Þ)



**Aldur:** 33
**Menntun:** Menntun mín er nær alfarið af internetinu en ég var í sex grunnskólum, minnir mig. Annars sjálflærður í öllu sem ég geri.
**Búseta:** Ég ólst upp í Hafnarfirði, Kópavogi og undir Austur-Eyjafjöllum og bý nú í Reykjavík.

**Jafnvel biluð klukka hefur rétt fyrir sér tvisvar á dag.**

### JÓHANNA MARÍA SIGMUNDSDÓTTIR (B)



**Aldur:** 21
**Menntun:** Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri.
**Fyrri störf:** Bóndi og ýmis þjónustustörf.
**Búseta:** Látur, Mjóafirði, Ísafjarðardjúpi.

**Skilaboð til unga fólksins: Við getum látið til okkar taka, aldur er afstæður.**

### JÓN ÞÓR ÓLAFSSON (Þ)



**Aldur:** 36
**Menntun:** Stúdent frá MR. Misseri í heimspeki og hátt í þrjú misseri í viðskiptafræði við HÍ.
**Búseta:** Bergstaðastræti, 101 Reykjavík.

**Ég vil gera orð Ásgeirs Trausta að mínum: „Oft er dýrð í dauðaþögn.“**

### LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR (B)



**Aldur:** 48
**Menntun:** Líffræðingur með kennsluréttindi.
**Búseta:** Fáskrúðsfjörður.

**Ég er spennt og þakklát og auðmjúk. Ég er viss um að þetta verður erfitt og krefjandi en tekst á við þetta með opnum hug.**

### PÁLL VALUR BJÖRNSSON (A)



**Aldur:** 51
**Menntun:** Grunnskólakennari.
**Búseta:** Grindavík.

**Meistarar verða ekki til í leikfimisalnum. Meistarar verða til úr því sem býr dýpst í þeim sjálfum; ástríðu, draumi, hugsjón. Þeir þurfa að hafa bæði leikni og vilja. En viljinn verður að vera sterkari en leiknin.**
***– Muhammad Ali***

### SILJA DÖGG GUNNARSDÓTTIR (B)



**Aldur:** 39
**Menntun:** B.A.-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands.
**Búseta:** Innri-Njarðvík.

**Þjóðin stendur á tímamótum. Í framtíðinni felast ótal möguleikar og tækifærin blasa við. Ég hlakka til að taka sæti á Alþingi og fá að taka þátt í að móta framtíð Íslands.**

### VALGERÐUR GUNNARSDÓTTIR (D)



**Aldur:** 57
**Menntun:** B.A.-próf í íslenskum fræðum, kennslu- og uppeldisfræði, diplóma í stjórnun og ýmis starfstengd námskeið.
**Búseta:** Bý á Laugum.

**Ég er alin upp á landsbyggðinni og vil því auka veg hennar. Hef unnið að menntamálum og vil einnig beita mér þar. Fyrir mér er mikilvægt að hlusta á kröfur fólksins. Ég hlakka til að taka þátt.**

### ÞÓRUNN EGILSDÓTTIR (B)



**Aldur:** 49
**Menntun:** Grunnskólakennari.
**Búseta:** Hauksstaðir í Vopnafirði.

**Ég hef fulla trú á landi og þjóð og veit að við getum haft það gott í þessu landi. Ég er hvorki stressuð né kvíðin fyrir því sem fram undan er.**

## ÞESSI ERU LÍKA NÝ Á ÞINGI



**SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR (B)** fyrrv. borgarfulltrúi.



**FROSTI SIGURJÓNSSON (B)** rekstrarhagfræðingur.



**BRYNJAR NÍELSSON (D)** hæstaréttarlögmaður og formaður Lögfræðingafélagsins.



**ELÍN HIRST (D)** fyrrverandi fréttastjóri.



**ÓTTAR PROPPÉ (A)** borgarfulltrúi og tónlistarmaður.



**KARL GARÐARSSON (B)** fyrrverandi fréttastjóri.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR (D)** borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.



**HARALDUR BENEDIKTSSON (D)** formaður Bændasamtaka Íslands.



**BJARKEY GUNNARSDÓTTIR (V)** varaþingmaður Vinstri grænna.



**WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON (B)** knattspyrnuþjálfari.



**VILHJÁLMUR BJARNASON (D)** framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.

### ÁSMUNDUR FRIÐRIKSSON (D)



**Aldur:** 47
**Menntun:** Gagnfræðingur frá Skógaskóla, nám í markaðsfræðum og hef stundað kúrsa í mannauðsstjórnun.
**Búseta:** Bý í Garði en er frá Vestmannaeyjum.

**Ég er fullur tilhlökkunar að takast á við nýtt starf. Ætla að gera þetta á minn hátt, setja á starfið mitt fingrafar. Þó að ég segi sjálfur, þá er ég afkastamikill morgunhani. Vinnan mín er mitt áhugamál.**

### ÞORSTEINN SÆMUNDSSON (B)



**Aldur:** 59 ára
**Menntun:** Diplómapróf í opinberri stjórnsýslu og diplóma í rekstrar- og viðskiptafræðum.
**Búseta:** Bý á Seltjarnarnesi og hef gert í 15 ár.

**Ég hef nýlega tekið þátt í að gefa út öll tónverk Sigfúsar Halldórssonar á nótum ásamt æviágripi, í félagi við nokkra æskufélaga úr Kópavoginum. Er forfallinn ástríðukokkur og er að leita að útgefanda að uppskriftunum mínum.**

### VILHJÁLMUR ÁRNASON (D)



**Aldur:** 30
**Búseta:** Fæddur og uppalinn í Skagafirði. Flutti árið 2008 til Grindavíkur.
**Menntun:** Hyggst ljúka B.A.-prófi við lagadeild Háskólans í Reykjavík í ár, ökukennararéttindi, útskrifaðist úr Lögregluskóla ríkisins árið 2006 og lauk stúdentsprófi af viðskipta- og hagfræðibraut við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra árið 2004.

**Ég hlakka til að vinna með þjóðinni að því að byggja hér upp enn betra samfélag þar sem landsbyggðin og höfuðborgin munu styðja hvor aðra.**

### PÁLL JÓHANN PÁLSSON (B)



**Aldur:** 55
**Búseta:** Grindavík.
**Menntun:** Vélfræðingur með skipstjórapróf.

**Af 63 þingmönnum er lágmark að sé að minnsta kosti einn sem þekkir sjávarútveginn af eigin raun. Það hefur verið ráðist á menn úr mínum geira úr ýmsum áttum og ég á alveg eins von á óvæginni gagnrýni. Ég verð samt bara ég sjálfur áfram, hef allavega ekki fundið fyrir breytingu.**



# Hámarkaðu afsláttinn




## Afsláttarþrep Orkunnar
## +
## Þín stöð

**Afsláttarþrep Orkunnar** er nýjung á Íslandi þar sem Orkulyklahöfum býðst stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkunni í takt við aukinn fjölda keyptra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkunni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **ÞREP 1** | 0-50L | 3 kr. | + | 2 kr. Þín stöð | = **5 kr. afsl.** |
| **ÞREP 2** | 50-150L | 5 kr. | + | 2 kr. Þín stöð | = **7 kr. afsl.** |
| **ÞREP 3** | 150L+ | 8 kr. | + | 2 kr. Þín stöð | = **10 kr. afsl.** |

Skráðu þig í **Afsláttarþrep Orkunnar** á orkan.is og hámarkaðu afsláttinn þinn.

**Sjá nánar á www.orkan.is**

www.orkan.is/afslattarthrep

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM56163

VINIR VATNAJÖKULS

**Ársfundur Vina Vatnajökuls hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs**

Miðvikudaginn 8. maí, 2013, kl. 16:00 verður haldinn ársfundur Vina Vatnajökuls. Fundurinn verður til húsa í Tjarnarsal, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík. Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Kona sem var grunuð um að tengjast mansalsmáli í skaðabótamál við ríkið:

# Dæmdar 50.000 krónur í bætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær íslenska ríkið til að greiða konu 50 þúsund krónur í miskabætur. Konan hafði réttarstöðu sakbornings við rannsókn máls, en niðurstaðan var sú að hún hefði ekki tengst málinu.

Rannsóknin tengdist mansalsmáli þar sem ung kona var flutt til landsins frá Litháen. Sambýlismaður konunnar var handtekinn ásamt fimm litháískum ríkisborgurum og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var síðar sýknaður af kröfum ákæruvaldsins þar sem sekt hans þótti ekki sönnuð.

Konan var handtekin 20. október 2009. Lögreglan gerði húsleit á heimili hennar vegna gruns um aðild hennar að fyrrgreindu mansalsmáli auk gruns um peningaþvætti, tryggingasvik og hugsanlega önnur brot. Konan taldi húsleitina, símahlustun og fleiri aðgerðir lögreglu ólögmætar og fór í mál við ríkið. Hún krafðist einnar milljónar króna í miskabætur.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að rökstuddur grunur hafi verið um aðild konunnar og að aðgerðir lögreglu hafi verið réttmætar og eðlilegar. Henni voru þó dæmdar 50.000 krónur þar sem rannsókn leiddi í ljós að hún tengdist ekki sakamálinu og „hafi hvorki valdið né stuðlað að þessum aðgerðum lögreglu“. **- hó**

➜ Konan taldi húsleit lögreglu, símhlustun og aðrar aðgerðir ólögmætar og krafðist einnar milljónar króna í miskabætur frá ríkinu.



# 1. MAÍ KAFFI

**Að lokinni kröfugöngu og útifundi á Ingólfstorgi býður FIT félagsmönnum sínum í 1.maí kaffi að Grand hóteli (Setrið) við Sigtún.**

**Félagar fjölmennum í hátíðarhöld dagsins!**

**Sjá nánar á www.fit.is**

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

# Áfellisdómur yfir Janúkóvitsj forseta

Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði í gær að fangelsun Júlíu Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, væri ekki byggð á lagalegum grunni. Kemur sér illa fyrir núverandi forseta sem vonast eftir nánari tengslum við Vesturveldin.

**ÚKRAÍNA, AP** Fangelsun Júlíu Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, átti sér pólitískar rætur og fól í sér brot á réttindum hennar. Þetta úrskurðaði Mannréttindadómstóll Evrópu í gær, en dómarar við réttinn komust einróma að þeirri niðurstöðu að fangelsunin hafi ekki stuðst við lög. Óljóst er hvaða áhrif þessi úrskurður mun hafa á framvindu málsins.

Tímósjenkó, sem var einn af forvígismönnum byltingarinnar í Úkraínu árið 2004, var sakfelld fyrir landráð árið 2011 en hún var sett í varðhald tveimur mánuðum áður fyrir að sýna réttinum vanvirðingu.

Hún var jafnframt helsti andstæðingur Viktors Janúkóvitsj forseta en stjórnarandstæðingar segja þessa aðför að Tímósjenkó vera runna undan rifjum hans til að þagga niður í henni.

Stjórnvöld í Úkraínu þræta fyrir slíkt en hafa þó verið gagnrýnd fyrir meðferðina á Tímósjenkó, meðal annars af Bandaríkjunum og Evrópusambandinu (ESB). Janúkóvitsj bindur miklar vonir við nánara samband við ESB og kemur dómurinn, þótt hann sé ekki bindandi, forsetanum illa á viðkvæmum tímapunkti.

Mannréttindadómstóllinn heyrir undir Evrópuráðið og rauk fastafulltrúi Úkraínu hjá ráðinu út í fússi eftir að úrskurðurinn lá fyrir. Stjórnvöld í Kiev hafa ekki tjáð sig efnislega um niðurstöðuna en segjast ætla að kynna sér hana til hlítar. Janúkóvitsj sjálfur er í fríi og hefur ekki tjáð sig um úrskurðinn. Málsaðilar hafa þrjá mánuði til að áfrýja úrskurðinum.

Stuðningsfólk Tímósjenkó fögnuðu úrskurði dómsins innilega. Málsvarnarteymi hennar hvatti stjórnvöld til að binda enda á fangavist Tímósjenkós. Dóttir hennar, Evgenía, sagði niðurstöðuna vera „fyrstu sólarglætuna“ fyrir móður sína.

„Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að móðir mín sé pólitískur fangi. Nú geta stjórnvöld ekki lengur þrætt fyrir það eða þá staðreynd að henni þarf að sleppa úr haldi á næstu dögum eða vikum.“

Hún sagði að þetta væri fyrsta skrefið í endurkomu móður sinnar. „Brátt verður hún hreinsuð af þessum röngu og fáránlegu ásökunum.“ **thorgils@frettabladid.is**



**SAKAR FORSETANN UM OFSÓKNIR** Júlía Tímósjenkó hefur lengi haldið því fram að málarekstur á hendur henni eigi sér pólitískar rætur. Mannréttindadómstóll Evrópu er á sama máli, sem og stuðningsfólk hennar. NORDICPHOTOS/AFP

## Hæðir og lægðir á litríkum ferli

***Júlía Tímósjenkó*** hefur verið virkur þátttakandi í stjórnmálum í Úkraínu frá því hún settist á þing árið 1997. Hún leiddi appelsínugulu uppreisnina árið 2004 við hlið Viktors Júsjenkó og tók við embætti forsætisráðherra árið 2005, og svo aftur frá 2007 til 2010. Hún bauð sig þá fram til forseta gegn Viktori Janúkóvitsj en tapaði.

Upphafið á málaferlunum gegn Tímósjenkó má rekja aftur til 2010. Hún var síðar dæmd í sjö ára fangelsi fyrir að misbeita valdi sínu í tengslum við samning við Rússland um kaup á jarðgasi. Hún var þó sett í varðhald tveimur mánuðum áður. Hún dvelur nú á sjúkrahúsi, en hefur meðal annars brugðið til mótmælasveltis til að vekja athygli á máli sínu og slæmum aðstæðum í varðhaldi.



NORDICPHOTOS/AFP




Háskóli Íslands býður upp á úrval námskeiða í viðskiptafræði með vinnu.

Kynntu þér námið á **vmv.hi.is**

Umsóknarfrestur er **5. júní**

HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐI MEÐ VINNU

Rektor Menntaskólans í Reykjavík fagnar samstarfi við fyrrverandi forseta:

# Vigdís verndar fornmáladeild

**SKÓLAR** „Þetta er ákveðin arfleifð sem okkur ber að hlúa að,“ segir Linda Rós Michaelsdóttir, settur rektor Menntaskólans í Reykjavík, sem fékk í gær Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, sem verndara fornmáladeildar skólans.

Linda bendir á að fornmáladeild MR sé sú eina í framhaldsskólum landsins. Lagt hafi verið að stjórnendum skólans að leggja hana niður. „Við vorum ákveðin í að halda alltaf úti fornmáladeildinni. Það var aðeins að finna út hvernig við verðum hana. Og þá spurði ég Vigdísi hvort hún vildi ekki verða verndari deildarinnar til að vernda hana og styrkja. Hún var meira en til í það og taldi að þar væri hún að gegna góðu hlutverki,“ segir Linda Rós. **- gar**



**REKTOR OG FORSETI** Linda Rós Michaelsdóttir og Vigdís Finnbogadóttir skrifa undir samning sem gerir Vigdísi að verndara fornmáladeildar MR, hennar gamla skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 1. MAÍ

# ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR LAUNAFÓLKS

**Fjölmennum** í kröfugöngur
og krefjumst **bættra kjara!**

**1. maí kaffi BSRB**
verður að Grettisgötu 89, kl. 15:15
að loknum baráttufundi á Ingólfstorgi.
Félagsmenn velkomnir

## Stöndum saman

- ☐ Kynbundnum launamun útrýmt
- ☐ Launajafnrétti opinberra starfsmanna og almenna vinnumarkaðarins
- ☐ Kaupmáttur
- ☐ Lífsgæði
- ☐ Jöfnuður
- ☐ Velferðarkerfi í reynd
- ☐ Mannsæmandi laun

**2000** Ný lög um jafna stöðu kynjanna
**1984** Verkfall opinberra starfsmanna
**1976** Lög um jafnrétti karla og kvenna
**1967** Fyrsta trúnaðarmannanámskeið BSRB
**1954** Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna
**1945** Launalögin
**1942** BSRB stofnað
**1939** SFR stofnað
**1926** STRV stofnað
**1923** Fyrsta kröfuganga 1. maí
**1921** Vökulögin
**1915** Bann við verkföllum opinberra starfsmanna

1900 1920 1940 1960 1980 2020 2040



ATARNA



**PRÚÐBÚIÐ FÓLK** Fjöldi manns á mótmælafundinum á Lækjartorgi árið 1964.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR




**MISMUNUN** Iðnnemar vekja athygli á misháum framlögum til mennta- og iðnskóla árið 1974.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Úr skýrum kröfum í almenn orð

Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins hefur verið haldinn hátíðlegur hér á landi í 90 ár. Framan af voru kröfur verkafólks skýrar og skilgreindar en á síðari árum hefur dregið úr bitinu og kröfurnar orðnar almennari yfirlýsingar. Margir hafa nýtt sér athygli dagsins.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Íslenskt verkalýðsfólk gekk í fyrsta skipti fylktu liði á 1. maí árið 1923 og sú hefð er því 90 ára. Verkalýðshreyfingin á Vesturlöndum verður til í lok 19. aldar og eflist mjög í byrjun þeirrar 20. og 1. maí hefur verið alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins síðan árið 1890, en dagsetningin var valin til að minnast þess þegar lögregla drap fjölda mótmælenda í Haymarket í Chicago árið 1886.

Uppgangur verkalýðshreyfingarinnar tengist þjóðfélagsbreytingum og 1. maí var ekki síst hugsaður sem dagurinn þegar verkafólk sýndi styrk sinn. Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur, sem ritað hefur um sögu vinstrihreyfingarinnar hér á landi, segir daginn snúast um sjálfsstyrkingu sem og kröfugerð.

„Það að koma saman, sýna sig fýsískt sem hópur, skiptir máli og skapar tilfinningu. Það er öðrum þræði hugmyndin á bak við daginn, að skapa tilfinningu fyrir því að það sé stór og sterkur hópur sem getur staðið saman í kröfugerð á hendur atvinnulífinu og kapítalistum, eins og það var skilgreint í upphafi.“

Ragnheiður segir að frá upphafi hafi dagurinn verið skipulagður á forsendum verkalýðshreyfingarinnar, en þegar leið á öldina hafi það orðið algengara að aðrir hópar nýttu sér athyglina sem dagurinn skapaði til að koma sínum kröfumálum á framfæri.



STEFÁN PÁLSSON

### Rauðsokkur ræskja sig

Fréttablaðið greindi frá því í gær að innan verkalýðshreyfingarinnar væri óánægja með Græna göngu, sem fara á fram samhliða kröfugöngu verkalýðsfélaganna. Þetta er þó fráleitt í fyrsta skipti sem hópar nýta sér kröfugönguna til að koma málstað sínum á framfæri.

Ragnheiður segir það tengt ´68 bylgjunni að aðrir hópar banki upp á, sem ekki séu beinlínis sprottnir úr verkalýðshreyfingunni en líti á daginn sem tækifæri til að koma fram með kröfur um róttækar samfélagsbreytingar.

„Þetta tengist ´68 bylgjunni þannig að þetta eru oft hópar lengst til vinstri. Skýrasta dæmið um þetta hér á landi er þegar rauðsokkur ákveða að taka þátt, sem sérstakur aðgreindur hópur, í 1. maí göngunni árið 1970. Þær gera það með mjög eftirminnilegum hætti, fá lánaða styttu af Venus sem notuð hafði verið í uppsetningu á Lýsisströtu.

Þetta vakti andstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar og var alls ekki vel tekið. Það var beinlínis reynt að stöðva þátttöku rauðsokka í göngunni, en þær héldu sínu striki og fengu mikla athygli. Að mörgu leyti stela þær deginum þarna.“

Stefán Pálsson sagnfræðingur bendir á að kvenréttindamál hafi einnig verið áberandi í göngunni 2003. Femínistafélagið var þá nýstofnað og stefndi fólki í kröfugönguna í bleikum bolum.

„Bleikir bolir og bleikir fánar nálega yfirtóku þá göngu. Sjónvarpsmyndavélarnar voru uppteknar af bleika litnum, sem og mótmælaspjöldum gegn Íraksstríðinu.“

### Pólitískar yfirskriftir

Stefán segir athyglisvert að framan af og langt fram á seinni hluta síðustu aldar hafi yfirskriftir mótmælafundanna, sem haldnir eru í kjölfar ganganna, verið mjög landspólitískar. Oftar en einu sinni sé hermálið gert að einni af lykilkröfum dagsins og ákveðinna leiða í landhelgismálinu krafist.

„Ef farið er í gegnum söguna stenst það ekki mjög vel að þetta hafi alltaf verið sátta- og breiðfylkingaraðgerð, þar sem verkalýðshreyfingin fer í sparifötin,“ segir Stefán.

Hann segir þeirrar tilhneigingar einmitt hafa gætt síðustu árin að 1. maí sé tíminn fyrir verkalýðsfélögin til að taka fram flottu fánana og fara í sögulega upprifjun. Þannig hafi það síður en svo alltaf verið.

Til að mynda hafi gangan iðulega borið merki kosninga, þegar hún fer fram á kosningaárum. Það eigi frekar við þegar kosningar hafa verið í kjölfar 1. maí, en líka þegar þær voru rétt fyrir hann.

„Árið 1991 var Viðeyjarstjórnin nýmynduð og þeir sem voru óánægðir með hana höfðu sig mikið í frammi. Þegar kosningarnar eru eftir 1. maí hefur ekki verið þverfótað fyrir boðum í kaffi á vegum framboðanna.“

### Pönkarabitið horfið

Nokkuð hefur verið rætt um það á undanförnum árum að 1. maí hafi misst gildi sitt sem baráttudagur. Árið 1983 var umgjörð hans breytt og gengið var frá höfuðsstöðvum ASÍ, sem þá voru við Grensásveg, að Laugardalshöllinni. Þar voru verkalýðsfélögin með bása og kynntu stefnu sína. Þetta var ekki endurtekið.

Stefán segir hugmyndina um að 1. maí sé í kreppu mun eldri en í fyrstu geti virst. Á áttunda áratugnum hafi verið haldinn sérstakur fundur til hliðar við fund fulltrúaráða verkalýðshreyfinganna, sem oft hafi slagað í hinn opinbera að fjölmenni.

„Mörgum fannst að verkalýðshreyfingin væri orðin deig. Þegar sú tilfinning er orðin rík hjá mörgum að stór hluti verkalýðshreyfingarinnar sé kominn úr takti við umbjóðendur sína fá minni hópar meira vægi. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt, en má segja að hafi aukist með tímanum.

Nú mega menn hafa sig alla við til að pína fulltrúaráðið til að mæta og ganga undir sínum gunnfána og það tekst nú ekki alltaf.“

Stefán segir þetta kannski skýrast af því að verkalýðshreyfingin hafi á síðustu árum viljað vera samráðsbatterí í anda þjóðarsáttasamninga. Ekki verði bæði sleppt og haldið.

„Ef þú ætlar að vera í samræðupólitík, þar sem allir hagsmunaaðilar koma saman og finna málamiðlanir, þá hefurðu ekki pönkarabitið á sama tíma.“



**UPPHAFIÐ** „Friðurinn ríki, hervaldsstjórnin víki“ „Enga ríkislögreglu“ „Enga næturvinnu, nóga dagvinnu“ „Fátækt er enginn glæpur“. Þessar eru á meðal krafna í annarri göngunni sem haldin var árið 1924. Þá er að finna spjald með kröfunni „Fullkomnar slysa- og sjúkratryggingar“, sem var lengi krafa verkalýðshreyfingarinnar sem varð að veruleika í almannatryggingakerfinu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

### ➜ Ekki skilgreindur þjóðfélagshópur

Ragnheiður Kristjánsdóttir segir breytt eðli 1. maí kannski mega skýra með breyttri stöðu verkafólks. „Verkafólk er ekki lengur skilgreindur þjóðfélagshópur, eða pólitískur hópur. Það var mjög greinilegt í kosningabaráttunni núna. Orðið verkafólk hefur örugglega hvergi komið fyrir og orðið launafólk mjög sjaldan. Viðfangsefnið núna er frekar eitthvað sem heitir heimilin í landinu, sem er mjög loðið hugtak.“



RAGNHEIÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR


## Útifundur á Ingólfstorgi

**Félagsmenn fjölmennum** og tökum þátt í **kröfugöngu** og útifundi **1. maí**. Safnast verður saman á **Hlemmi** kl. 13:00




Boðið verður upp á kaffi að útifundi loknum í **Gullhömrum** Grafarholti, frá kl. 15:15 - 17:00


## Beðist afsökunar á Tópasi

Það eru ekki bara hagsmunaaðilar sem nýta sér mannsöfnuðinn á 1. maí. Í göngunni árið 2007 réð Nói-Síríus ungmenni til að taka þátt í kröfugöngunni með auglýsingar um Tópas á kröfuspjöldum. Hópurinn hrópaði einnig upp slagorð, sem voru auglýsingar fyrir sælgætið. Uppátækið vakti litla hrifningu hjá verkalýðshreyfingunni og fór svo að markaðsstjóri hjá Nóa-Síríusi baðst afsökunar á því.

Stefán Pálsson segir það kannski til marks um breytt vægi dagsins að einhverri auglýsingastofunni skyldi hafa dottið í hug að nýta hann á þennan hátt. Markaðsmaður sem stungið hefði upp á því tuttugu árum fyrr hefði ekki orðið langlífur í starfi.

„Það rammar samt kannski ekkert betur góðærið inn, þegar Íslendingar voru orðnir svo ríkir og komnir úr öllum takti við söguna og sjálfa sig. Aumingja börnin máttu þakka fyrir að vera ekki lamin af reiðum, gömlum verkalýðsforkólfum og eflaust er hægt að finna einhverja þeirra sem enn þann dag í dag láta Tópas aldrei inn fyrir sínar varir.“



**AUGLÝSINGAR** Nói-Síríus tróð Tópasi inn í kröfugönguna árið 2007 og þurfti að biðjast afsökunar í kjölfarið.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

# Kaupmáttur – atvinna – velferð



Kröfuganga 1. maí 1974

# 1. maí í Reykjavík

## BARÁTTUDAGUR LAUNAFÓLKS Í 90 ÁR

**SAFNAST VERÐUR SAMAN Á HLEMMI KL. 13 OG LAGT AF STAÐ NIÐUR LAUGAVEG KL. 13:30**





## Dagskrá:

Lúðrasveit verkalýðsins og
Lúðrasveitin Svanur leika
Götuleikhús
Íslenski fáninn fyrir börnin
Örræður á gönguleiðinni
Útifundur á Ingólfstorgi frá kl. 14:10 til 15:00
Ræðumenn:
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður VR og
Snorri Magnússon formaður
Landssambands lögreglumanna

**Tónlist:**
Kvennakór Reykjavíkur,
Barnakór Kársness,
Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli með kórum.
Jónas Sig. með blásurum.
Fundarstjóri: Þórarinn Eyfjörð.
Dagskráin verður túlkuð á táknmáli.





ASÍ

BSRB

**Minnum á 1. maí kaffi verkalýðsfélaganna**

Aðeins í dag

# OPIÐ Í DAG 1. MAÍ FRÁ KL. $10^{00}$ TIL $22^{00}$

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | BORÐSTOFUSTÓLAR | ELDHÚS




HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

BORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA








**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

**0% VEXTIR** - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

Ábyrgðin liggur hjá okkur hinum fullorðnu:

# Brottfall barna

Í Fréttablaðinu í gær sögðum við frá því að hundruð nemenda hrekjast úr námi á ári hverju vegna andlegra veikinda. Á Íslandi er brottfall úr framhaldsskólum með því hæsta í Evrópu samkvæmt Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD). Þriðjungur þeirra ungmenna sem hefja nám í menntaskólum landsins lýkur því ekki.

Peningaleysi og andleg veikindi eru samkvæmt rannsóknum helstu ástæður fyrir því að ungt fólk hættir í námi. Flestir krakkanna falla á mætingu og eru niðurstöður rannsókna áfellisdómur yfir því hvernig við hlúum að framhaldsskólanemendum á Íslandi. Við eigum að gera miklu betur.



**Mikael Torfason**
mikael@frettabladid.is

Á ári hverju byrjar á fimmta þúsund nýnema í framhaldsskólum. Ef brottfallið er þriðjungur má gera ráð fyrir að um fimmtán hundruð af þessum tæpu fimm þúsund ljúki ekki námi. Það er gríðarlega stór hópur og brottfallið raunverulegt fyrir mörgum fjölskyldum.

Krakkar í framhaldsskóla eru á viðkvæmum mótunaraldri. Það er mikil hætta á að þeir krakkar sem detta út úr framhaldsskólum upplifi sig sem annars flokks. Við búum nú þegar í samfélagi sem á auðvelt með að jaðarsetja fólk. Þannig á ungmenni sem dettur út úr skóla vegna andlegra veikinda hugsanlega eftir að eiga erfitt uppdráttar. Hér á landi hefur öryrkjum með geðsjúkdóma fjölgað mjög og þeir eiga oft ekki afturkvæmt út í þjóðfélagið.

Ólafur H. Sigurjónsson, aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að þróunin væri mikið áhyggjuefni. Fyrir hrun hefði verið auðveldara fyrir þessa krakka sem duttu úr skóla að fá vinnu en nú biði ungmennanna atvinnuleysi. Á fyrsta fjórðungi þessa árs var atvinnuleysi ungmenna á aldrinum sextán til tuttugu og fjögurra ára um ellefu prósent en það er helmingi hærra hlutfall en hjá þeim sem eldri eru.

Íslenskt samfélag hefur breyst mikið síðustu áratugi. Það er ekki langt síðan það þótti ekkert tiltökumál þótt nemandi hætti í skóla og færi að vinna. Nú er öldin önnur og samfélagið okkar orðið miklu flóknara. Vandamálin sem ungmennin horfa fram á eru allt önnur en fyrri kynslóða.

Samkvæmt rannsóknum skiptir fjölskylda og nærumhverfið oft mestu um hvort ungmenni stendur sig í skóla. Ábyrgðin á andlegri líðan barnanna okkar liggur hjá hinum fullorðnu. Ef hundruð framhaldsskólanema eru að hætta í námi á ári hverju vegna andlegra veikinda er eitthvað meira en lítið að hjá okkur fullorðna fólkinu. Við erum einfaldlega ekki að hugsa nógu vel um börnin okkar. Vissulega eru andleg veikindi engum að kenna en þessir krakkar eru ekki allir að berjast við alvarlega geðsjúkdóma. Mörgum þeirra líður bara ekki vel og þeir fá ekki þann stuðning sem þeir þurfa, hvorki heima né í skólanum. Tölurnar sýna að við þurfum að gera miklu betur. Sextán ára barn er í dag miklu meira barn en sextán ára ungmenni var fyrir þrjátíu árum.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ég biðst afsökunar

Brynjar Níelsson liggur sjaldan á skoðunum sínum. Það gæti þó breyst úr þessu, ef eitthvað er að marka afsökunarbeiðni sem hann sendi frá sér í gær. Þar biðst hann afsökunar á ummælum sem hann hafði látið falla um náttúruvernd og náttúruverndarsinna í þættinum Harmageddon á X-inu. Á meðal þess sem Brynjar sagði í þættinum var eftirfarandi: „Þetta eru náttúruspjöll í þeim skilningi. Og að gera svona mikið mál út af þessu Lagarfljóti, út af einhverjum nokkrum fiskum. Þessi náttúruumræða finnst mér komin út í tóma vitleysu.“ Þessi ummæli eru vissulega sláandi, en í sjálfu sér brá fólki ekki endilega við þau, annað eins hefur heyrst úr munni Brynjars. En nú gæti, eins og áður segir, orðið breyting á, ef Brynjar ætlar að fara að gæta tungu sinnar.



### En held áfram í leiðinni

Eða hvað? Afsökunarbeiðni Brynjars er í 48 orðum, fyrir utan fyrirsögn. Þetta eru 13 þeirra: „Ég þarf að passa mig svo ég verði ekki nýr Björn Valur stjórnmálanna.“ Brynjar eyddi s.s. þriðjungi afsökunarbeiðni sinnar í að halda áfram að ata aðra auri. Sérkennileg afsökunarbeiðni það.



### Fullróttækar aðgerðir

Dofri Hermannsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík, er ekki að skafa utan af því. Hann gagnrýnir, líkt og margir í Samfylkingunni, niðurstöðu kosninganna. Íslandsmet í fylgistapi ætti líka að kalla á naflaskoðun. Dofri vill naflaskoðun til áramóta og að þá verði ný forysta kosin, en bætir svo um betur: „Kannski væri jafnvel betri hugmynd að leggja flokkinn niður í núverandi mynd,“ segir hann í pistli á Eyjunni. Þetta er sérkennileg niðurstaða. Tæp þrettán prósent kjósenda kusu Samfylkinguna eins og hún er núna. Er það ekki fullmikil bókstafstrú að flokkurinn eigi að vera stór að svíkja þá kjósendur og leggja hann niður?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

1. maí-hátíð
Samfylkingarinnar í Reykjavík í Iðnó
Kæra samfylkingarfólk
Verið velkomin á 1.maí-kaffi og kleinur í Iðnó við Tjörnina í dag.
Húsið opnar kl. 14:00. Langholtsdætur syngja
Ræður flytja:
Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar,
Hrafnhildur Ragnarsdóttir
formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar
Reynir Sigurbjörnsson
rafvirki
*Félagar! Fjölmennum í gönguna og á baráttufund verkalýðsfélaganna. Hittumst svo í Iðnó eftir göngu, tökum með okkur gesti og eigum notalega stund saman.*
Samfylkingin í Reykjavík



# Að kunna að tapa

STJÓRNMÁL



**Margrét S. Björnsdóttir**
félagi í Samfylkingunni – Jafnaðarmannaflokki Íslands

Samfylkingin beið fyrirséð afhroð í þingkosningunum. Það er list að sigra, en meiri að kunna að taka ósigri. Algeng, en ekki uppbyggileg viðbrögð, eru að benda á aðra, ekki horfa í eigin barm. Ýmsir félagar Samfylkingarinnar hafa beint sjónum að formanni flokksins sem tók við fyrir aðeins tólf vikum, þegar flokkurinn var með 12% fylgi í skoðanakönnunum. Skýringin er því miður ekki svona einföld, þá þyrfti ekki annað en að skipta um karlinn í brúnni og málið dautt!

### Verðum að hafa jarðsamband

Nær er að horfa á flokkinn í heild, málflutning hans, stefnu og verk. Var forgangsröðin rétt? Vanmátum við ekki erfiðleika fjölskyldna, þrátt fyrir fjölda ráðstafana ríkisstjórnarinnar? Ekki einungis hafa lán hækkað, heldur bættist við að tekjumöguleikar minnkuðu, skattar og gjöld jukust. Enn eru 10.000 manns á atvinnuleysisskrá og mikill fjöldi í alvarlegum vanskilum. Jafnaðarmannaflokkur verður að hafa jarðsamband í gegnum félagsmenn sína og með samskiptum við samtök launafólks og hagsmunasamtök þeirra sem minna mega sín. Fólk hafði ekki lengur trú á Samfylkingu sem gæslumanni sinna hagsmuna, tók hæsta gylliboðinu, þótt fæstir skildu útfærslu þess.

**➜ Við skulum horfa einarðlega í eigin barm og gera betur í stað þess að benda á aðra.**

Ríkisstjórnin færðist líklega of mikið í fang. Síðasti vetur fram á lokadag þingsins einkenndist af átökum um stór og flókin mál sem ekki náðust nema að litlu leyti í gegn. Við getum ekki kennt nýjum formanni um það. Við áttum að viðurkenna snemma sl. vetur að stjórnarskrármálið sem heild var ekki tilbúið og semja um hluta þess. Ríkisstjórnin, sem náði afburða árangri á mörgum sviðum, virkaði vanmáttug síðustu mánuðina og fyrri árangur drukknaði í rifrildi inni á Alþingi.

Ég var formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar sl. fjögur ár. Þó framkvæmdastjórn beri ekki ábyrgð á daglegri pólitík, þá ber hún ábyrgð á stefnumótun flokksins og tengslum almennra flokksmanna við framkvæmdina. Framkvæmdastjórnin hefði þurft að bregðast við viðvörunum í sveitarstjórnarkosningunum og skoðanakönnunum, sem sýndu stöðugt minnkandi fylgi.

Það gerðum við ekki. Nú er tækifæri til að læra af því, sem sagt er það eina sem fólk læri af, þ.e. eigin reynslu. Horfa einarðlega í eigin barm og gera betur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# 1. maí – framtíðarsýn Bandalags háskólamanna

KJARABARÁTTA


**Guðlaug Kristjánsdóttir**
formaður BHM

Íslenskur vinnumarkaður er auðlindadrifinn, framleiðni lág og vinnutími langur. Þannig má í stuttu máli draga saman niðurstöður greiningar McKinsey-ráðgjafahópsins, sem gaf frá sér skýrslu um hagsæld og vaxtarmöguleika Íslands síðastliðið haust. Sóknarfæri felast öðru fremur í eflingu hins alþjóðlega hluta vinnumarkaðarins, sem ekki er háður landfræðilegum auðlindum. Það kallar á hærra menntunarstig og markvissara samspil menntunar og atvinnulífs.

Framleiðnivandinn er ekki hvað síst í verslun og þjónustu, þar er hagnaður af unnum tímum hvað minnstur. Uppbygging á vinnumarkaði verður að horfa til þess að störf færist frá þessum geira frekar en að bætast þar við. Í alþjóðlegum samanburði á Ísland langt í land hvað varðar áætlanagerð og stefnumótun til langs tíma. Vertíðarhugsun á vissulega sinn sess í sögu okkar hvað varðar lífsafkomu í harðbýlu landi, en hraðar breytingar á undanförnum áratugum ættu þó að leiða okkur inn á nýjar brautir. Að vinna mikið og vinna hratt er ekki lengur eina forsendan fyrir því að komast af og alls ekki vænlegt til árangurs þegar samkeppni við nágrannalöndin er annars vegar.

### Framþróun á vinnumarkaði

Það er mat Bandalags háskólamanna (BHM) að áherslubreyting þurfi að verða í stefnumótun á íslenskum vinnumarkaði. Háskólamenntuðu vinnuafli fer ört fjölgandi og því er brýnt að tillit sé tekið til þess við áætlanagerð í kjaramálum á öllum sviðum. Markviss fjölgun starfa á íslenskum vinnumarkaði má alls ekki horfa fram hjá þessum hópi, enda myndi slíkt bitna á öllum, ekki síst ófaglærðum. Það mun ekki ganga til lengdar að treysta á að vinnumarkaður háskólamenntaðra verði til af sjálfu sér, eins og hingað til hefur verið gert.

Uppbyggingu starfa fyrir háskólamenntaða, hvort sem hún er undir merkjum nýsköpunar, sprotastarfs eða skapandi greina, ber síst að skoða sem atlögu að hefðbundnum starfsgreinum. Þvert á móti er það mikill styrkur þegar saman fer rótgróin starfsemi og ný færni.

### Kjör og réttindi

Sögulega séð hefur stærsti viðsemjandi aðildarfélaga BHM verið hið opinbera. Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun félagsmanna á almennum vinnumarkaði, auk þess sem störf hjá hinu opinbera færast frá því að teljast ófaglærð í að krefjast fagþekkingar. Þessar breytingar kalla á nýja nálgun við samningagerð, enda verður samkomulag um laun háskólamenntaðra, hvort sem er á almennum eða opinberum vinnumarkaði, að endurspegla að söluvaran er sérfræðiþekking. Kjarasamningar sem byggja á hugmyndafræði uppmælingar eru illa næmir á verðmæti þekkingar.

**➜ Uppbygging á vinnumarkaði verður að horfa til þess að störf færist frá þessum geira frekar en að bætast þar við.**

Þennan tiltekna upphafsdag maímánaðar hlýtur forysta launafólks að vera meðvituð um framkomnar hugmyndir um nýja þjóðarsátt. Ef víxlverkanir launahækkana og gengisfellinga eru að bresta á verður sú samræða óhjákvæmileg.

Og þennan maídag, nú sem fyrr, svífur landlægur launamunur kynja yfir vötnum og virðist ekki ætla að hypja sig í bráð. Mun þjóðarsátt um kjör fela í sér samkomulag um stöðnun eða afturför í jafnréttismálum? Og mun ný þjóðarsátt, eins og sú fyrri og nýlegur stöðugleikasáttmáli frá 2009, verða á kostnað háskólamenntaðs millitekjufólks? Getur einhver sætt sig við það?

Forsenda fyrir bættum réttindum á vinnumarkaði er blómlegt atvinnulíf sem horfir til framtíðar. Hagsæld á vinnumarkaði byggir á sterku menntastigi og góðri nýtingu þekkingar á öllum sviðum.

Íslenskur vinnumarkaður verður að nýta vaxtarmöguleikana sem fylgja hækkuðu menntastigi og framsækinni þróun starfa sem ekki byggja á nýtingu náttúrugæða. Ef það mistekst mun umræða framtíðarinnar um velferð á vinnumarkaði einkennast af stöðnun.

Horfum því fram á veginn, mótum trúverðuga framtíðarsýn og nýjar áherslur á grunni sterkara samspils menntunar og vinnumarkaðar.

# „Hin breiða skírskotun“

STJÓRNMÁL


**Ingvar Gíslason**
fyrrverandi alþingismaður Framsóknarflokksins

Ekki þarf neinn að undra þótt maður í minni stöðu með langa ævi að baki hafi fylgst af áhuga og spenningi með kosningadagskrá sjónvarpsins aðfaranótt sunnudags.

Spenningurinn var reyndar slævður af því að sýnilega mátti ráða af líkum að ríkisstjórnin væri á fallanda fæti, hún átti sér ekki viðreisnar von. Stjórnarflokkarnir voru sundraðir innbyrðis og í milliflokkasamkomulagi. Þess vegna voru endalok ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur ekki öðrum að kenna en þeim sem að henni stóðu. Slíkt ástand er ekki líklegt til kosningasigra.

Það er því síst að undra að stjórnarandstöðuflokkar áttu góða von um að fylla það gap sem ríkisstjórnin og fylgislið hennar skildi eftir.

### Úrslitin skýr

Nú er runnin upp sú stund að mynda verður nýja ríkisstjórn. Úrslit kosninganna eru skýr. Hryggjarstykkið í fráfarandi ríkisstjórn, Samfylkingin, er svo brákað og illa á sig komið að dæmalaust er. Jafnvel þeir sem síst hafa kunnað að meta flokk þennan fylltust samúð þegar þeir sátu undir sárri buslubæn nýkjörins formanns, Árna Páls Árnasonar. Þessi flokkur er ekki stjórntækur að svo komnu og þarf langrar hvíldar við sér til heilsubótar.

**➜ Þjóðin þarf á öðru að halda en því sem oft er kallað „sterk stjórn“ fyrir það eitt að vera meirihlutastjórn, formlega sterk upp á atkvæðagreiðslur í þinginu.**

Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir það að tveir helstu stjórnarandstöðuflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hafi unnið mikinn sigur (Framsóknarflokkur raunverulegan sigur, Sjálfstæðisflokkur varnarsigur), þá er það ekki fyrir fram gefið að þeir myndi stjórn þegjandi og hljóðalaust strax á morgun. Þjóðin þarf á öðru að halda en því sem oft er kallað „sterk stjórn“ fyrir það eitt að vera meirihlutastjórn, formlega sterk upp á atkvæðagreiðslur í þinginu. Slíkt getur alið upp þá hugsun að deila og drottna í skjóli atkvæðavalds (dæmin eru nærtæk frá ferli fráfarandi stjórnar).

### Katrínu mæltist vel

Katrínu Jakobsdóttur mæltist vel þegar hún sagði á kosninganóttina: „Næsta stjórn þarf að hafa breiða skírskotun.“ Sigurvegarar kosninganna mættu hugleiða þessi orð. Það mundi hvorki saka æru þeirra né áhrifavald.

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 63991 04/13





Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa aðgang að heilsugæslu á vinnustaðnum.



## Sendum öllu launafólki hátíðarkveðju á 1. maí

Margar vinnandi hendur koma að starfsemi og framleiðslu Alcoa Fjarðaáls, sem er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins. Í störfum okkar göngum við út frá virðingu fyrir einstaklingnum og jöfnum tækifærum til starfsframa. Hvar sem Alcoa starfar í heiminum er leitast við að setja velferð starfsmanna í fyrsta sæti.

Okkar dýrmætasta auðlind býr í afli hugar og handa og við hjá Alcoa Fjarðaáli erum stolt af því að fá að virkja mannvitið til hagsbóta fyrir starfsmenn, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt.

Fyrir samfélagið og komandi kynslóðir

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál
ALCOA

# Að byggja eða ekki byggja nýjan Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL



**Guðlaug Einarsdóttir**
ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur

Í aðdraganda kosninga snerist umræða um heilbrigðismál að mestu um afstöðu framboða til byggingar nýs Landspítala. Að byggja eða ekki byggja. Flest framboðin eru fylgjandi þeirri stefnu sem alið hefur verið á síðustu ár, að þjóðin þurfi nýjan Landspítala. Slagorð tilvonandi framkvæmdar eru fyrir nokkru orðin mantra þjóðarinnar: Úreltur tækjakostur og Landspítalinn er starfræktur á 17 stöðum, þar af leiðandi þarf þjóðin nýjan Landspítala af þegar skilgreindri stærðargráðu. Heilbrigðisþjónustan þarf á innspýtingu að halda. Það geta allir verið sammála um, hvaða flokk sem þeir styðja. Hins vegar hafa aðrir valmöguleikar við nýjan Landspítala ekki verið settir fram og engu líkara en laga eigi heilbrigðisþjónustu þjóðarinnar í eitt skipti fyrir öll með þeirri stöku framkvæmd.

Heilbrigðisstarfsmenn eru því í erfiðri stöðu þegar þeim er boðin þessi stóra framkvæmd eftir áratugalangt svelti. Það segir því enginn „nei takk“ því það eru engir aðrir valmöguleikar settir fram.

### Er bygging þarfasta framkvæmdin?

En er bygging nýs Landspítala þarfasta framkvæmdin í eflingu heilbrigðisþjónustunnar? Tækjakostur íslenskrar heilbrigðisþjónustu er síst minni en annarra OECD-landa og sömuleiðis er notkun þessara tækja meiri en þekkist meðal viðmiðunarþjóða okkar innan OECD. Starfsstöðvafjöldi Landspítalans er einnig hluti af möntrunni um nauðsyn byggingar nýs spítala. Í því samhengi væri fróðlegt að bera það saman við aðrar stofnanir eins og t.d. Háskóla Íslands – hvað ætli hann sé rekinn á mörgum stöðum? Það þarf ekki endilega að vera slæmt.

Ein rökin sem nefnd hafa verið fyrir byggingu nýs Landspítala er að eftirstríðskynslóðirnar stóru, sem sprengdu grunn-, framhalds- og háskólana á sínum tíma, þurfi nú stærri spítala þar sem þær þurfi nú á vaxandi heilbrigðisþjónustu að halda. Aldrað fólk þarf

**→ Þjóðin þarf á öðru að halda en því sem oft er kallað „sterk stjórn“ fyrir það eitt að vera meirihlutastjórn…**

ekki lækningu á spítala, þó þörf þess fyrir heilbrigðisþjónustu aukist. Aldraðir þurfa fyrst og fremst grunnheilbrigðisþjónustu sem undirbúa þarf með eflingu heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar, sem og fjölgun hjúkrunarrýma.

### Ofuráhersla á byggingu

Gildandi lög um heilbrigðismál og heilbrigðisáætlun velferðarráðuneytisins sem mótar framtíðarsýn og setur markmið í heilbrigðismálum fram til ársins 2020, undirstrika að tryggja eigi grunnheilbrigðisþjónustu, sem hérlendis er byggð upp af heilsugæslustöðvum. Ofuráhersla á byggingu nýs spítala til að koma heilbrigðisþjónustu þjóðarinnar til bjargar hefur réttilega verið kallað stefnurek (e. policy drift) heilbrigðisþjónustunnar, þar sem lagasetning og heilbrigðisáætlun taka mið af tryggingu grunnheilbrigðisþjónustu en framkvæmdaþátturinn stangast hins vegar á við það og miðast fyrst og fremst að því að styrkja sérhæfða heilbrigðisþjónustu með byggingu nýs Landspítala.

Í fullkomnum heimi gætum við gert hvort tveggja, ráðist í stórar framkvæmdir til að styrkja bæði sérhæfða heilbrigðisþjónustu og grunnheilbrigðisþjónustu, því þörfin er vissulega fyrir hendi á báðum stöðum. En það er því miður ekki veruleiki okkar, síst af öllu í hægu bataferli eftir efnahagslegt hrun. Hætt er við því að ekki verði meira til skiptanna fyrir eflingu heilbrigðisþjónustu í fjárlögum næstu ára, ef af þessari dýru framkvæmd verður. Sú framtíðarsýn er uggvænleg fyrir grunnheilbrigðisþjónustu sem þegar þarf sárlega á styrkingu að halda.

Því hljótum við að verða að spyrja okkur, er bygging nýs Landspítala þarfasta framkvæmdin í eflingu heilbrigðisþjónustunnar?




# Kæri Jón, friðum Úlfarsfellið!

NÁTTÚRUVERND



**Þórdís Hauksdóttir**
framhaldsskólakennari

Af því tilefni að friðun dýrmætra útivistarsvæða borgarbúa er til umfjöllunar skorar undirrituð, íbúi í Reykjavík, á þig, kæri borgarstjóri, að snúa leiftursnöggt við markvissum lögbrotum á hinni einstöku útivistarperlu Úlfarsfelli. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum á toppi fellsins fyrir rúmu hálfu ári með þeim rökum að engin lagastoð hefði verið fyrir leyfinu. Úlfarsfell er skilgreint óbyggt svæði til útivistariðkunar og ólöglegt að byggja þar nema í mesta lagi göngustíga að gefnum ströngum skilyrðum samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Þrátt fyrir það sýnir starfsfólk Reykjavíkurborgar engin merki þess að gera Vodafone að fjarlægja hin ólöglegu mannvirki, þvert á móti. Í því ljósi er undarlegt að ræða friðun mikilvægra útivistarsvæða borgarinnar eins og Öskjuhlíðar og Elliðaárdals á meðan staðið er að því að fórna stórfenglegri náttúruperlu innan borgarmarka í þágu hagsmuna stórfyrirtækis. Við hljótum að gera þá kröfu að starfsmenn borgarinnar, launþegar hjá mér og þér, vinni starf sitt af heilindum og heiðarleika og fari að landslögum án undantekninga.

Byggingarfulltrúi, borgarfulltrúar og skipulagsstjóri hafa um mánaða skeið komið fram við íbúa og félagasamtök sem láta sig framtíð Úlfarsfells varða á þann hátt að þeim sé það í sjálfsvald sett að hlíta opinberum úrskurðum og ályktunum; barið höfði við stein andspænis þeirri staðreynd að engin lög heimiluðu afhendingu umrædds byggingarleyfis til aðila sem fóru fram með gríðarlegu jarð- og náttúruraski á kórónu einhverrar vinsælustu útivistarperlu höfuðborgarsvæðisins. Almennum borgurum var hvergi gefinn kostur á lýðræðislegri aðkomu vegna leyfisveitingarinnar, eins og lög gera ráð fyrir, sem er alvarlegt umhugsunarefni og ástæða til að spyrja hvers vegna meðvitað og markvisst var sneitt hjá lögbundnu ferli.

### Framganga Vodafone

Starfsmenn Vodafone sem fóru fyrir framkvæmdum á Úlfarsfelli voru ekki til viðræðu við fólk um þær varanlegu eyðileggingar á hlíðum og tindi fellsins sem fyrirtækið stóð fyrir með fjölda stórvirkra vinnuvéla, eða þá staðreynd að fegursti tindur fellsins yrði vegna ójónaðrar geislunar girtur af og ekki ætlaður fólki í framtíðinni. Í stað þess að sýna umhyggju fólks fyrir umhverfi sínu skilning og virðingu var talað í niðurlægjandi tóni til almennra borgara og yfirverkstjóri sýndi af sér slíkan hroka að milljóna auglýsingar fyrirtækisins nú í öllum fjölmiðlum og strætóskýlum um góð samskipti, virðingu og þolinmæði hljóma eins og loftsteinadrífa. Þolinmæði var ekki til að dreifa þegar starfsmenn hlógu að þeim sem bentu á að skynsamlegra væri að fyrirtækið hinkraði með óafturkræft jarðrask á útivistarperlu meðan kæra væri í ferli varðandi lögmæti þess.

### Efstihnúkur á heimsmælikvarða

Efstihnúkur sem nú hefur verið höggvinn sundur er útsýnispallur á heimsmælikvarða og líklega fá dæmi um annað eins víðsýni í höfuðborg. Af hnúknum ber m.a. fyrir augu: Snæfellsjökul, Snæfellsnes, Akranes, Akrafjall, Botnsúlur, Esju, Ármannsfell, Kistufell, Skálafell, Hrafnabjörg, Kálfstinda, Dyrfjöll, Hengil, Hengilssvæði, Húsmúla, Skarðsmýrarfjall, Bláfjöll, Keili, Suðurnes, Reykjavík, sund, eyjar, Geldinganes, Mosfellsdal, Reykjadal, Úlfarsárdal, Hafrafell, Hafravatn, Reynisvatn, Hólmsheiði…

Orð Guðbjargar Thoroddsen um ætlun Gríms Norðdal, fyrrverandi eiganda jarðarinnar Úlfarsfells og Efstahnúks, lýsa vel hug og hugsjónum þeirra sem best til þekkja: „Grímur var hugsjónamaður sem unni mannfólkinu fyrst og fremst. Hann gaf Reykjalundi í Mosfellsbæ Efstahnúk fyrir mörgum árum og sagði hann mér ánægður frá því að hann hefði látið það fylgja gjöfinni að gerður yrði akfær vegur upp á Efstahnúk til að fatlaðir kæmust þangað upp til að sjá það einstaka og stórkostlega útsýni sem þaðan er. […] Nú eftir að Reykjavík kaupir þetta svæði er engin virðing og lítið um hugsjónir fyrir utan þá einu sem er „hver á auðinn og völdin“ og það skal ráða för. Væri nú ekki skárra að gera þarna eitthvað fallegt í anda Gríms sáluga og láta mastur […] eitthvert annað þar sem ekki er náttúruperla?“

**→ Úlfarsfell er óumdeilanlega í sérflokki vegna víðsýnisins en á sama tíma lífræn heild þar sem einstakar fulglategundir eiga aðsetur, þar á meðal sjaldgæfar uglur.**

Úlfarsfell er óumdeilanlega í sérflokki vegna víðsýnisins en á sama tíma lífræn heild þar sem einstakar fuglategundir eiga aðsetur, þar á meðal sjaldgæfar uglur. Engan þarf því að undra þann fjölda fólks sem fjallið laðar að dag hvern.

### Borgin leiðrétti lögbrot

Brotalöm í stjórnsýslu borgarinnar sem opinberast með þeim hætti að embættismenn og borgarfulltrúar hampa stórfyrirtæki á kostnað réttlætis og lýðræðis og reyna að fengnum dómi að sveigja reglugerðir að röngum ákvörðunum eftir á tilheyrir ekki heiðarlegri og skemmtilegri stjórnsýslu af því tagi sem þú stendur fyrir og vilt skapa, kæri borgarstjóri. Lögbrot eru ekki valkvæð í opinberum störfum heldur kalla á leiðréttingu.

# Samstaða um afnám gjaldeyrishafta

GJALDEYRISHÖFT



**Huginn Freyri Þorsteinsson**
situr í nefnd um afnám gjaldeyrishafta

Á Íslandi hefur náðst markverður árangur í að vinna úr því efnahagshruni sem varð árið 2008. Helstu hagvísar eru til sannindamerkis um þessa breytingu. Vextir eru 6%, verðbólga um 3%, hagvöxtur nálægt 2%, ríkissjóður nær hallalaus, gengi krónunnar hefur styrkst og ríkið getur fjármagnað sig á erlendum mörkuðum. En þó að þjóðin sé komin langan veg frá því hruni og góður grunnur lagður að lífskjarasókn standa eftir mörg óleyst verkefni, sem munu hafa áhrif á hversu vel okkur mun farnast.

Langstærsta verkefni næsta kjörtímabils er að ná árangri í afnámi gjaldeyrishafta til að ljúka megi því efnahagslega uppgjöri sem varð við fall stóru viðskiptabankanna. Umfang þess er stjarnfræðilegt hvernig sem á það er litið en hagkerfi þrotabúanna losar líklega um 2.700 milljarða króna, sem er rúmlega ein og hálf landsframleiðsla. Ekki er bráð hætta af umfangi þessa hagkerfis og hluti þess er erlendar eignir.

### Töf veldur þrýstingi á krónu

Aftur á móti vex stór hluti eignanna og býr sífellt til nýjar „aflandskrónur“ innan hafta eða krónur sem vilja rata aftur til erlendu eigenda sinna og skapa því þrýsting á gengi krónunnar. Því lengur sem það tekur að afnema höftin því meira vex þessi krónueign, sem þýðir að enn meiri þrýstingur skapast á gengi krónunnar. Fyrir utan þessa sístækkandi krónueign eru fram undan gjalddagar orkufyrirtækja í erlendri mynt, afborganir ríkissjóðs og sveitarfélaga á erlendum lánum. Erfitt er að sjá þegar allir þessir þættir leggjast saman að afgangur af vöruskiptum dugi til að standa undir útgreiðslum sem og er gert ráð fyrir að innflutningur eigi eftir að aukast.

### Ríkt hagsmunamál

Ef illa tekst til við afnám hafta mun það hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf. Of mikill þrýstingur á krónuna vegna útgreiðslna í erlendri mynt myndi þýða fall hennar. Fyrir heimilin í landinu þýddi fall hennar mikla lífskjaraskerðingu vegna þess verðbólguskots sem fylgdi í kjölfarið. Viðlíka vaxtahækkun við slíkt verðbólguskot, eins og ráðist var í í hruninu, myndi að öllum líkindum endanlega kæfa hagkerfið. Þessi dökka mynd er ekki sett fram til að vekja ótta hjá neinum heldur einungis til að útskýra hversu ríkt hagsmunamál það er að vel takist til við afnám gjaldeyrishafta.

**→ Of mikill þrýstingur á krónuna vegna útgreiðslna í erlendri mynt myndi þýða fall hennar. Fyrir heimilin í landinu þýddi fall hennar mikla lífskjaraskerðingu vegna þess verðbólguskots sem fylgdi í kjölfarið.**

### Samstillt átak tryggir árangur

Það er líka full ástæða til að ætla að með samstilltu átaki geti náðst farsæl niðurstaða í afnámi hafta. Í dag starfar þverpólitísk nefnd um afnám hafta en innan þeirrar nefndar hefur verið rík samstaða um þau markmið sem skal hafa að leiðarljósi við ferlið. Þau eru að höftin verða ekki afnumin nema heildræn lausn finnist sem tryggi hagsmuni þjóðarbúsins fyrst og síðast. Slíkt gæti m.a. þýtt samninga við kröfuhafa um skilmála útgreiðslna þar sem krónueignir eru verðfelldar eða skattlagningu við útgreiðslu. Allavega er ljóst að kröfuhafar eru ekki í forgangi þegar kemur að afnámsferlinu heldur einungis það sem tryggir hér fjármála- og gengisstöðugleika. Afnámsferli sem gjaldfellir krónur hér innanlands til að tryggja kröfuhöfum útgreiðslur er misheppnað afnámsferli. Skilningur á þessu atriði tryggir þá nauðsynlegu samstöðu sem þarf til að ná árangri.




Í 122 ár hefur VR staðið vaktina fyrir félagsmenn sína. Á þeim tíma hefur margt áunnist og þjónusta við félagsmenn aukist jafnt og þétt. Eitt hefur þó aldrei breyst: Bætt kjör og aukin réttindi félagsmanna eru alltaf höfð að leiðarljósi og í dag njóta félagsmenn góðs af þrautseigju þeirra sem á undan hafa rutt brautina.

## Gleðilegan 1. maí!

- Um leið og við óskum félagsmönnum VR til hamingju með daginn hvetjum við þá til að sýna samstöðu og mæta í kröfugönguna.
- **Safnast verður saman á Hlemmi kl. 13:00 og eftir útifund býður VR félagsmönnum til kaffisamsætis á 1. hæð í Hörpu.**

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

## AF NETINU

### Viðkvæmir foringjar

Dálítið er það kyndugt hjá forystumönnum í verkalýðshreyfingunni að amast við því þótt umhverfisverndarsinnar efni til grænnar göngu á 1. maí.
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að leyfa eigi „okkur að hafa þennan dag um málefni launafólks“.
Gylfi er reyndar einn harðasti stóriðjusinni á Íslandi.
Það er þó ekkert aðalatriði, heldur hitt að löng hefð er fyrir því að alls konar hópar taki þátt í baráttugöngum 1. maí.
Femínistar hafa stundum verið áberandi, samkynhneigðir ef ég man rétt, Palestínuvinir, anarkistar, og hér á á árum áður meðlimir í byltingarsinnuðum hópum á vinstri væng.
Með þessu er ekki gert lítið úr mikilvægi verkalýðsbaráttunnar.
Ég nefni að lokum að í Kiljunni annað kvöld, 1. maí, verðum við með umfjöllun um kjör verkafólks á árum áður. Það er býsna fallegt innslag, þó ég segi sjálfur frá.

http://www.eyjan.is/silfuregils
*Egill Helgason*

### Litbrigði grámans

Þótt kjörsókn á Íslandi sé meiri en víðast annars staðar er samt alltaf nokkuð stór hópur sem situr heima á kjördag eða skilar auðu. Þeir eru auðvitað til sem hafa bara engan áhuga á stjórnmálum en mun oftar heyri ég fólk skýra ákvörðun sína með því að það sé bara ekkert í boði sem það geti hugsað sér að kjósa.
Maður hefði kannski haldið að þegar ellefu nýir valkostir koma til greina ætti kjörsókn að aukast en fleiri framboð virðast ekki hafa þau áhrif.
Málið er að þegar fólk vill „eitthvað nýtt“ í stjórnmálum á það ekki við að það vilji geta valið úr mörgum nýjum Framsóknarflokkum. Það vill ekki fleiri litbrigði grámans heldur eitthvað sem er allt öðruvísi.

http://www.pressan.is/evahauks
*Eva Hauksdóttir*

# Markaðssetning á matvöru má ekki blekkja

NEYTENDAMÁL




**Katrín Guðjónsdóttir** **Jóhanna E. Torfadóttir**
sérfræðingar hjá Matvælastofnun

Flestir kannast við að fá ýmsar upplýsingar um matvörur og fæðubótarefni sem vísa til jákvæðra áhrifa þeirra á líkamsstarfsemina. Þessar upplýsingar geta komið fram á umbúðum vörunnar, í auglýsingum og/eða á dreifimiðum. Það getur skipt máli að umræddar upplýsingar eru ekki að koma frá hlutlausum aðilum og því mikilvægt að regluverk varðandi upplýsingamiðlun til neytenda tryggi að þeir séu ekki blekktir.

Það er til að mynda réttur neytenda að fá upplýsingar um innihald matvara samkvæmt lögum en þess utan merkja stundum matvælaframleiðendur vörur sínar með upplýsingum sem ekki er skylt að gera. Slík merking gæti verið „fullyrðing“ sem er skilgreind sem sérhver boðskapur eða framsetning sem gefur til kynna einhverja tiltekna eiginleika matvörunnar. Dæmi: Varan er trefjarík.

Þegar fullyrðing er notuð við markaðssetningu matvara er algengt að verið sé að vísa til þess að matvaran eða innihaldsefni í vörunni hafi jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina. Fullyrðingum er þó skipt í tvo flokka, annars vegar næringarfullyrðingar og hins vegar heilsufullyrðingar. Reglugerð Evrópusambandsins um næringar- og heilsufullyrðingar fyrir matvæli var innleidd á Íslandi árið 2010 með reglugerð nr. 406/2010 og tekur hún til þeirra þátta sem lúta að markaðssetningu matvara þegar fullyrðing er notuð.

**Næringarfullyrðingar**
Ef fram kemur á umbúðum matvöru að hún hafi jákvæða næringarlega eiginleika þá telst það næringarfullyrðing. Slík fullyrðing er til dæmis notuð þegar búið er að minnka eða fjarlægja næringarefni sem ekki eru talin æskileg í miklu magni. Má þar nefna mettaða fitu eða viðbættan sykur. Einnig er hægt að nota næringarfullyrðingar þegar vakin er athygli á því að matvara innihaldi mikið magn af t.d. vítamínum, steinefnum, próteinum og/eða trefjum. Til þess að mega nota næringarfullyrðingar þá þarf umrædd vara að uppfylla ákveðin skilyrði. Dæmi: ef vara er merkt sem „sykurskert“ þá þarf skerðingin á sykurmagninu að vera 30% miðað við sambærilega vöru.

**Heilsufullyrðingar**
Ef fullyrt er, látið að því liggja eða gefið í skyn að tengsl séu milli heilbrigðis og ákveðinnar matvöru eða eins af innihaldsefnum hennar þá telst það heilsufullyrðing. Dæmi: „Varan X er góð fyrir æðakerfið“ og „efni Y og Z styrkja varnir líkamans og draga úr blóðsykursveiflum“. Hins vegar er óheimilt samkvæmt matvælalögum að eigna matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja eða vinna á sjúkdómum manna, hafa lækningarmátt eða vísa til þess háttar eiginleika. Dæmi um ólöglega fullyrðingu: „Efnið C verndar gegn krabbameini“. Það telst þó í lagi að fjalla um hvernig draga megi úr sjúkdómsáhættu ef næg vísindaleg gögn eru fyrir hendi. Dæmi um mögulega leyfilega fullyrðingu: „Efnið C dregur úr líkunum á krabbameini“.

Til að tryggja sannleiksgildi heilsufullyrðingar þarf að sækja um leyfi fyrir notkun hennar til Evrópusambandsins og leggja fram vísindaleg gögn sem styðja það. Í fullyrðingaskrá Evrópusambandsins http://ec.europa.eu/nuhclaims/ má finna lista yfir leyfilegar fullyrðingar og jafnframt þeim sem hefur verið hafnað. Þess utan má nefna að það er ólöglegt að nota meðmæli einstakra lækna eða fagfólks í heilbrigðisþjónustu við markaðssetningu vara. Einnig eru fullyrðingar óleyfilegar sem vísa til meðmæla frá öðrum samtökum en landssamtökum lækna, næringarfræðinga og næringarráðgjafa og góðgerðarsamtaka á heilbrigðissviði.

**➜ Til að tryggja sannleiksgildi heilsufullyrðingar þarf að sækja um leyfi fyrir notkun hennar til Evrópusambandsins og leggja fram vísindaleg gögn sem styðja það.**

Frá 14. desember 2012 hefur verið óheimilt að markaðssetja matvæli á Íslandi með heilsufullyrðingum sem búið er að hafna af Evrópusambandinu. Við markaðssetningu matvæla og fæðubótarefna má einungis fullyrða um jákvæða heilsufarslega eiginleika vörunnar svo framarlega sem traust vísindaleg gögn styðja það. Matvælaöryggisstofnun Evrópu er eini aðilinn sem má meta hvort vísindaleg gögn fyrir hverja heilsufarsfullyrðingu séu fullnægjandi. Óleyfilegar fullyrðingar er hægt að tilkynna til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og/eða Matvælastofnunar.

# Flippað fjarnám?

MENNTUN



**Sölvi Sveinsson**
skólastjóri Landakotsskóla

Svo lengi lærir sem lifir: nú er það spegluð kennsla sem bættist í hugtakasafnið, flipped classroom upp á ensku, eftir lestur greinar Hjálmars Árnasonar í Fréttablaðinu 3. apríl sl. En ekkert er nýtt undir sólinni. Ég fæ ekki betur séð en röksemdir hans með þessu vinnuferli eigi prýðilega við það fjarnám sem ég þekki best, í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og í Verzlunarskólanum. „Þitt nám þegar þér hentar“ var auglýst og „þitt nám á þínum hraða“.

Góðir fjarkennarar eiga frábært námsumhverfi á neti og nota margvíslega gagnvirka miðla til þess að hafa samband við fjarnemendur. Þeir fjalla um efnið frá ýmsum sjónarhornum, svara ótal spurningum og safna í sarpinn. Fjarnemendur geta t.d. horft og hlustað á kennara sinn reikna sama dæmið eins oft og þeir þurfa til þess að skilja og ef það dugir ekki senda þeir fyrirspurn og fá svar. Stundum eru staðbundnar lotur þar sem nemendur geta farið í saumana á einstökum úrlausnarefnum með kennara sínum. Því er enn við að bæta, að flestir fjarnámskennarar kenna námsefni sitt líka í kennslustofu og opna þá fjarnámsumhverfi sitt fyrir dagskólanemendum sem þannig geta nálgast efnið heiman frá sér – í fylgd með foreldrum ef þeir hafa áhuga. Allt eykur þetta virkni nemenda, færri falla fyrir vikið, og fleiri geta stundað nám. Það voru hrapalleg mistök að skerða fjarnám um helming í kjölfar hruns.

Brottfallsumræða er allt önnur Ella. Brottfall stafar hér einkum af því að námsframboð framhaldsskóla er allt of bókmiðað og dulda námskráin stýrir alltof mörgum í bóknám sem þangað eiga ekki erindi. Stjórnmálamenn staglast á því að efla þurfi starfs- og verknám, en ekkert gerist þótt þeir setjist í valdastóla. Nýir skólar í Mosfellsbæ, Borgarnesi, Grundarfirði og í Fjallabyggð eru allir bóknámsmiðaðir. Ekki var pólitískur vilji til þess að stofna Listmenntaskóla Íslands sem bráðvantar til þess að bæta úr brýnni þörf – t.d. ef menn vilja minnka brottfall og efla verknám.

**➜ Fjarnemendur geta t.d. horft og hlustað á kennara sinn reikna sama dæmið eins oft og þeir þurfa til þess að skilja og ef það dugir ekki senda þeir fyrirspurn og fá svar.**


POTTURINN STEFNIR Í
2100 MILLJÓNIR
120.000.000
+1.980.000.000
SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16
Fyrsti vinningur stefnir í 120 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.980 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**






## TIL HAMINGJU

# KEFLVÍKINGAR!

KEFLAVÍK

Domino's óskar meistaraflokki kvenna í Keflavík innilega til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik 2013.

Domino's Pizza DOMINO'S DEILDIN



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 29. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 10. apríl klukkan 13.30.

**Þorsteinn Vilhelmsson
Kristján Vilhelmsson
Margrét Vilhelmsdóttir
Sigurlaug Vilhelmsdóttir
Valgerður Vilhelmsdóttir
Þóra Hildur Jónsdóttir
Kolbrún Ingólfsdóttir
Wolfgang Burkert
Guðjón Jónsson
Ormarr Örlygsson
og fjölskyldur.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN SVEINSSON**
**rafvirkjameistari,**
**Básenda 12,**
**síðast til heimilis að Lindargötu 57,**

lést á Landspítalanum þann 25. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 7. maí klukkan 13.00.

**Hadda Þorsteinsdóttir
Sveinn Óskar Þorsteinsson
Sigurjóna Bára Hauksdóttir
Ásta Kristín Þorsteinsdóttir
Frank Sandvik
Barði Valdimarsson
Eva Valdimarsson
barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og dóttir,

**INGUNN *HERA* ÁRMANNSDÓTTIR**
**Koltröð 26, Egilsstöðum,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þann 26. apríl. Útför fer fram frá Digraneskirkju, laugardaginn 4. maí kl. 15.00. Minningarathöfn verður í Egilsstaðakirkju fimmtudaginn 9. maí klukkan 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem hafa hug á því að styrkja börnin hennar til náms geta lagt inn á reikning 535-14-400402 kt. 0903634849.

**Jón Grétar Traustason
Margrét Irma Jónsdóttir
Sveinn Atli Diego Jónsson
Sigurður Atli Jónsson
Lúkas Nói Jónsson
Guðfinna Sigurbjörnsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORGRÍMUR KRISTMUNDSSON**
**rennismíðameistari,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 29. apríl.

**Gerður Gunnlaugsdóttir
Jón Þorgrímsson
Margrét Ólafsdóttir
Hrafnhildur Þorgrímsdóttir
Jón Marteinn Guðröðsson
Sigurbjörg Þorgrímsdóttir
Ragnar Guðjónsson
Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir
Þór Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur og frændi,

**INGÓLFUR JÚLÍUSSON**

lést á Landspítalanum mánudaginn 22. apríl. Útförin fer fram í Silfurbergi í tónlistarhúsinu Hörpu laugardaginn 4. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á menntunarsjóð dætra hans, rknr. 0301-18-988356 kt. 030901-2820.

**Monica Haug
Hrafnhildur Sif Ingólfsdóttir
Sara Lilja Ingólfsdóttir
Júlíus Jón Daníelsson
Þuríður Árnadóttir
Berit Haug
Kristine Themsen
Bjarne Themsen
Árni Daníel Júlíusson
Birna Gunnarsdóttir
Anna Guðrún Júlíusdóttir
Viðar Hreinsson
og systkinabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

# Garðrækt og fuglalíf í Grasagarðinum

Hjörtur Þorbjörnsson forstöðumaður og Jóhanna Þormar garðyrkjufræðingur leiða áhugasama í allan sannleik um ræktun lauk- og hnýðisplantna upp af fræi annað kvöld.

„Það krefst ákveðinnar æfingar og þolinmæði að rækta lauk- og hnýðisplöntur upp af fræi, en okkur hefur gengið vel hér í Grasagarðinum og viljum gjarnan deila þeirri þekkingu með fólki,“ segir Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins í Laugardal. Annað kvöld klukkan átta fjalla Hjörtur og Jóhanna Þormar garðyrkjufræðingur um helstu aðferðir og vandamál sem upp geta komið við ræktunina.

„Þetta er fróðleikur sem hentar vel þeim sem eru komnir lengra í sinni garðyrkju og vilja rækta lauk- og hnýðisplöntur sem ekki fást hér á landi,“ segir Hjörtur. Tegundirnar sem hér er rætt um eru til dæmis skógarliljur, krókusar og þristar. Lauka sumra þessara blóma er hægt að kaupa og setja niður að hausti, eða kaupa hjá blómasölum á vorin. En úrvalið getur verið takmarkað og að sögn Hjartar opnast margir möguleikar fyrir garðræktendur þegar þeir setja sjálfir fræin niður. „En þetta er mikil þolinmæðisvinna. Þessar tegundir vaxa hægt og það geta liðið mörg ár áður en þær blómstra. Veðurfar hér á landi er hins vegar ekki þröskuldur, margar þeirra þola vel kuldann hér á landi,“ segir Hjörtur.

Fleira er á döfinni í vikunni í Grasagarðinum. Næsta sunnudag verður nefnilega fuglalífið skoðað á göngu um garðinn í samstarfi við Fuglaverndarfélag Íslands. Um leiðsögn sér Hannes Þór Hafsteinsson, garðyrkjufræðingur og fuglaáhugamaður. „Þetta hefur alltaf verið mjög vel sóttur og vel heppnaður viðburður í garðinum,“ segir Hildur Arna Gunnarsdóttir, verkefnastjóri í Grasagarðinum. sigridur@frettabladid.is



**ÞOLINMÆÐI ÞRAUTIR VINNUR ALLAR** Þeim Hirti Þorbjörnssyni og Jóhönnu Þormar hefur gengið vel að rækta lauk- og hnýðisplöntur upp af fræi og deila þau þekkingu sinni í Grasagarðinum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



✝

Ástkær móðir okkar,

**KRISTJANA ELÍSABET SIGURÐARDÓTTIR**
**Hlíðarholti, Staðarsveit,**

lést mánudaginn 29. apríl á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi.

**Bjarni Vigfússon
Margrét Vigfúsdóttir
Sigurður Vigfússon
Vigfús Vigfússon
og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐJÓN GUÐMUNDSSON**
**rennismiður,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þann 19. apríl sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Einar G. Guðjónsson
Kristín Axelsdóttir
Auður Guðjónsdóttir
Guðmundur K. Sigurðsson
Berglind Ósk, Axel, Alexandra
Anna Guðrún og Helga Sif**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GRÉTA BJÖRG ARELÍUSDÓTTIR**
**Húnabraut 8, Blönduósi,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi 24. apríl sl. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 4. maí kl. 14.00.

**Fanney Zophoníasdóttir
Matthías L. Sigursteinsson
Sigrún Zophoníasdóttir
Lárus B. Jónsson
Sólveig Zophoníasdóttir
Guðmundur Engilbertsson
barnabörn og langömmubörn.**



✝

Faðir minn og bróðir,

**BALDUR DAN ALFREÐSSON**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hornbrekku í Ólafsfirði fimmtudaginn 18. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Þórir Dan
Magnús Gústafsson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR ÞORBERGUR HANNESSON**
**málmsteypumeistari,**
**Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 20. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélag Íslands.

**Guðrún Sigurðardóttir
Sigurður Gunnarsson
Ólöf G. Ásbjörnsdóttir
Helga Árnadóttir
Óli Ragnar Gunnarsson
Ragnheiður Júlíusdóttir
Heimir Gunnarsson
Ragnhildur Birgisdóttir
barnabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SJÖFN ÓLAFSDÓTTIR**

lést á heimili sínu Norðurbrú 4, Garðabæ, mánudaginn 29. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Eyjólfur Sigurðsson
Guðrún Eyjólfsdóttir
Erla Eyjólfsdóttir
Sigurður Svavarsson
Katrín Björk Eyjólfsdóttir
Ingi Bæringsson
barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**FUGLAR OG BLÓM**
**Spennandi dagskrá verður í Grasagarðinum í vikunni. Á fimmtudaginn kl. 20 verður fjallað um aðferðir og vandamál við ræktun. Á sunnudag kl. 11 verður fjölskrúðugt fuglalíf skoðað á göngu um garðinn. Sjá nánar á www.grasagardur.is.**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.
Afar auðvelt í uppsetningu
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

Stórfengleg borg
Beint flug frá Keflavík og Akureyri
26.-29. október
Riga
Lettlandi
Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.
Úrval veitingahúsa, verslana (m.a. H&M) og kaffihúsa.
Næturlíf eins og það gerist best.
Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.
Verð í tveggja manna herbergi
kr. 94.900,-
Innifalið: Flug, skattar, hótel með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.
Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.
Upplýsingar í síma 588 8900
Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is




**NOTALEGT** Það getur verið frábært að slappa af í sundlaugargarðinum.

MYND/GETTY

# MEÐ ALLT INNIFALIÐ Á SÓLARSTRÖND

**SPARNAÐUR?** *Mjög hefur aukist að ferðamenn kaupi sólarferðir þar sem allt er innifalið í verðinu, jafnt matur sem drykkur. Um leið hefur veitingahúsarekstur á sólarströndum farið halloka í samkeppni við hótelin.*

Daði Guðjónsson hjá Úrval Útsýn segir að eftir hrunið hafi orðið mikil breyting í þessa veru og undir það tekur Tómas Gestsson hjá Heimsferðum. Báðir telja að rúmlega 30% Íslendinga velji ferðir þar sem allt er innifalið en síðan eru margir sem kjósa að hafa hálft fæði. „Það var ekkert um þetta fyrir hrun en jókst með falli krónunnar. Sérstaklega er það fjölskyldufólk sem velur að kaupa allt innifalið,“ segir Daði. „Það getur verið þægilegt fyrir fjölskyldur að vita fyrir fram hvað ferðin mun kosta og þetta borgar sig örugglega fyrir hjón með börn eða unglinga,“ bætir hann við. „Börnin suða um ís og drykki og þá getur verið notalegt að hafa allt innifalið í stað þess að taka stöðugt upp veskið.“

### MISJAFN MATUR

Bæði Daði og Tómas eru sammála um að þessi valkostur sé örlítið að ganga til baka, sérstaklega þegar pör eiga í hlut. „Það er gaman að fara út að borða og skoða mannlífið í leiðinni.“ Sömuleiðis eru þeir sammála um að fæðið á þeim hótelum sem eru með allt innifalið sé afar mismunandi, það fari eftir gæðum hótela. Þegar keypt er hálft fæði er oft hægt að fá það í hádeginu og fara síðan út að borða á kvöldin. „Mér finnst vera að aukast aftur að fólk velji íbúðir,“ segir Tómas. „Ef fólk dvelur í langan tíma verður það leitt á hótelfæðinu. Hins vegar hafa styttri ferðir aukist til muna eftir hrun. Á jaðartímum, vorin og haustin, er ódýrara að lifa á Spáni og þá er ekki mikill munur á því að vera í íbúð eða á hóteli með öllu inniföldu.“

### ERU BARA Í HÓTELGARÐINUM

Trausti Hafsteinsson, fararstjóri á Tenerife, segir að tilhneiging þeirra sem kaupa ferð með öllu sé að fara lítið út fyrir hótelgarðinn. „Það er ekki mjög sniðugt fyrir atvinnurekstur á svæðinu. Ég hef heyrt óánægjuraddir veitingamanna með þetta og séð með eigin augum að viðskiptin á veitingastöðum hafa minnkað talsvert eftir að hótelin fóru að bjóða þessa þjónustu. Við fararstjórar höfum bæði hitt fólk sem fer ekki út af hótelinu af ótta við að missa af einhverju sem það hefur borgað fyrir og svo hina sem hafa keypt allt innifalið en fara engu að síður líka út að borða.“

### ÓÁNÆGJA

Tómas segir að Spánverjar séu yfirleitt óánægðir með þetta fyrirkomulag, enda hefur veitingahúsum fækkað á sólarströndum. „Þetta „All inclusive“ varð fyrst til á eyjum í Karíbahafi en þá voru hótelin oft langt frá veitingastöðum. Síðan tóku Tyrkir þetta upp til að auka ferða- ▶

**FÆKKUN**
Samfara því að hótel á sólarströndum bjóða allt innifalið hefur veitingahúsum fækkað til muna. Sumir gestir fara aldrei út fyrir hótelgarðinn.

heilsuhótel íslands

**Næstu námskeið við Heilsuhótel Íslands**

Heilsunámskeið vorönn

3. - 17. maí
7. – 21. júní

.heilsuhotel.is

Sími 512 8040

mannastraum með ágætum árangri þannig að Grikkir og Egyptar voru eiginlega nauðbeygðir til að gera slíkt hið sama og síðan Spánverjar og Portúgalar.“

Blaðamaður hjá netmiðli Expressen fjallaði nýlega um ferðir sem þessar og hafði þá fundið út að það gæti verið þægilegt, sérstaklega þegar börn eru með í ferðinni, að vera með allt innifalið en alls ekki alltaf ódýrara. Í Svíþjóð eru um 20% allra sólarferða sem bjóðast með allt innifalið í verðinu; gistingu, mat og drykk. Sömuleiðis hefur „allt innifalið“ verið fyrsti kostur Breta sem fara í sólarferðir. Þegar allt er innifalið þýðir það að borgað hefur verið fyrir morgunmat, hlaðborð í hádegi og að kvöldi auk drykkja frá því landi sem dvalið er í.

Veitingamenn sem hafa komið upp veitingahúsum nálægt hótelunum eru hins vegar ekkert sérstaklega ánægðir með þetta fyrirkomulag. Ferðamenn sem þegar hafa borgað fyrir mat og drykk láta ekki sjá sig á veitingahúsunum. Þeir eru ófúsir að borga meira en þeir hafa þegar greitt.

**GRIKKLAND ÓDÝRAST**

Eftir því sem sænski blaðamaðurinn skrifar er „All inclusive“ ódýrast í Grikklandi en þar er þó sjaldgæft að hótel bjóði upp á slíkt. „Maður þarf að innbyrða mikinn mat, drekka minnst eina flösku af léttvíni og fjóra bjóra daglega til að ná upp í verðið sem greitt er fyrir ferðina til Spánar.“

Oftast er ódýrast að kaupa „allt innifalið“ á ódýrari hótelum en þá þarf maður að vera meðvitaður um að úrvalið á hlaðborðinu er minna og ferskleikinn sömuleiðis.

■ **elin@365.is**



**SÓLARSTRÖND**
Fjölskyldur geta sparað með því að kaupa sólarferð með öllu inniföldu. Tilhneigingin er þó sú að fólk sem hefur fjárfest í slíkri ferð fer minna út fyrir hótelgarðinn með viðeigandi tapi fyrir veitingahúsin.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**GOÐAFOSS**
Mörg örnefni sem tengjast sögu lands og þjóðar eru við Goðafoss.

MYND/VILHELM

# ÖRNEFNI VARÐVEITT

**VARÐVEISLA** *Mikil menningarverðmæti eru fólgin í þekkingu eldra fólks á örnefnum. Nú er hafin vinna við að hnitsetja örnefni í Þingeyjarsýslu.*

Fyrir nokkru hófst vinna við að hnitsetja örnefni í Þingeyjarsýslu. Markmið verkefnisins er að forða menningarverðmætum frá glötun og færa þau yfir á varanlegt form sem meðal annars mun nýtast til nýsköpunar í ferðaþjónustu. Verkefnið hlaut nýlega tveggja milljóna króna styrk frá Vaxtarsamningi Norðausturlands. Það eru regnhlífarsamtökin Urðarbrunnur sem standa að verkefninu en samstarfsaðilar þeirra eru Landmælingar Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar. Baldur Daníelsson, verkefnastjóri hjá Urðarbrunni, segir að í fyrstu verði byrjað í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit og síðan haldið áfram í allri Þingeyjarsýslu.

„Við erum með þessari vinnu að bjarga miklum menningarverðmætum frá glötun. Fólki sem þekkir staðsetningu örnefnanna og notagildi þeirra fækkar ört með árunum. Því er um að ræða kapphlaup við tímann. Vinna okkar mun meðal annars gera aðilum í ferðaþjónustunni kleift að auka fjölbreytni þjónustu sinnar, til dæmis í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu en hún verður stöðugt vinsælli með árunum.“

Afrakstur verkefnisins verður hægt að nálgast á vefnum, með smáforriti (appi) í símum og spjaldtölvum og á hefðbundnum kortagrunni. „Afrakstur verkefnisins verður væntanlega sýnilegur á vef Landmælinga að einhverju leyti síðar á árinu. Síðan fer vonandi í gang vinna sem miðar að því að gögnin verði sem flestum aðgengileg og á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis með útgáfu á örnefnakortum og göngukortum.“ Umrætt verkefni snýr þó ekki eingöngu að ferðatengdri þjónustu að sögn Baldurs heldur á það sér einnig samfélagslega skírskotun. „Hér um slóðir er mikið af eldra fólki sem býr yfir verðmætum fróðleik og þekkingu á staðháttum sem mun nýtast í þessu verkefni. Um leið kynnist eldra fólkið nýrri tækni sem hvetur það vonandi um leið til að tileinka sér fleiri tækninýjungar. Þá hafa nemendur á Laugum fengið fræðslu um örnefni og hnitsetningu með gps. Stefnt er að því að ungir og aldnir vinni að þessu verkefni saman.“

■ **starri@365.is**

**ÞEKKING**
„Fólki sem þekkir staðsetningu örnefnanna og notagildi þeirra fækkar ört með árunum.“

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# SPRUNDASPRANG UM LOKKANDI LAUGAVEG

*Heillandi hátíð verður á Laugaveginum á morgun.*

„Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík og yndislegt fyrir fljóðin að bregða sér á sprundasprang í vorbirtu kvöldsins á Laugavegi,“ segir Kristín Einarsdóttir, kaupkona í Sigurboganum og einn upphafsmanna heillandi hátíðar sem hefst á Laugaveginum þegar kvöldar á morgun.



**TÖFRANDI VORKVÖLD** Kristín Einarsdóttir í Sigurboganum segir dömur á öllum aldri geta gert góð kaup og haft það verulega huggulegt á dömukvöldi á Laugaveginum á morgun.

„Við tökum okkur saman, tíu kaupmenn á Laugavegi, frá Snorrabraut niður að Frakkastíg, og ákváðum að búa til gleðina Lokkandi Laugaveg fyrir dömur sem hafa yndi af búðarápi og huggulegheitum. Þá er tilvalið tækifæri fyrir mæðgur, systur, vinkonur og frænkur að brjóta upp hversdagsleikann, skjóta sig saman og skunda í bæinn til að þiggja góðar veitingar, sjá það nýjasta á markaðnum, gera góð kaup og hafa svolítið gaman saman,“ segir Kristín um aðalverslunargötu miðbæjarins sem sannarlega lokkar og laðar.

„Mjór er mikils vísir og við höfum hug á að stækka Lokkandi Laugaveg þegar fram líða stundir. Í verslunum munu óma íslenskir tónar, þar verða hlýjar móttökur og freistandi tilboð og veitingahúsin eru öll opin á þessum tíma. Fyrir dömur sem hafa sjaldan tíma til að hittast er því töfrandi að tölta á milli búða á Laugaveginum og láta eins og þær séu í útlöndum,“ segir Kristín og hlær dillandi hlátri.

***Lokkandi Laugavegur tekur völdin frá klukkan 17 til 21 annað kvöld. Dömulegar búðir sem opnar verða fram eftir kvöldi eru, auk Sigurbogans, Bernharð Laxdal, Kjólar & konfekt, Púkó & smart, Lífstykkjabúðin, Still, 38 þrep, Couture og Freebird.***



**MARKAÐUR** Krista Hall og félagar úr Listaháskólanum selja fötin sín í dag milli klukkan 14 og 18 í kjallaranum í Þverholti 11.

MYND/PJETUR

# SELJA ÚR SKÁPUNUM

**GÓÐ KAUP** *Fatamarkaður verður haldinn í dag kl. 14 í Þverholti 11.*

Nemendur úr hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskólans hreinsa út úr fataskápum sínum á líflegum fatamarkaði nú eftir hádegið. Nokkrir munu líka selja eigin hönnun. Krista Hall, nemandi í grafískri hönnun, stendur fyrir uppákomunni og segir margar gersemar verða til sölu.

„Við erum að selja vintage-föt og merkjavörur en þetta eru allt miklar merkjamanneskjur sem taka þátt. Margar stelpnanna úr fatahönnun voru líka að vinna á tískuvikunni í París í vor og gætu átt ýmislegt girnilegt að selja. Svo veit ég að Óskar Hallgrímsson ætlar að selja eigin hönnun,“ segir Krista, sem sjálf er þaulvön fatamarkaðsmanneskja og hefur hrærst í vintage-heiminum lengi.

„Það eru alltaf ör skipti í fataskápnum hjá mér. Ég bý í lítilli íbúð og þarf að selja úr skápunum reglulega til að allt komist þar fyrir,“ segir hún hlæjandi. „Það er líka alltaf svo gaman að sjá fötin sín öðlast annað líf, sjá þau kannski á einhverjum öðrum á barnum þegar maður fer út.“

## MARKAÐUR

***Markaðurinn verður opnaður klukkan 14 og stendur til 18. Ekki verður posi á staðnum en stutt er í hraðbanka í nágrenninu.***




# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Range Rover TD V8 Vouge Diesel 12/2006 ek.48þús. Umboðsbíll. Bakkmyndavél. Dísel. Topplúga. Leður. Rafmagn í sætum. Gullmoli. Ökutæki er í sal. Ásett verð 9.490.000.- Rnr.285692



Volvo S60 Diesel 9/2012 ek.18þús. Leður. Topplúga. Eyðsla ca 5-7 lítrar. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 5.980.000.- Rnr.285691



Toyota Auris Sol Hybrid 7/2012 ek.15þús. Sjálfskiptur. Aksturstölva. Eyðsla ca 4-5 lítrar. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 4.390.000.- Rnr.310337



Honda Jazz Elegance 6/2011 ek.42þús. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 2.690.000.- Rnr.285573



Honda Accord Sedan Sport 3/2005 ek.90þús. Sjálfskiptur. Ný dekk. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.310158



Toyota Yaris Terra 7/2008 ek.53þús. Beinskiptur. Fallegur bíll. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.590.000.- Rnr104003




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



**FJÓRHJÓL+BÍLKERRA**
Polaris Sportsman 800. Árg ,06, ek 4þ.km. Ásett 950þ, TILBOÐSVERÐ MEÐ KERRU 849þ. #121104



**ÞÚ FERÐ ALLT Á ÞESSUM**
Suzuki DL650 V-strom. Árg ,06, ek 12þ.km. Ásett 1.050þ, TILBOÐSVERÐ 849þ. #123393



**STÓRGLÆSILEGUR HIPPI**
Suzuki VL800 Intruder. Árg ,05, ek 17þ.m. Ásett 890þ, TILBOÐSVERÐ 799þ. #123503



**LÉTTUR OG LIPUR SNATTARI**
Suzuki VS800 Intruder. Árg ,05, ek 10þ.m. Ásett 790þ, TILBOÐSVERÐ 749þ. #123590



**HÖRKUTÓL FYRIR PENINGINN**
Suzuki VZ800 Marauder. Árg ,03, ek 8 þ.m. Ásett 590þ, TILBOÐSVERÐ 499þ. #122895



**FÁÐU ÞÉR SLEGGJU Í SKÚRINN**
Suzuki VZR1800 Intruder. Árg ,07, ek 10þ.m. Ásett 1.690þ, TILBOÐSVERÐ 1.499þ. #121707



**FÁGAÐUR BRETI**
Triumph Bonneville America. Árg ,06, ek 9þ.km. Ásett 1.290þ, TILBOÐSVERÐ 1.060þ. #201425



**DRAUMAHJÓL FYRIR LÍTIÐ**
Yamaha XVS1100 V-star. Árg ,01, ek 20þ.m. Ásett 890þ, TILBOÐSVERÐ 699þ. Hlaðinn aukabúnaði #202520

hjól.is
bestir í hjólum...



**ÓDÝRASTI HALLINN Á MARKAÐNUM**
Harley Davidson Sportster 883. Árg ,04, ek 9þ.m. Ásett 950þ, TILBOÐSVERÐ 849þ. #121974

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Fíat Miller árg 2007 ekin aðeins 14 þús km sólarsella Bíllin er eins og nýr verð 5,9 mill.rað. 121417. Vantar ferðavagna á skrá sérhæfum okkur í ferðavögnum.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

SUZUKI



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir mótorhjólafólk, hjálmar, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

100 bílar.is
bílasala



NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 FET, Ný fellihýsi, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Frábært verð aðeins frá 1.999þ.kr, ATH aðeins 5stk eftir, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



FIAT P210. Árgerð 2006, ekinn 27 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 5.900.000. Rnr.100156.



HYUNDAI Tucson. Árgerð 2006, ekinn 63 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.100154.



HONDA Accord sedan. Árgerð 2007, ekinn 156 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.110443.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**




hjól.is
bestir í hjólum...

"Viljum óska öllum hjólamönnum til hamingju með daginn..

Erum með hjól á gargandi tilboðsverðum sem óska eftir nýjum eigendum"



**EASY RIDER HVAÐ!!!**
Big Dog Chopper. Árg.'05, ek. 14þ.m. 6 gíra kassi. Ásett 2.790þ. TILBOÐSVERÐ 2.390þ. #202928.



**HARÐAR HLIÐARTÖSKUR FYLGJA!!**
BMW F650GS. Árg.'08, ek. 19þ.km. 800cc, Ásett 1.390þ. TILBOÐSVERÐ 1.149þ #123446.



**DÚNDURHJÓL Í TORFÆRUR**
Dinli DMX450. Árg.'08, ek. 4þ.km. Ásett 499þ. TILBOÐSVERÐ 399þ. #123581.



**EINS OG NÝTT**
Harley Davidson Dyna Wide Glide. Árg.'06, ek. 3þ.m. Ásett 1.990þ. TILBOÐSVERÐ 1.599þ. #123064.



**ÞESSI ER REFFILEGUR**
Harley Davidson Dyna Glide. Árg.'05, ek. 29þ.km. Ásett 1.690þ, TILBOÐSVERÐ 1.449þ. #193273.



**FEITUR STRÁKUR Á FEITUM DÍL**
Harley Davidson Fatboy. Árg.'06, ek. 11þ.km. Ásett 2.490þ. TILBOÐSVERÐ 1.999þ. #122285.



**AUÐVELD KAUP Á SKEMMTILEGU HJÓLI**
Honda CBF 600 ABS. Árg ,09, ek 3þ.km. Ásett 1.290þ, Tilboðsverð 990þ. Áhv 844þ. #122226

hjól.is
bestir í hjólum...



**SKEMMTILEGUR SNATTARI Á LÍTINN PENING**
Honda 250 Rebel. Árg ,86, ek 10þ. km. Ásett 249þ, TILBOÐSVERÐ 185þ. #123369



**FRÁBÆRT HJÓL**
Honda VFR 800 ABS. Árg ,07, ek 10þ. km. Ásett 1.290þ, TILBOÐSVERÐ 1.059þ. #122818



**GÓÐ KAUP Í GÓÐU HJÓLI**
Honda VT1100 Shadow. Árg ,02, ek 10þ.m. Ásett 990þ, TILBOÐSVERÐ 749þ. #121846



**FRÁBÆRT HJÓL SEM SKOÐAR SKIPTI**
Honda VTR1000F. Árg ,06, ek 19þ.km. Ásett 890þ, TILBOÐSVERÐ 699þ. Áhv 240þ. #123265

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

Vantar bíla á skrá og á staðinn!
Góð sala og góður sölutími framundan.
20 ára traust og góð þjónusta!

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

### Bílar til sölu



Til sölu Toyota Land Cruiser 90 ,98. Ek. 566 þús. 35" breyttur. Þarfnast smá lagfæringa. Ásett verð 670 þús. Uppl. í síma 895 8244.



Skoda Octavia 1.8T. Beinskipt. árg. ,02, ek. 160þ. Topplúga, vetrardekk á felgum. Verð: 420þ. Sími:863-5453.

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ) Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## atvinna

**VERKAMENN**
ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**S. 777 2 333**

**SMIÐIR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**S. 777 2 333**

## útboð

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2013,** útboð nr. 13024.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




ICELANDIC, NORSKA I , II & III og H f. fólk í HEILBRIGÐISGEIRA. Enska, spænska. Aukatímar í stærð,- eðlis- og efnafræði. STARTING- BYRJA: 6/5, 3/6. All year/Allt árið, Mornings/ Evenings-Kvölds/Morgna. 4 week x 5 days a week/ 4 vikur x 5 í viku. Fullorðinsfræðslan Ármúla 5, s 5881160. www.iceschool.is.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur



**ÚTSALA - SKOTVEIÐVÖRUR OG SKOTFÆRI**
Bjóðum nú 30 % afslátt af öllum skotveiðivörum og skotfærum. T.d Pakkinn af .22LR Standard á aðeins kr.483 með afslætti. Tactical.is Verslunarmiðstöðinni Glæsibæ.Opið virka daga 11-18 Sími 517-8878.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Room for rent in downtown is available now S. 7789074.

Til leigu 3. herb. íbúð í Grafarvogi. Leigist með öllum húsgögnum frá sirka 15.maí til 15.ágúst. Uppl. í s. 895 8582.

## Húsnæði óskast

**TOPP LEIGJENDUR**
Hjón á miðjum aldri óska eftir 2-3 herbergja íbúð á höfuðborgarsv. í langtímaleigu sem fyrst á verðbilinu 110-130 þús. Erum reglusöm, ábyrg og með toppmeðmæli. Uppl. í s. 662 6864.

## Sumarbústaðir



**NÝTT HÚS Í HÚSAFELLI**
Heilsárshús til sölu á 1250fm eignarlóð með heitu og köldu vatni og manngengu risi. Sanngjarnt verð, óska eftir tilboðum.
**Upplýsingar í síma 893 1335**

## Atvinnuhúsnæði

Fyrst.is

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**
Verslunar - Skrifstofu - Iðnaðar

og Lagerhúsnæði

- Allar mögulegar stærðir -
**Hafðu samband. jonvikingur@fyrst.is, Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

GRANDTravel

Grand Travel óskar eftir að ráða rútubílstjóra í sumarafleysingar. Reynsla æskileg. Umsókn skal senda á grandtravel@grandtravel.is

DRÁTTARBÍLAR

Dráttarbílar ehf. óska eftir að ráða vélamann/bílstjóra í sumarafleysingar. Reynsla æskileg. Umsókn skal senda á drattarbilar@drattarbilar.is

Almenn málingarvinna utan sem innan tilboð í síma 8935537 og arno@internet.is Arnar Málarameistari.

Firma zatrudni ciesli szalunkowych S. 8929295.

Stýrimann vantar á 70t rækjubát. Uppl. í s. 866 9874

Óska eftir að ráða smiði og kranamann í mótauppslátt til starfa á höfðuborgarsvæðinu. Umsóknir með upplýsingar um fyrri störf sendist á tm.vinna@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Fundir




**AÐALFUNDUR EYJAFJARÐARDEILDAR 4X4**
**VERÐUR HALDINN 7.MAÍ KL. 20:00 AÐ HJALTEYRARGÖTU 12.**
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Aðeins félagar með greidd félagsgjöld hafa atkvæðisrétt.
**Stjórnin.**

## Einkamál

**SUMARTÍMI**
42 ára gamall latínó-amerískur karlamður leitar að konu á aldrinum 30-40 fyrir framtíðarsamband. Er vingjarnlegur, vel menntaður og myndarlegur. Julianrio71@yahoo.com

**LEITAR ÞÚ ÆVINTÝRA?**
Þú auglýsir frítt hjá Rauða Torginu, sími 535-9922.

**HEIÐARLEIKI!**
Kona vill kynnast heiðarlegum karlmanni, 67+. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8878.

**HEILSUNUDD!**
Kona auglýsir heilsunudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8357.







# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala vísir


SOCKER blómapottur, hangandi 995,-
Ø19, H19cm. Hvítt/svart
Endurnærandi sumarstundir
Opið í dag
1. maí
16.990,-
ÄPPLARÖ stækkanlegt borð
Gegnheill akasíuviður
B62×L20/77/133, H71cm. Brúnt
2.490,-/stk.
ROXÖ kollar
Sæti H45cm. Ýmsir litir
HÅLLÖ stólsessur 1.890,-/stk.
B40×L40cm. Ýmsir litir
ÄPPLARÖ bekkur á hjólum m/hirslu 22.990,-
Gegnheill akasíuviður
B122×D50, H54cm. Brúnt
6.990,-/stk.
ÄPPLARÖ fellistólar
Gegnheill akasíuviður. Sæti H44cm. Brúnt
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** mats, **6.** samtök, **8.** besti árangur, **9.** hár, **11.** fíngerð líkamshár, **12.** fáni, **14.** högg, **16.** í röð, **17.** skrá, **18.** prjónavarningur, **20.** átt, **21.** einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** blað, **3.** hljóm, **4.** grasplanta, **5.** arinn, **7.** kviknakinn, **10.** gums, **13.** hola, **15.** útungun, **16.** spíra, **19.** ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dóms, **6.** aa, **8.** met, **9.** ull, **11.** ló, **12.** flagg, **14.** spark, **16.** áb, **17.** tal, **18.** les, **20.** sa, **21.** aría.

**LÓÐRÉTT: 1.** lauf, **3.** óm, **4.** melgras, **5.** stó, **7.** allsber, **10.** lap, **13.** gat, **15.** klak, **16.** ála, **19.** sí.






# Formennirnir í lífi mínu

**BAKPANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Nú er svo komið að í hvert sinn sem ég fer úr fötunum verður mér hugsað til Jóhönnu Sigurðardóttur, fráfarandi forsætisráðherra. Ég get útskýrt.

**HVERNIG** nekt mín tengist þessum ástsæla formanni jafnaðarmanna á rætur sínar að rekja til ölæðis í þýskri hafnarborg árið 1984. Þá taldi ég mig vera togarajaxl. Í þeim anda ráfaði ég inn á einhverja ömurlegustu drykkjarholu í gjörvallri Brimarhöfn og heimtaði romm – og húðflúr sem var þar einnig í boði. Á þessari húðflúrstofu andskotans slengdi ég horuðum handleggnum yfir barborðið og treysti einhverjum manngarmi fyrir því að breyta ásýnd minni til eilífðarnóns. Eftirtekjan? Frekar illa teiknuð rauð rós á löngum stilk – ekki ósvipuð þeim sem Jóhanna fékk í fangið fyrir framan Stjórnarráðið á dögunum.

**MAMMA** hafði varað mig við því að láta flúra mig. Sagði að sú stund rynni upp að ég liti á öxlina á mér og spyrði í forundran hvern andskotann ég hefði verið að pæla. En áður en ég viðurkenni að hún hafi haft rétt fyrir sér segi ég þetta. Ég er þeirrar skoðunar að við séum allt of upptekin af því að flokka gjörðir okkar í fortíðinni með neikvæðum formerkjum. Ef maður meiðir engan má gera ráð fyrir því að þessi litlu atvik séu oftar en ekki til góðs – og því algjör óþarfi að láta þau rífa sig niður.

**ÉG SÉ** til dæmis ekki eftir því að hafa sent Páli Björnssyni, formanni Sagnfræðingafélags Íslands, erótískan tölvupóst sumarið sem ég var að stíga í vænginn við konuna mína. Páll svaraði mér um hæl – sagðist vera upp með sér en gera ráð fyrir því að sendingin hefði verið ætluð öðrum. Sporin inn á næsta stjórnarfund félagsins voru vissulega þung en þetta hafði engin teljandi áhrif á samskipti okkar til lengri tíma litið.

**ÉG LÆRÐI** mína lexíu – og þannig á maður að moða úr hverri lífsreynslu. Síðan þetta var vanda ég mig til dæmis alltaf sérstaklega þegar ég sendi tölvupóst. Því var það í textaskilaboðum í gegnum síma sem ég bað á dögunum Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, að henda fyrir mig þremur kartöflum í pott áður en ég kæmi heim úr vinnu. Rétt eins og Páll tók hann erindi mínu með jafnaðargeði.

**EF GUÐ** lofar bíður mín hins vegar langt líf með Jóhönnu og rósinni. Mikið er ég samt feginn að vera jafnaðarmaður – svona eftir á séð.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Til hamingju með daginn!
1. maí hópakstur bifhjólafólks
11:00 - Safnast saman á Laugavegi
12:30 - Lagt af stað
Kaffi á kirkjusandi eftir
keyrslu í boði Snigla
Allir velkomnir!
Nánari upplýsingar á
sniglar.is og Facebook
BIFHJÓLASAMTÖK
sniglar
LÝÐVELDISINS
Aðrir vegfarendur eru vinsamlegast beðnir
að virða lokanir á meðan keyrslu stendur



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Falleg og skemmtileg sýning dansflokksins

DANS ★★★★☆

**Ótta/Walking Mad**
Höfundar: Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir og Ásgeir Helgi Magnússon/Johan Inger
**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**

Fyrsta sýning Íslenska dansflokksins á 40 ára afmælisári hans var í Borgarleikhúsinu 12. apríl síðastliðinn. Þetta var hátíðleg stund þar sem menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávarpaði gesti og Sveinn Einarsson og Ingibjörg Björnsdóttir minntust þess þegar flokkurinn var stofnaður við lítil efni árið 1973. Í salnum mátti sjá marga af dönsurum flokksins undanfarin fjörutíu ár og aðra velunnara hans. Fólk sem horfði með stolti á afrakstur margra ára, oft og tíðum erfiðrar vinnu, lifna við á sviðinu.

Fyrra verk kvöldsins, Ótta eftir Hjördísi Lilju Örnólfsdóttur, Unni Elísabetu Gunnarsdóttur og Ásgeir Helga Magnússon dansara í flokknum, var samið fyrir og frumsýnt af flokknum í haust. Þá var verkið sýnt á nýja sviðinu og þarfnaðist því nokkurrar aðlögunar til að passa á stóra sviðið. Aðlögunin hafði greinilega gengið upp því lýsing og sviðsmynd komu mjög fallega út og dansinn naut sín betur í stærra rými. Veikleikar verksins voru þó enn til staðar, það er að efni þess var ekki nægilega skýrt – eins og það vantaði sterkari þráð sem héldi allt til enda og hljóðmyndin, samansett úr mismunandi lögum, skapaði brotakennda stemmingu. En á móti kom að flæðið í hreyfingunum og frammistaða dansaranna var slík að unun var á að horfa.

Seinna verkið var verðlaunaverk Svíans Johans Inger, Walking Mad, sem samið er við tónlist Maurice Ravel, Boléro. Það er ekki að undra að þetta tónverk hafi verið uppspretta sköpunar sterkra danshöfunda eins og Maurice Béjart, því það er tilfinningaþrungið og töfrandi. Johan nýtir sér allar hliðar tónlistarinnar í dansköpuninni allt frá glaðværð og húmor til magnþrunginna átaka og kúgunar. Hann fangar stigmagnandi kraft tónlistarinnar í dansinum og skapar stemmingu sem gerir það að verkum að áhorfandinn er nánast jafn uppgefinn í lokin og dansararnir. En Johan lætur sér ekki nægja að skapa sögu við Boléro heldur býr verkinu sérstaka umgjörð með því að hafa upphaf og endi sem stendur fyrir utan það sjálft og leitar þar í smiðju Arvos Pärt eftir tónlist. Hann brýtur einnig upp stigmagnandi stemmingu tónverksins með þögn sem leiðir áhorfandann inn í annan heim.

Upphaf og endir verksins voru einstaklega falleg en lokakaflinn virkaði of langur fyrir heildina þannig að hann yfirgnæfði og ýtti í burt upplifuninni og tilfinningunum sem sjálft Boléro-verkið skildi eftir sig. Öll umgjörð verksins er vel útfærð og bar vott um smekkvísi og nákvæmni í vinnubrögðum. Flekinn sem myndar sviðsmynd verksins, ótrúlega einfaldur en uppspretta ótal möguleika í kóreógrafíunni, var nýttur á snilldarlegan hátt bæði sem umgjörð og hluti af dansinum.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sýning Íslenska dansflokksins Walking Mad er falleg og skemmtileg og ber færni og fagmennsku þeirra sem að flokknum standa, dansara jafnt sem annarra listamanna, ljós merki.

## UNDRAHEIMUR DISCWORLD

Discworld eru fantasíubækur í léttum tón og gerast í hinum ímyndaða heimi Discworld sem er skjöldur borinn uppi af fjórum fílum sem standa á baki skjaldböku sem svífur um geiminn.

Bækurnar bæði gera grín að og sækja hugmyndir til bóka J. R. R. Tolkien, Roberts E. Howard, H. P. Lovecraft og Williams Shakespeare, auk þess að leita fanga í goðafræði, þjóðsögum og ævintýrum. Allar þessar sögur notar Pratchett til að skapa háðsádeilu á menningu, pólitík og vísindi samtímans.

Bækurnar hafa selst í yfir 70 milljón eintökum á 37 tungumálum og Pratchett stendur eins og er í stífum samningaviðræðum um það hvort hann vilji selja kvikmyndaréttinn. Hann er efins um að það væri rétt, þar sem hann óttast að peningaöflin í Hollywood myndu skrumskæla boðskap bókanna.

**Bækur sem gott er að byrja á til að komast inn í Discworld**
**The Colour of Magic**
**Guards, Guards**
**Mort**
**Small Gods**
**Jingo**
**Going Postal**



# VERÐUR SKRIFANDI FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR

Discworld-bækur Terrys Pratchett eru orðnar 39 talsins og sú fertugasta er væntanleg í haust. Þær seljast í milljónaupplögum og aðdáendur virðast aldrei fá nóg. Pratchett greindist með Alzheimer árið 2007 en segist munu skrifa fram í andlátið.

Aðdáendur Discworld-bókanna geta farið að hlakka til því á haustmánuðum er fertugasta bókin í seríunni, Raising Steam, væntanleg á markað. Pratchett var í viðtali í The Guardian fyrir skemmstu og þar kemur fram að þrátt fyrir Alzheimer-greininguna hefur hann ekki í hyggju að hætta að skrifa.

„Við deyjum öll,“ segir hann. „Maður gerir eins vel og maður getur á meðan maður getur og hefur ekki áhyggjur af því að deyja. Það er hvort eð er ekkert hægt að gera við því.“

Spurður um ástæðuna fyrir því að hann hóf að skrifa Discworld-bækurnar hefur hann fá svör. „Það gerðist bara,“ segir hann. „Í upphafi var ég að gera grín að fantasíubókum, en þegar fyrsta bókin, The Colour of Magic, seldist upp á einum degi ákvað ég að skrifa aðra.“ Hann segir bækurnar hafa batnað eftir því sem þær urðu fleiri. „Ég var orðinn eldri og hafði gert fleira og hugsað meira og hafði meiri reynslu til að byggja á.“ Smám saman hætti háðið að beinast að fantasíum og fór að beinast að heiminum í heild. Pratchett segist hafa víkkað sviðið út til að „verða ekki maður sem situr og öskrar á sjónvarpið“.

Pratchett heldur því fram að lesendur bóka hans séu á öllum aldri og það sem sameini þá sé áhuginn á öllu sem sé áhugavert og opinn hugur. „Vísindaskáldsagan er um fólk sem er bara fólk og er ekkert að hugsa um holdafar, stærð eða húðlit. Það er erfitt að halda í fordómana ef maður les mikið af vísindaskáldskap.“

Vangaveltur hafa verið uppi um það hvort hugsanlegt sé að Rhianna, dóttir Pratchetts, geti haldið áfram að skrifa um Discworld þegar hann er allur. Hann gefur lítið út á það, segir það alfarið vera hennar ákvörðun. Hann þrýsti ekki á hana. En hann muni halda áfram að skrifa á meðan hann getur, hvað á eftir fylgi komi bara í ljós.

**fridrikab@frettabladid.is**




Árlega veitir Íslandsbanki tíu félögum í Námsvild námsstyrki. Tekið er á móti umsóknum til **3. maí 2013**

- Tveir styrkir til framhaldsskólanáms hvor **100.000 kr.**
- Fjórir styrkir til háskólanáms (BA/BS/B.Ed) hver **300.000 kr.**
- Fjórir styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi hver **500.000 kr.**

Sótt er um á vef Íslandsbanka, **www.islandsbanki.is.**

Finndu okkur á Facebook.
www.facebook.com/Islandsbanki.Namsmenn

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki


Norræna húsið og Cirkus Xanti kynna:
VOL
CAN
O
Sirkushátíð
í
Vatnsmýrinni
4.-14.
Júlí
2013
Cirkus Cirkör
sýnir Wear it Like a Crown í Borgarleikhúsinu
Cirkus Xanti
Burnt out Punks
Sirkus Íslands
Fidget Feet - Kallo Company
Animal Religion Show - Pain Solution Kabarett
Ron Beeri - Frida - Tumble Cirkus - Betti Combo
Sirkusnámskeið fyrir börn og unglinga
Sex sirkustjöld,
magnaðar sirkussýningar fyrir alla
fjölskylduna,
kaffihús,
götuleikhús, tónleikar, miðnætur-
kabarett, og skeggjaða konan!
Frítt er inní þorpið sjálft þar sem sirkuslífið
er í fullum gangi allan daginn.
Miðasala á midi.is,
Norræna húsinu og
Borgarleikhúsinu
á sýningu Cirkus Cirkör.
Miðasala
á
midi.is
www.norraenahusid.is
www.volcanoiceland.tumblr.com
www.facebook.com/volcanosirkuslistahatid
NORRÆNA HÚSIÐ
Culture
norden
norden
Cirkus
Xanti

# Syngur við opnun menningarhátíðar í Þýskalandi

**Söngkonan Anna María Björnsdóttir verður með tónleika á opnunarkvöldi menningarhátíðarinnar Nordischer Klang í Greifswald.**

„Ég er á förum til Greifswald í Þýskalandi, ásamt hljómsveit, til að koma fram við opnun menningarhátíðarinnar Nordischer Klang á föstudaginn,“ segir Anna María Björnsdóttir söngkona kát. „Hljómsveitin samanstendur af Hilmari Jenssyni á gítar, Tómasi Jónssyni á hljómborð, Valdimar Olgeirssyni á bassa, Óskari Kjartanssyni á trommur og hinni dönsku Josefine Opsahl sem spilar á selló. Ég sem tónlistina en við höfum útsett tónlistina mikið til saman.“

Fyrsta sólóplata Önnu Maríu, Saknað fornaldar, sem kom út í lok síðasta árs er nú komin í sölu í Þýskalandi og hefur fengið frábæra dóma. Glitterhouse Records, gefur henni fjórar og hálfa stjörnu og segir: „Anna María notar alla röddina þegar hún syngur og röddin er töfrandi, svöl, glæsileg, kristaltær, kraftmikil og há – ótrúleg rödd. Ljóðin setur hún saman við algjörlega tímalausa tónlist.“ Og Musikreviews.de segir: „Rómantískt þjóðlagarokk. Sjaldgæft að listamaður leggi svona mikla áherslu á tengslin milli ljóða og tónlistar. Röddin er kristaltær og heillandi. Plötuna ætti að kenna í skólum á Íslandi.“

Hugmyndina að lögunum á plötunni fékk Anna María þegar hún var að grúska í gömlum íslenskum ljóðabókum sem hún erfði frá ömmu sinni og afa og hún samdi líka lög við tvö ljóð eftir ungskáldið Sölva Björn Sigurðsson.

Anna María býr og starfar í Kaupmannahöfn. Þar kemur hún fram með norrænu spunasönghljómsveitinni IKI sem hefur komið tvisvar til Íslands. Hún hlakkar til að fara í heimsókn til Greifswald. Þar segir hún marga skilja íslensku enda sé íslenska kennd við háskólann þar. -gun



**ANNA MARÍA** Hefur fengið frábæra dóma í Þýskalandi fyrir diskinn sinn Saknað fornaldar. Nú ætlar hún að syngja fyrir Þjóðverja í eigin persónu við undirleik hljómsveitar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






## Andlit Esju

**Rósa Sigrún Jónsdóttir myndlistarkona opnar sýningu í SÍM salnum í Hafnarstræti 16 á morgun, 2. maí. Þar eru verk unnin í ýmsa miðla; málverk, teikningar, textíl og skúlptúrar sem eiga rætur sínar í áralangri útivist og fjallgöngum Rósu Sigrúnar.**

**Verkin eru byggð á gagnasöfnun sem fram hefur farið í ferðum um Esjuna á undanförnum árum því Rósa skráir ferðir sínar með ýmsum hætti, tekur myndir, skrifar texta, telur stigin spor með skrefamæli, skráir ferla og safnar sýnishornum. Þessar upplýsingar notar hún til að skapa nýja mynd af Esjunni, bæjarfjalli Reykvíkinga. „Tilfinningar mínar til fjallsins seytla út í gegnum fæturna á göngunni og í gegnum hendurnar þegar heim á vinnustofuna er komið,“ segir listakonan.**

**Sýningin er opin virka daga milli 10 og 16 og stendur út maímánuð.** - gun



**FLYTJA MONKLÖG** Rósa Sveinsdóttir söngkona og Sigmar Matthíasson bassaleikari flytja lög eftir Thelonious Monk í Munnhörpunni.

## Rósa syngur Monk

Rósa syngur Monk er samstarfsverkefni Rósu Sveinsdóttur söngkonu og Sigmars Matthíassonar bassaleikara, en þau útskrifuðust bæði frá djassdeild Tónlistarskóla FÍH vorið 2012. Á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans á Munnhörpunni í Hörpu á miðvikudaginn, 2. maí, gefst áheyrendum kostur á að hlýða á þau Rósu og Sigmar flytja lög eftir Thelonious Monk.

Tilefnið er að um þessar mundir eru 25 ár síðan plata söngkonunnar Carmen McRae, „Carmen Sings Monk“, kom út. Þessi einstæða djasssöngsplata inniheldur, eins og nafnið gefur til kynna, lög Monks með textum söngvarans og Íslandsvinarins Jons Hendricks. Auk þeirra Rósu og Sigmars koma fram saxófónleikarinn Jóel Pálsson, Kjartan Valdemarsson, sem leikur á píanó, og trommuleikarinn Scott McLemore.

# Aukasýningar á Grande

## Verk um móður og son í Hlíðunum á fjalirnar á ný.



Grande eftir Tyrfing Tyrfingsson hefur verið sett í sýningar á ný og er nú komið í Tjarnarbíó. Grande segir sögu af móður og syni í Hlíðunum. Hún hefur brennt allar brýr að baki sér og syni hennar en þessa dagana æfa þau draggsýningu með laginu I know him so well með Susan Boyle og Elaine Page. Atriðið er gert fyrir fimmtudagsafmæli fyrrverandi félaga hennar, í von um að endurvekja forna frægð. En í miðju æfingaferlinu ákveður sonurinn að flytja út.

Með hlutverk sonarins fer Hjörtur Jóhann Jónsson en tónlist er í höndum Steinþórs Helga Sunde. Tyrfingur er einnig leikstjóri verksins. Sýnt verður 3., 5., 10. og 11. maí.

**TYRFINGUR TYRFINGSSON** Leikstjóri og höfundur Grande sem hefur verið sett í sýningar á ný.

# Sönglög frá síðustu öld

## Tríó Björns Thor ásamt Andreu Gylfa heldur tónleika í Salnum á sunnudaginn.

Björn Thoroddsen mun, ásamt tríói sínu og Andreu Gylfadóttur, halda tónleika í Salnum sunnudaginn 5. maí klukkan 17 sem bera yfirskriftina Ó, blessuð vertu sumarsól. Þar hljóma lög af diskunum Vorvindar, Vorvísur og Heiðanna ró, sem komu út með sömu flytjendum á árunum 2006 til 2009. Þetta eru sönglög frá síðustu öld sem endurspegla hinn sanna íslenska anda og eru yfirfull af vor-, sumar- og sveitarómantík; lög eins og Vorvindar glaðir, Fram í heiðanna ró, Kvöldið er fagurt, Hlíðin mín fríða og fleiri. Allt lög sem hafa fest sig í sessi hér á landi.

- gun



**FLYTJENDURNIR** Flytja lög full af vor-, sumar- og sveitarómantík.

# Tekur við stjórn í Bíói Paradís

Ása Baldursdóttir hefur verið ráðin sem dagskrárstjóri í Bíói Paradís, Hverfisgötu 54 í Reykjavík, og tekur við af Ásgrími Sverrissyni.



**ÁSA BALDURSDÓTTIR**

Markmið Bíós Paradísar er að sýna áhugaverðar kvikmyndir frá öllum heimshornum og íslenskar kvikmyndir af öllum gerðum. Reglulegar sýningar á perlum kvikmyndanna fyrir börn og unglinga fara fram í húsinu til að efla menntun og þekkingu á listgreininni.

Ása hefur fjölbreytta náms- og starfsreynslu, hefur lært listræna ljósmyndun, sagnfræði, listfræði, blaða- og fréttamennsku og hagnýta menningarmiðlun og unnið við dagskrárumsjón hjá RIFF og Mánudagsbíó Háskóla Íslands, svo nokkuð sé nefnt.

- gun

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 1. MAÍ 2013**

### Tónleikar

**16.00** Vortónleikar Kammerkórs Mosfellsbæjar verða haldnir í Háteigskirkju. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna leikur með kórnum og kórstjóri er Símon H. Ívarsson.



**20.30** Tónelskir læknar koma fram á Café Rósenberg. **Helgi Júlíus Óskarsson** er kynnir. Meðal þeirra sem koma fram eru Eyjólfur Guðmundsson, Sigrún Hjartardóttir og hljómsveit Þórólfs Guðnasonar.

**21.00** Hljómsveitin „Rósa syngur Monk“ kemur fram á tónleikum Múlans á Munnhörpunni í Hörpu.

**21.00** Hljómsveitin Moses Hightower leikur á Græna hattinum. Nini Wilson, betur þekktur sem Árni Vilhjálms úr FM Belfast, hitar upp.

### Umræður

**17.00 Sara Reil** ræðir um strætislistir og áhrifavalda innan hennar í Listasafni Árnesinga. Umræðurnar eru einkum ætlaðar unglingum og áhugafólki um strætislist og graffítí. Aðgangur er ókeypis.



*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*




Nýdönsk
FRAM Á NÓTT

# Við bjóðum 20% afslátt á Nýdanska

**Viðskiptavinir Íslandsbanka fá 20% afslátt á tónleikana Fram á nótt með hljómsveitinni Nýdanskri.**

Misstu ekki af einstakri upplifun þar sem Nýdönsk mun taka öll sín vinsælustu lög sem hafa tekið sér bólfestu í hjörtum fjölmargra aðdáenda sveitarinnar.

Skemmtu þér **Fram á nótt** með Nýdanskri!

**Forsala fyrir viðskiptavini Íslandsbanka hefst þriðjudaginn 30. apríl** en almenn miðsala 2. maí.

Viðskiptavinir á póstlista Vildarklúbbsins hafa fengið afsláttarkóða í tölvupósti en til að nýta sér tilboðið er einnig hægt að nálgast afsláttarkóða hjá Þjónustuveri bankans í síma 440-4000 eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

**Nýdönsk**
**Eldborg, Hörpu**
**21. september kl. 20**

**Hofi Akureyri**
**28. september kl. 20**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 2. maí gefur Íslandspóstur út frímerki tileinkuð bæjarhátíðum og Evrópufrímerkin 2013, en þema þeirra er póstbílar. Einnig kemur út smáörk í tilefni Norrænu frímerkjasýningarinnar Nordia 2013 þar sem myndefnið er norðurljós.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN




**A GOOD DAY TO DIE HARD** Síðasta Die Hard-mynd hlaut misjafnar viðtökur.

# Die Hardest í vinnslu

## Sjötta og hugsanlega síðasta Die Hard-myndin, Die Hardest, er í undirbúningi.

Sjötta og líkast til síðasta myndin í Die Hard-hasarmyndaröðinni hefur fengið nafnið Die Hardest.

Handritshöfundurinn Ben Trebilcook er byrjaður að vinna við myndina eftir að hafa átt fund með Larry D. Webster, ráðgjafa við framleiðslu Die Hard 5, sem hét reyndar A Good Day To Die Hard. Hún kom út síðasta sumar og fékk misjafnar viðtökur. Sumum þótti hún hin prýðilegasta hasarmynd en öðrum þótti þrettándinn orðinn heldur þunnur.

Í viðtali við Total Film sagði Trebilcook Die Hardest eiga að hefjast í New York en gerast svo að mestu leyti í Tókýó. „Handritið er mjög trútt myndaröðinni og persónunum og söguþráðurinn er líka mjög raunsær,“ sagði hann við Total Film.

Þrátt fyrir að handritið sé í vinnslu er ekki öruggt að myndin verði gerð. „Það var gott að fá stuðning Larrys en það þarf enn að yfirstíga nokkrar hindranir. Tvær þeirra heita Bruce Willis [sem leikur aðalpersónuna John McClane] og Alex Young [framleiðandi A Good Day To Die Hard].“

Áður en A Good Day To Die Hard kom út lét Bruce Willis hafa eftir sér í viðtali við vefsíðuna Screen Rant að hann vildi leika í sjöttu myndinni. Hún yrði jafnframt hans síðasta. „Eins og staðan er núna get ég hlaupið og barist á hvíta tjaldinu. En sá tími mun renna upp þegar mig langar ekki lengur til þess. Þá mun ég segja skilið við Die Hard-myndirnar.“

> ➜ Die Hardest fetar m.a. í fótspor Die Hard og Die Harder sem komu út 1998 og 1990.





Vortónleikar í Langholtskirkju

Miðvikudaginn 1. maí kl. 20:00
Fimmtudaginn 2. maí kl. 20:00
Laugardaginn 4. maí kl. 15:00

*Á efnisskrá verða m.a. lög eftir Sigvalda Kaldalóns og Hjálmar H. Ragnarsson, íslensk þjóðlög í útsetningum Árna Harðarsonar, Hjálmars H. Ragnarssonar og Þórarins Jónssonar. Einnig verða fluttar bænir eftir Francis Poulenc, verk eftir Camille Saint-Säens og að lokum aríur og kórar eftir höfundana Giuseppe Verdi, Francisco Paolo Tosti, Stanislao Gastaldon og Gioachino Rossini.*




Einsöngur Gissur Páll Gissurarson
Píanó Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Stjórnandi Árni Harðarson

Verð aðgöngumiða 3.000 kr. Miðasala við innganginn.




**DIMMA** Sólstafir og Dimma spila í Austurbæ á fimmtudagskvöld.

# Hápunktur hjá þungarokkurum

## Dimma og Sólstafir halda sameiginlega tónleika í Austurbæ á fimmtudag.

Dimma og Sólstafir verða með sameiginlega tónleika í Austurbæ á fimmtudag. Dimma gaf út plötuna Myrkraverk á síðasta ári sem hlaut fínar viðtökur. Fjögur lög af henni hafa komist á vinsældarlista Rásar 2.

Undanfarið hefur Dimma verið á tónleikaferð um landið ásamt Sólstöfum og hápunkturinn á þeirri ferð eru tónleikarnir í Austurbæ. Dimma mun flytja Myrkraverk í heild sinni, ásamt eldri lögum, og Sólstafir munu m.a. leika efni af plötunni Svartir sandar sem fengið hefur góða dóma víða um heim.

Sólstafir voru einmitt að senda frá sér nýtt tónleikamyndband við lagið Æra þar sem upptökur frá áhorfendum spila stórt hlutverk. Áhorfendur voru beðnir um að taka upp myndskeið á síma og senda inn, sem skilaði sér í líflegu myndefni. „Nú er annar hver maður með myndbandsupptökuvél í vasanum og okkur fannst tilvalið að nýta okkur það,“ segir Sæþór Maríus, gítarleikari Sólstafa, sem lofar flottum tónleikum. „Flest okkar lög eru í lengri kantinum og það er sjaldan sem við höfum tækifæri til að spila mörg þeirra á tónleikum, en það ætlum við að gera í Austurbæ. Þetta verður allur pakkinn.“

Ekkert aldurstakmark er á tónleikana sem hefjast kl. 20. **- fb**

> ➜ Myndband Sólstafa við lagið Æra var tekið upp í Kaplakrika í Hafnarfirði.



**ELSKAR VINNUNA** Sofia Vergara opnar sig í forsíðuviðtali við Cosmopolitan.

## Frysti úr sér egg

Leikkonan Sofia Vergara er í forsíðuviðtali við nýjasta tölublað bandaríska Cosmopolitan. Þar kemur ýmislegt fram og meðal annars að hún er búin að láta frysta úr sér egg. „Ég er búin að láta frysta úr mér egg til að halda möguleikanum um barneignir opnum.“

Einnig viðurkennir Vergara að hún sé forfallinn vinnusjúklingur. „Ég elska að að vinna og afla mér tekna,“ segir Vergara sem sló í gegn í Modern Family.



**NÝTUR LÍFSINS** Rihanna nýtur þess að vera á lausu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aftur á lausu

**Sambandi söngkonunnar Rihönnu og rapparans Chris Brown virðist vera alveg lokið núna en parið hefur verið sundur og saman á undanförnum mánuðum. Rihanna setti inn myndir af sér ásamt óþekktum manni á Twitter um helgina og í kjölfarið hætti Brown að fylgja henni á samskiptasíðunni. Rihanna virðist þó ekki taka sambandsslitin nærri sér en hún hefur farið mikið út á lífið ásamt vinum sínum.**



**METALLICA** Lars Ulrich telur að næsta plata komi ekki út fyrr en 2015.

## Næsta plata árið 2015

Lars Ulrich, trommari Metallica, segir ólíklegt að ný plata með hljómsveitinni komi fyrr en árið 2015. Síðasta plata sveitarinnar, Death Magnetic, kom út 2008.

„Það kæmi mér á óvart ef við náum að klára heila plötu fyrir árið 2015. Við erum lengi að búa til plötur og við erum einnig uppteknir við marga aðra hluti. En við snúum okkur að þessu á endanum,“ sagði Ulrich í viðtali við Channel 24 í Suður-Afríku.

Þrívíddarmyndin Through the Never er væntanleg í bíó 27. september í Bandaríkjunum og viku síðar annars staðar.

# Ástin kviknaði á nýjan leik hjá Bieber

Selena Gomez heimsótti Justin Bieber á tónleikaferðalagi um Noreg. Hafa verið sundur og saman síðustu ár.

Ástin virðist hafa kviknað á nýjan leik hjá söngvaranum Justin Bieber og leikkonunni Selenu Gomez. Hún sást heimsækja söngvarann er hann var í Noregi, en Bieber er á miklum tónleikatúr um heiminn þessa dagana. Einnig hafa þau sett inn myndir af sér saman á samskiptasíðurnar Twitter og Instagram sem gefa til kynna að stjörnuparið hafi náð saman á ný.

Gomez og Bieber opinberuðu samband sitt árið 2011 við litla ánægju aðdáenda Biebers, sem kalla sig gjarna Beliebers.

Þegar þau síðan greindu frá sambandsslitum sínum í upphafi árs voru enn fleiri reiðir enda höfðu þau Gomez og Bieber náð að vinna hug og hjörtu aðdáenda á meðan á sambandinu stóð. Bieber þótti ekki tækla sambandsslitin vel, fékk sér fleiri húðflúr og keypti sér apa. Nú hefur hann tekið gleði sína á ný en á leiðinni heim frá Noregi með Gomez setti hann inn á Twitter skilaboðin „er glaður“.



**SAMAN Á NÝ** Selena Gomez heimsótti Bieber til Noregs þar sem hann var á tónleikaferðalagi og vona aðdáendur að parið hafi náð aftur saman. NORDICPHOTOS/GETTY

Við erum í
sumarskapi
og bjóðum
70%
afslátt af öllum vörum
frá: 1. maí - 5. maí
opið í dag 1. maí frá kl. 12-18
opið sunnudaginn 5. maí frá kl. 13-17
FATÓ
markaður
OPIÐ Í DAG
Merkjavörur frá:
COMPANYS Kultur gs skór galleri sautján eva
VÖRUR FRÁ: INWEAR | PART TWO | SAINT TROPEZ | SOAKED IN LUXURY | MALENE BIRGER | ILARIA NISTRI
BILLI BI | STRATEGIA | G-STAR | GERALD DAREL | DKNY | DIESEL OG FLEIRI FALLEG MERKI
FATÓ - ÚTSÖLU MARKAÐUR í kjallara evu laugavegi 26



FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010



**KATHERINE JACKSON** Móðir Michaels Jackson vill að AEG Live verði dæmt fyrir aðild að dauða sonar síns. NORDICPHOTOS/GETTY

# Deila hart um dauða Michaels Jackson

## Réttarhöld eru hafin í dómsmáli fjölskyldu Michaels Jackson gegn AEG Live.

Lögfræðingur fjölskyldu Michaels Jackson heldur því fram að tónleikahaldarinn AEG Live hafi ekki staðið sig í stykkinu þegar læknirinn Conrad Murray var ráðinn til að annast popparann sáluga.

Réttarhöld eru hafin í Los Angeles í málinu, sem fjölskylda Jacksons, þar á meðal móðir hans Katherine, höfðaði gegn AEG Live. Lögfræðingurinn Brian Panish sagði fyrir rétti að AEG Live væri eini aðilinn sem segðist ekki hafa vitað af fíkn popparans í lyfseðilsskyld lyf. „Í gegnum árin taldi fjölskylda Jacksons og fólk sem þekkti hann að hann glímdi við vandamál vegna lyfjafíknar,“ sagði hann og hélt áfram: „Slökkt var að eilífu á hrífandi rödd hans, tónlistarsnilld, sköpunargáfu og hans stóra hjarta.“

Lögfræðingur AEG Live, Marvin Putnam, sagði að Jackson hefði gætt einkalífs síns vel og vandlega og tónleikahaldarinn hefði ekkert vitað um fíkn hans. „Sannleikurinn er sá að Michael Jackson gabbaði alla. Hann sá til þess að enginn vissi um hans myrkustu leyndarmál.“

Talið er að dómsmálið fjalli að mestu um síðustu mánuðina í lífi Jacksons, sögu hans í fjármálum og heilsufar hans. Búist er við því að börnin hans muni bera vitni og hugsanlega söngkonan Diana Ross, leikstjórinn Spike Lee og upptökustjórinn Quincy Jones.

Conrad Murray verður að vonum áberandi í málinu. Læknirinn var dæmdur sekur fyrir manndráp af gáleysi árið 2011 fyrir að láta Jackson fá banvænan skammt af róandi lyfjum og deyfilyfinu Propofol sem drógu popparann til dauða.

Í málshöfðun sinni frá árinu 2010 heldur fjölskylda Jacksons því fram að AEG hafi ekki rannsakað bakgrunn Murrays almennilega áður en hann var ráðinn sem einkalæknir Jacksons. Murray átti að fá 150 þúsund dali á mánuði á meðan á tónleikaferðinni This Is It átti að standa en Jackson lést áður en hún hófst. Fjölskyldan telur að fyrirtækið hafi sett of mikinn þrýsting á Murray um að gera Jackson kláran fyrir tónleikaferðina.

AEG Live mun halda því fram að Jackson hafi valið Murray sem lækninn sinn og að hann hafi ekki verið starfsmaður fyrirtækisins.

### SÝKNAÐUR AF KYNFERÐISOFBELDI

Árið 2005 var Michael Jackson sýknaður af ákærum um kynferðislega áreitni gegn börnum. Þau réttarhöld stóðu yfir í langan tíma en þar var kafað djúpt ofan í stórskrítið einkalíf popparans.



















# ALLT Í GARÐINN

# TAX FREE*



**Garðplöntur • Áburður og gróðurmold**
**Hekkklippur • Garðverkfæri**
**Háþrýstidælur • Hjólbörur • Garðleikföng**
**Trampolín • Garðhúsgögn**










## OPIÐ Í DAG!

Skútuvogi, Grafarholti og Hafnarfirði






DYNAMO REYKJAVÍK

**Opið 1. maí**

| | |
|---|---|
| Skútuvogur | kl. 10-19. |
| Grafarholt | kl. 10-18, timbursala lokuð. |
| Hafnarfjörður | kl. 10-16, timbursala lokuð. |

blómaval

HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ

*Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

SPÁ FRÉTTA-BLAÐSINS 2013

BREIÐABLIK

pepsi deildin

hefst eftir

4

daga

## Blikar hafna í 4. sæti

Breiðablik komst aldrei ofar í töflunni á síðustu leiktíð en fjórða sæti þar til sigur á Stjörnunni í lokaumferðinni lyfti liðinu í annað sætið. Frábær endir á um margt undarlegu tímabili.

Liðið er sterkara í ár með Gunnleif í markinu auk þess sem Daninn Nichlas Rohde verður með liðinu frá fyrsta leik. Ungu strákarnir eru árinu eldri auk þess sem Guðjón Pétur og Ellert styrkja hópinn til muna. Liðið verður í toppbaráttunni og gangi allt eftir gæti sumarið orðið eftirminnilegt.



### ➔ STJARNAN

**Gunnleifur Vignir Gunnleifsson**

Blikar opnuðu veskið í vetur og fjárfestu í landsliðsmarkverðinum. Með Gulla á milli stanganna hafa Blikar reynslubolta sem hefur unnið allt og ætti að geta miðlað af reynslunni til ungu strákanna.

### ➔ ÞJÁLFARINN



**Ólafur Kristjánsson** er 44 ára gamall og á sínu áttunda tímabili með liðið. Þetta er annað félagið sem hann þjálfar í efstu deild en hann þjálfaði áður Fram. Á að baki níu tímabil sem þjálfari í efstu deild (165 leikir, 64 sigrar, 48 prósent).

### ➔ NÝJU ANDLITIN

Ellert Hreinsson (Stjarnan)
Guðjón Pétur Lýðsson (Valur)
Gunnleifur V. Gunnleifsson (FH)
Nichlas Rohde (úr láni)
Jökull I. Elísabetarson (úr láni)
Árni Vilhjálmsson (úr láni)

**Fylgstu með þessum:**
**Elfar Árni Aðalsteinsson** – Húsvíkingurinn hefur verið sjóðandi heitur í vetur.

### ➔ HVAÐ ER LANGT SÍÐAN…

…liðið varð meistari – **3 ár** …liðið spilaði í b-deild – **8 ár** …liðið féll úr deildinni – **12 ár** …liðið varð bikarmeistari – **4 ár** …liðið átti markakóng deildarinnar – **7 ár** …liðið fékk á sig fæst mörk í deildinni – **3 ár**

➔ **EINKUNNASPJALDIÐ** **VÖRNIN** ★★★★☆ **SÓKNIN** ★★★☆☆ **ÞJÁLFARINN** ★★★★☆ **BREIDDIN** ★★★☆☆ **ÍSLANDSMEISTARI: 1 (2010)** **BIKARMEISTARI: 1 (2009)**

## Ballið búið

**FÓTBOLTI** Borussia Dortmund tryggði sér í gærkvöldi sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu þrátt fyrir 2-0 tap gegn Real Madrid. Dortmund leikur til úrslita í fyrsta skipti í 16 ár en Real féll úr keppni í undanúrslitum þriðja árið í röð. -ktd



**SVEKKTUR** Cristiano Ronaldo var fjarri sínu besta í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Birna bætti leikjametið

**KÖRFUBOLTI** Birna Valgarðsdóttir, leikmaður kvennaliðs Keflavíkur, varð Íslandsmeistari í sjöunda sinn í fyrrakvöld en auk þess krækti hún í þrjú met.

Birna lék á mánudagskvöldið sinn 36. leik í lokaúrslitum kvenna og bætti þar með met Guðbjargar Norðfjörð og Kristínar Bjarkar Jónsdóttur (35 leikir). Birna spilaði enn fremur um leið sinn 22. sigurleik í úrslitum og sló þá met Önnu Maríu Sveinsdóttur og Birna hafði í leiknum á undan slegið met Guðbjargar Norðfjörð yfir flestar þriggja stiga körfur í úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn. - óój



**TVÆR KÁTAR** Birna Valgarðsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir fagna Íslandsmeistaratitlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## 15 sigrar í 17 úrslitaleikjum

**KÖRFUBOLTI** Pálína Gunnlaugsdóttir, fyrirliði nýkrýndra Íslandsmeistara Keflavíkur og besti leikmaður lokaúrslitanna á móti KR, hefur aldrei tapað úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn.

Pálína hefur farið fimm sinnum í úrslit og unnið titilinn í öll skiptin, fyrst með Haukum 2006 og 2007 og svo með Keflavíkurliðinu í þrígang (2008, 2011 og 2013). Enn magnaðri er sú staðreynd að Pálína hefur verið í sigurliði í 15 af 17 úrslitaleikjum hennar um Íslandsmeistaratitilinn sem gerir 88 prósenta sigurhlutfall.

Pálína varð enn fremur á mánudagskvöldið aðeins fimmta íslenska körfuboltakonan sem nær 30 stiga leik í úrslitum. - óój

# Það féllu tár inni í klefanum

Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, segir að tilfinningarnar hafi borið suma leikmenn liðsins ofurliði eftir tapið gegn Grindavík í oddaleiknum á sunnudag. Teitur hefur ekki tekið ákvörðun um framtíðina en hann hefur verið í körfuboltanum í þrjátíu ár. Stjarnan vill halda honum en Teitur gæti allt eins tekið sér frí.

**KÖRFUBOLTI** „Það vorar alltaf aftur,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, en hans lið rétt missti af Íslandsmeistaratitlinum í frábærum oddaleik gegn Grindavík. Teitur átti erfitt með sig eftir leik enda keppnismaður mikill.

„Ég neita því ekki að þetta var mikið áfall. Þetta er ógeðslega sárt. Þetta er örugglega nálægt því versta sem ég hef upplifað. Tilfinningarnar voru mjög miklar eftir leik. Mér leið eins og ég væri sextán ára að byrja í þessu. Við áttum mjög bágt með okkur margir og ég þar á meðal. Við berum tilfinningar hver til annars og menn fundu til með hinum eins og á að vera í alvöru liði. Það féllu tár inni í klefanum. Ég átti bágt með mig og fékk kökk í hálsinn.“

### Urðum okkur ekki til skammar

Lið Teits barðist allt til enda og hann segist vera stoltur af sínu liði.

„Við urðum okkur ekki til skammar. Við gáfum allt sem við áttum og þá er auðveldara að sætta sig við tap. Það geta allir litið í spegil og sagt að þeir hafi gert sitt besta,“ sagði Teitur en það munaði mikið um að hans lið missti Bandaríkjamanninn Jarrid Frye meiddan af velli snemma leiks. Hann sneri sig mjög illa á ökkla en er sem betur fer ekki brotinn.

„Það hefðu mörg lið lagst niður þá en ekki við. Jarrid var búinn að vera frábær og var vel stemmdur. Það var því áfall að missa hann. Ég sá ökklann á honum í hálfleik og hann var eins og blaðra.“

Uppskera Stjörnunnar eftir tímabilið er samt góð. Stjarnan varð bikarmeistari og komst mjög nálægt því að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil.



**KEPPNISMAÐUR** Teitur Örlygsson segist hafa átt erfitt með sig eftir tapið gegn Grindavík. Hann hafi fengið kökk í hálsinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þegar frá líður verður hægt að horfa á þetta og vera þokkalega sáttur. Ég vil meina að það sé ógeðslega erfitt að vinna þessa deild. Við sáum núna hvað meiðslin settu mikið strik í reikninginn hjá mörgum. Við gerum okkur alveg grein fyrir því að það meiddust menn gegn okkur sem gerði okkur örugglega auðveldara fyrir. Það fylgir þessu og meiðsli hafa sett mikið strik í reikninginn í NBA-deildinni núna.“

Teitur var að klára sitt fjórða ár með Stjörnunni og hann er búinn að skila tveimur bikarmeistaratitlum. Hvað ætlar hann að gera núna?

> ❞ **Tilfinningarnar voru mjög miklar eftir leik. Mér leið eins og ég væri sextán ára að byrja í þessu.**
>
> *Teitur Örlygsson*

„Það er stóra spurningin. Ég er tvístígandi eins og staðan er. Um hvort ég eigi að halda áfram, prófa eitthvað annað eða hreinlega taka mér frí. Ég er búinn að vera í meistaraflokki síðan ég var 16 ára og er orðinn 46 ára. Ég hef aldrei gert neitt annað yfir vetrartímann,“ sagði Teitur en hann á sér einn draum sem ekki hefur tekist að uppfylla.

„Ég er mikill stuðningsmaður Man. Utd og horfi á alla leiki liðsins. Ég hef samt aldrei farið á Old Trafford, Mekka. Það er ekki nógu gott. Þetta er dæmi um það sem mann langar að gera. Svo kemur á móti að eldmóðurinn er til staðar og manni er ekki sama um hvort maður vinnur eða tapar. Ástríðan fyrir körfuboltanum er enn til staðar og spurning hvort það sé merki um að maður eigi að halda áfram. Þess vegna er þetta svona erfitt.“

Teitur segir að tíminn í Garðabænum hafi verið alveg frábær og að honum hafi liðið vel þar.

„Mér stendur til boða að þjálfa liðið áfram og ég er að velta því fyrir mér núna hvort ég eigi að halda áfram. Það er margt sem ég þarf að hugsa um núna og þetta er að veltast um inni í mér,“ sagði Teitur Örlygsson.

henry@frettabladid.is

# Síminn hjá Heiðari hefur ekki hringt enn þá

Atvinnumannaskórnir hjá Heiðari Helgusyni eru komnir upp í hillu eftir farsælan feril erlendis.

**FÓTBOLTI** Eftir fimmtán ára feril sem atvinnumaður í knattspyrnu er Heiðar Helguson kominn heim. Sjö erlend félög hafa notið góðs af markaskoraranum þrautseiga. Heiðar lék lykilhlutverk með Cardiff sem á dögunum tryggði sér sæti í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í fyrsta skipti. Frábær endir á farsælum ferli.

„Maður hefði ekki getað óskað sér betri endi en að fara upp. Tímabilið gekk alveg rosalega vel,“ segir Heiðar. Liðið á reyndar eftir einn leik um helgina en sá leikur skiptir litlu. Heiðar meiddist á kálfa á dögunum og hefur ekki spilað undanfarnar vikur. Löngu var þó ljóst að liðið væri á leiðinni upp og lítil ástæða til að láta Heiðar pína sig.

„Það var engin ástæða til að spila þá leiki. Bara láta Aron og strákana um að klára þetta,“ segir Heiðar léttur.

Heiðar verður 36 ára í ágúst og virðist hafa eilífð síðan hann hélt 22 ára til Lilleström í Noregi. Síðan lá leiðin til Englands þar sem hann var í þrettán ár eða allt þar til Cardiff falaðist eftir kröftum kappans síðasta árið.

„Það má eiginlega segja það að ég hafi enst lengur í atvinnumennskunni en ég reiknaði með,“ segir Heiðar. Hann segir miklu hafa munað um stuðning eiginkonu sinnar og fjölskyldu allan þennan tíma. Auk þess hafi skipt máli að hugsa vel um sig síðustu árin.

„Það er mjög mikilvægt ef maður ætlar að endast eitthvað, sérstaklega ef maður er kominn yfir þrítugt. Þá þarf að hugsa betur hvernig maður lifir lífinu.“

Heiðar var kjörinn íþróttamaður ársins 2011 en segir að undanfarið ár hafi legið ljóst fyrir að tímabilið hjá Cardiff yrði hans síðasta. Fjölskylda hans flutti til landsins á síðasta ári og nú er hún sameinuð á ný í Laugardalnum. Þar spilaði Heiðar með Þrótti áður en hann hélt utan og hafa þeir rauðu og hvítu ítrekað spaugað með það undanfarin ár að Heiðar lyki ferlinum í Þrótti.

**1997**

Heiðar spilaði síðast á Íslandi með Þrótti í b-deild.

„Síminn hefur ekki hringt. Ég hef alveg verið látinn í friði,“ segir Heiðar léttur. Mun meiri líkur séu á því að sjá hann á golfvellinum í sumar en framherjinn er með forgjöf í kringum tíu.

„Það rignir svolítið mikið í Wales þannig að ég hef lítið spilað. Maður þarf kannski nokkra hringi til þess að hita sig upp fyrir sumarið.“ - ktd



**KOMIÐ GOTT** Heiðar í búningi Watford á síðasta áratug. NORDICPHOTOS/GETTY

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 1. maí

Óskum verkafólki til hamingju með daginn

Allar verslanir Bónus eru **lokaðar í dag 1.maí.** á hátíðisdegi verkafólks.

Starfsfólk Bónus

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**SVEKKTUR** Schweinsteiger og félagar grétu eins og börn eftir tapið í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

## Í höndum Þjóðverjanna

**FÓTBOLTI** Það yrði stórslys ef Bayern München tækist ekki að tryggja sér sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu. Eftir að Börsungar voru dregnir til slátrunar 4-0 í Þýskalandi fyrir viku er líklega enginn sem reiknar með því að þeir spænsku eigi sér viðreisnar von.

„Þegar þú upplifir úrslitaleik eins og okkar gegn Chelsea þá viltu ekki endurtaka leikinn,“ segir Jupp Heynckes, þjálfari Bæjara. Þeir þýsku töpuðu úrslitaleik keppninnar í fyrra á heimavelli í München eftir vítaspyrnukeppni.

„Við erum Barcelona og getum ekki gefist upp þótt staðan sé slæm. Takist ætlunarverkið ekki þurfum við að geta borið höfuðið hátt, berjast allt til loka svo stuðningsmennirnir geti verið stoltir,“ segir Tito Vilanova, þjálfari Barcelona. Með Lionel Messi innanborðs sé alltaf von.

Leikur liðanna hefst klukkan 18.45 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport & HD. - ktd

# Einvígið ræðst í þessum leik

Fram og Haukar mætast öðru sinni í úrslitum N1-deildar karla í kvöld. Kristinn Guðmundsson, þjálfari HK, auglýsir eftir frumkvæði hjá leikmönnum Hauka og spáir því að einvígið ráðist af útkomu leiksins í kvöld. Þriðji leikur Fram og Stjörnunnar í úrslitum N1-deildar kvenna verður einnig spilaður í Safamýri í dag.

**HANDBOLTI** Fram er búið að ná frumkvæðinu í einvígi sínu gegn Haukum um Íslandsmeistaratitil karla. Fram „stal“ fyrsta leiknum í Hafnarfirði og verður Íslandsmeistari með því að vinna heimaleikina sína en vinna þarf þrjá leiki til þess að tryggja sér titilinn.

Framarar unnu sanngjarnan sigur í fyrsta leiknum og Fréttablaðið fékk Kristin Guðmundsson, þjálfara Íslandsmeistara HK, til þess að rýna í spilin.

„Þessi leikur segir okkur að það sé ákveðnum spurningum ósvarað hjá Haukunum. Þeir virðast ekki enn hafa fundið mann til þess að taka frumkvæði og höggva á hnútana er á þarf að halda. Stefán Rafn gerði það fyrir þá áður en hann fór út og þeim hefur ekki tekist að leysa þann hausverk. Ég lýsi eftir því að einhver leikmaður Haukanna taki á sig ábyrgð og fari að sýna einhverja stjörnuleiki,“ sagði Kristinn ákveðinn.

Sigurbergur Sveinsson skoraði sex mörk í fyrsta leiknum en næstu menn voru með tvö mörk.

„Það er enginn að taka frumkvæði í sóknarleiknum. Tjörvi er týndur sem og Sigurbergur. Elías Már er ekki að ógna markinu og svona mætti áfram telja. Mér fannst menn vera að fela sig í sókninni. Þeir voru gjaldþrota á þeim enda. Við skulum hafa það alveg á hreinu. Ef þeir finna ekki lausnir á þessu eru Haukarnir í erfiðum málum. Stóra spurningin er hver ætlar sér að stíga upp,“ sagði Kristinn og bætti við



**STERKUR** Jóhann Gunnar Einarsson átti fínan leik fyrir Fram í fyrsta leiknum og skoraði fimm mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

að Haukarnir hefðu unnið sig út úr vandamálum áður og því vildi hann ekki afskrifa þá strax.

„Ég saknaði þess líka að menn væru að berja á garðinum. Jóhann Gunnar er til að mynda að spila í bæði sókn og vörn. Við vitum að hann er kannski ekki í besta formi af öllum leikmönnum deildarinnar. Hann þarf aðstoð og fékk það í gær. Það reynir samt á hann og Haukarnir ættu að setja fleiri árásir á hann sem og Róbert Aron. Þreyta þá. Það kom mér á óvart að Haukarnir væru ekki með fleiri svör.“

Maðurinn sem tók frumkvæðið hjá Fram var Sigurður Eggertsson en frammistaða hans undir lokin gerði gæfumuninn.

„Siggi var frábær og hann hjó á hnútana. Jóhann Gunnar var að

> Ég lýsi eftir því að einhver leikmaður taki á sig ábyrgð og fari að sýna stjörnuleiki.
>
> *Kristinn Guðmundsson*

finna Harald á línunni en Framarar eiga síðan Róbert Aron Hostert algjörlega inni. Það er maður sem getur heldur betur klárað leiki. Það er meiri pungur í Frömurunum núna. Þeir eru markvissari og sókndjarfari en áður. Til þess að vinna titilinn þurfa menn að vera farnir að trúa því í hausnum að þeir geti unnið og mér sýnist Framararnir hafa bullandi trú á því að þeir geti orðið meistarar,“ sagði Kristinn en hann segir Haukana vera með bakið upp við vegg. Það sé ekkert grín að lenda 2-0 undir í svona einvígi.

„Bæði lið eru að spila góða vörn en eftir því sem líður á einvígið fjölgar mörkunum því það kemur meiri þreyta í varnarleikinn. Þetta verður refskák og nú er spurning hvort Haukarnir sýni frumkvæði eður ei,“ sagði Kristinn en hann segir leikinn í dag vera algjöran lykilleik.

„Þetta eru tvö frábær lið sem spiluðu flottan varnarleik í fyrsta leiknum. Þetta er lykilleikur og ef Fram vinnur þennan leik þá verða þeir meistarar. Ef Haukar vinna leikinn þá verða þeir meistarar. Einvígið ræðst í þessum leik. Það er mín spá.“ henry@frettabladid.is

Nýtt app



Fáðu okkur í símann þinn!

Sæktu þér nýja appið í snjallsímann þinn og hlustaðu á FM957, Bylgjuna og X977 hvar og hvenær sem er.

Farðu á visir.is/utvapp eða skannaðu QR kóðann og sæktu Útvappið fyrir iOS eða Android.

BYLGJAN 989 FM957 X 97.7



FÖSTUDAGSKVÖLD

## SPURNINGABOMBAN

Frumlegustu spurningarnar, fyndnustu keppendurnir og fáránlegustu svörin!

HEFST 30. MAÍ

## GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL

Jói Fel er mættur aftur og að þessu sinni ætlar hann að kenna okkur hvernig á að bera sig að við útigrillið í eitt skipti fyrir öll.



BÍÓ GULL krakkar POPP TÍVÍ

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

# ÍSLENSKU ÞÆTTIRNIR BLÓMSTRA Í MAÍ

BYRJAÐU SUMARIÐ Í FRÁBÆRUM FÉLAGSSKAP Á STÖÐ 2

NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI** OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhaldsþáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.



MIÐVIKUDAGSKVÖLD

## KALLI BERNDSEN

Kalli Berndsen bregður á leik með litríkan og smekklegan þátt sem hjálpar þér að líta betur út og skemmtir þér vel í leiðinni.

HEFST 15. MAÍ

## HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Meistarakokkurinn Árni Ólafur lifir af landinu uppi í Borgarfirði, kynnir fyrir okkur íslenska matarmenningu og hefðir með heimaræktuðu hráefni. Nýstárlegur og skemmtilegur matreiðsluþáttur.





HEFST 26. MAÍ

## TOSSARNIR

Brottfall er mikið úr skólum. Í Tossunum fylgir Lóa Pind fimm einstaklingum sem hafa hætt í skóla, m.a. Jóni Gnarr borgarstjóra.

HEFST 11. MAÍ

## LATIBÆR

Hinir geysivinsælu Latabæjarþættir snúa aftur! Fylgist með ævintýrum Íþróttaálfsins, Sollu stirðu og allra hinna.



**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

HD

FÍTON / SÍA

# DAGSKRÁ

**Stöð 2 kl. 20.40**

## Grey's Anatomy



Vinir okkar á Grace-spítalanum snúa aftur í Grey's Anatomy á Stöð 2 í kvöld. Það kemur upp erfið staða á spítalanum þegar Bailey er rannsökuð fyrir læknamistök og læknarnir sem sitja í stjórn spítalans þurfa að ákveða hvernig bregðast eigi við.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### EINAR LÖVDAHL TÓNLISTAR- OG BLAÐAMAÐUR



**Reynsluboltar og hallæristýpur** Ég hef gaman af því að horfa á reynslubolta í sjónvarpi en í gamanefni hlæ ég mest að skemmtilega hallærislegum týpum.

**STÖÐ 2, ÞRIÐJUDAGAR 20.05**



1 **Modern Family** Skemmtilega skrifaður húmor. Cam og Phil eru á topp þremur yfir uppáhaldspersónur mínar í sjónvarpi ásamt David Brent.

**STÖÐ 2, SUNNUDAGAR 17.35**





2 **60 mínútur** Ég dýrka hvernig þetta fólk brýtur málin til mergjar, hvort sem það tengist íþróttum, tónlist eða heimsmálum.

**RÚV, MÁNUDAGAR 20.05**



3 **Attenborough – að skilja náttúruna** Hann er orðinn 86 ára og er enn að brölta um allt af hreinni ástríðu fyrir náttúrunni. Hvernig fer hann að þessu?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Fyrsti maí í skáldskap **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku - Með tónlistina að vopni **11.00** Samtök til velferðar **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Stál og hnífur **14.10** Frá útihátíðarhöldum 1. maí nefndar verkalýðsfélaganna í Reykjavík **15.00** Þjóðlagatónlist í Reykjavík **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Magnús Ingimarsson, píanóleikari og hljómsveitarstjóri **17.25** Fátækt fólk **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Vangaveltur á verkalýðsdegi **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvert afrek bróðir **20.55** Fyrsta kröfugangan **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.00** Hermdu mér Þjóðunn Þjóðansdóttir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.30 Hlé**

**16.00 Læknamiðstöðin** *(6:22) (Private Practice V) (e)*

**16.45 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá leik í úrslitakeppninni.

**18.45 Táknmálsfréttir**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá leik í úrslitakeppninni.

**21.15 Martin læknir** *(6:8) (Doc Martin 5)* Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.

**22.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**23.00 Til bjargar regnskógunum** *(Up in Smoke)* Heimildamynd um breska vísindamanninn Mike Hands sem hefur barist fyrir verndun regnskóganna í aldarfjórðung.

**23.55 Endatafl** *(Endgame) (e)* Mynd um leynilegar viðræður sem urðu stjórn aðskilnaðarstefnunnar að falli. Leikstjóri er Pete Travis og meðal leikenda eru William Hurt, Jonny Lee Miller, Chiwetel Eijofor og Derek Jacobi.

**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar**

**07.25 Áfram Díegó, áfram!**

**08.15 Hello Kitty**

**08.25 Waybuloo**

**08.45 Ævintýraferðin**

**08.55 Tommi og Jenni**

**09.15 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.30 Lego: The Adventures of Clutch Powers**

**10.50 Nornafélagið**

**11.10 Big Time Rush**

**11.35 Tricky TV** *(9:23)*

**12.00 Grey's Anatomy** *(9:24)*

**12.45 Privileged** *(16:18)*

**13.30 GoldiLocks and the 3 Bears Show**

**15.00 Hank** *(9:10)*

**15.25 Hot In Cleveland** *(1:10)*

**15.50 Cougar Town** *(15:22)*

**16.15 Suits** *(8:12)*

**17.00 Chuck** *(7:13)*

**17.45 Ellen** *(136:170)*

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 The Big Bang Theory** *(13:17)*

**19.20 New Girl** *(15:24)*

**19.45 Go On** *(14:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryans King, íþróttafréttamanns sem missir konuna sína.

**20.10 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(7:8)* Önnur þáttaröðin með Kalla Berndsen þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu hjá meistaranum.

**20.40 Grey's Anatomy** *(21:24)*

**21.25 Red Widow** *(6:8)* Hörkuspennandi þáttaröð um konu sem gift er inn í mafíuna. Þegar eiginmaður hennar er myrtur þarf hún að taka við keflinu og sogast inn í hættulega veröld.

**22.10 Philantropist** *(2:8)*

**22.55 NCIS** *(19:24)*

**23.40 Grimm** *(3:22)*

**00.25 Sons of Anarchy** *(7:13)*

**01.10 The Closer** *(18:21)*

**01.55 American Horror Story** *(1:12)*

**02.45 Bones** *(13:13)*

**03.30 Fringe** *(5:22)*

**04.15 Southland** *(5:6)*

**05.00 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(7:8)*

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## BÍÓ

**10.05 Fame**

**12.05 Love Happens**

**13.50 Wall Street: Money Never Sleep**

**16.00 Fame**

**18.00 Love Happens**

**19.45 Wall Street: Money Never Sleep**

**22.00 Get Him to the Greek**

**23.50 Robin Hood**

**02.05 College**

**03.40 Get Him to the Greek**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**

**08.40 Þorsteinn J. og gestir**

**11.35 Þýski handboltinn. Fuchse Berlin - RN Löwen**

**12.55 Þýski handboltinn. Magdeburg - Flensburg** Bein útsending

**14.35 Þýski handboltinn. Kiel - Balingen** Bein útsending

**16.15 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Dortmund**

**18.00 Þorsteinn J. og gestir - upphitun**

**18.30 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Bayern** Bein útsending

**20.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**

**21.10 Þýski handboltinn.**

**22.30 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Bayern**

**00.10 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show**

**16.35 Chelsea - Swansea**

**18.15 Stoke - Norwich**

**19.55 Premier League Review Show**

**20.50 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.

**22.05 Man. City - West Ham**

**23.45 Newcastle - Liverpool**

## krakkar

**07.01 Lalli**

**07.16 Refurinn Pablo**

**07.21 Áfram Díegó, áfram!**

**07.46 Waybuloo**

**08.06 Svampur Sveinsson**

**08.31 Könnuðurinn Dóra**

**08.56 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.06 UKI**

**09.11 Strumparnir**

**09.36 Histeria!**

**09.56 Mörgæsirnar frá Madagaskar**

**10.16 Ofurhundurinn Krypto**

**10.36 Lukku-Láki**

**11.01 Njósnaskólinn** *(12:13)*

**11.31 Ofurhetjusérsveitin**

**11.56 iCarly** *(42:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Gossip Girl** *(8:10)* Sjötta þáttaröðin um líf fordekraðra unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.

**19.00 Friends** *(13:24)*

**19.25 Two and a Half Men** *(1:24)* Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri. Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf.

**19.50 Simpson-fjölskyldan** Simpson-fjölskyldan eru hinir fullkomnu nágrannar. Ótrúlegt en satt.

**20.15 The Cleveland Show** *(2:22)* Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar.

**20.40 Funny or Die** *(3:10)* Önnur serían af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum frá Will Arnett og HBO byggðum á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.

**21.05 FM 95BLÖ**

**21.30 Arrow** *(16:23)*

**22.15 Dollhouse** *(11:13)*

**23.00 The Cleveland Show** *(2:22)*

**23.25 Funny or Die** *(3:10)*

**23.50 FM 95BLÖ**

**00.15 Arrow** *(16:23)*

**01.00 Dollhouse** *(11:13)*

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## GULL

**12.16 Doctors** *(23:175)*

**12.56 Bernard**

**19.00 Ellen** *(136:170)*

**19.40 Einu sinni var** *(3:22)*

**20.10 Örlagadagurinn** *(13:14)*

**20.40 Krøniken** *(14:22)*

**21.40 Ørnen** *(14:24)*

**22.45 Örlagadagurinn** *(13:14)*

**23.15 Einu sinni var** *(3:22)*

**23.45 Krøniken** *(14:22)*

**00.50 Ørnen** *(14:24)*

**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil**

**08.40 Dynasty** *(18:22)*

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.45 Charlie's Angels** *(1:8)*

**16.30 Design Star** *(5:10)*

**17.20 Dr. Phil**

**18.00 Once Upon A Time** *(17:22)*

**18.45 Everybody Loves Raymond** *(17:25)*

**19.10 Will & Grace** *(21:24)*

**19.35 America's Funniest Home Videos**

**20.00 Megatíminn – BEINT** *(6:7)* Einn galnasti þáttur landsins þar sem áhorfendur geta unnið allt milli himins og jarðar í beinni útsendingu með því aðeins að senda sms. Þáttastjórnandi er hinn geðþekki Sóli Hólm.

**21.00 Solsidan** *(6:10)* Alex og Anna snúa loks aftur í þessum þáttum sem slógu í gegn meðal áskrifenda SkjásEins. Anna eignast vinkonu á Facebook en fær mikla minnimáttarkennd þegar hún sér hvað vinkona hennar lifir fullkomnu lífi.

**21.25 Blue Bloods** *(10:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan-fjölskyldunnar í New York þar sem fjölskylduböndum er komið á glæpamenn borgarinnar sem aldrei sefur. Leyniskytta leikur lausum hala í New York-borg og þarf Danny að taka á honum stóra sínum til að handsama hann.

**22.10 Law & Order UK** *(12:13)*

**23.00 Falling Skies** *(10:10)*

**23.45 The Walking Dead** *(12:16)*

**00.35 Lost Girl** *(5:22)*

**01.20 Excused**

**01.45 Blue Bloods** *(10:22)*

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Zurich Classic **2013** *(3:4)* **12.40** Golfing World **13.30** Zurich Classic **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour *(16:47)* **19.20** LPGA Highlights *(5:20)* **20.40** Champions Tour - Highlights *(7:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(17:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(17:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Á ferð og flugi

**ÚTVARP**
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



13-1215 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

WOW

FLUGFÉLAG **FÓLKSINS**

# PARÍS
# LONDON
# &
# KÖBEN

Gildir aðeins ef þú bókar í dag

## Á BETRA VERÐI

FRÁ

# 10.900 KR.

Aðra leið með sköttum og gjöldum í maí og júní. Eingöngu bókanlegt á wow.is.

## STÖNDUM VIÐ GEFIN LOFORÐ

Í tilefni dagsins bjóðum við öllum landsmönnum WOW verð til Parísar, London og Köben í maí og júní.

WOW air stendur við kosningaloforðin sín með betri kjörum og kröftugri samkeppni með bros á vör.

**Upplifðu þitt WOW!**

LOFORÐ WOW
LÆGRA VERÐ
NÝRRI VÉLAR
OG BREIÐASTA BROSIÐ

Vilnius >> Amsterdam >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Lyon
London >> Kaupmannahöfn >> Alicante >> Zürich >> Berlín >> Stuttgart >> París

**wow.is**>> Katrínartún 12>> 105 Reykjavík >> 590 3000

## DRYKKURINN



**„Ég er algjör kaffisjúklingur og dagurinn byrjar ekki hjá mér nema ég fái kaffi. Ég mæli sérstaklega með drykk sem heitir Karamellusveifla og fæst á Kaffitári, ég bjó hann til þegar ég var kaffibarþjónn á Kaffitár í gamla daga.“**

Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna hússins.

# Gerðu myndband fyrir vinsæla danska sveit

Myndband Ellenar Loftsdóttur og Þorbjörns Ingasonar fyrir dönsku sveitina Reptile Youth vekur athygli.

„Þeir höfðu samband við okkur og við ákváðum að gera myndband á Íslandi enda eru þeir aðdáendur landsins,“ segir Ellen Loftsdóttir, stílisti og leikstjóri, sem í samvinnu við kærasta sinn, Þorbjörn Ingason, gerði myndband fyrir hina vinsælu dönsku hljómsveit Reptile Youth.

Myndbandið var tekið upp um áramótin á Íslandi þar sem íslensk náttúra leikur stórt hlutverk ásamt hljómsveitinni og fyrirsætunni Kolfinnu Kristófersdóttur. Myndbandið, sem er við lagið Fear, hefur vakið athygli erlendra miðla á borð við Nylon Magazine, Euroman, ID Magazine og Vice Magazine en það var frumsýnt á mánudagskvöldið. „Það er gaman hversu mikla athygli þetta vekur en hljómsveitin er mjög vinsæl hérna í Danmörku,“ segir Ellen. Þau Þorbjörn mynda teymið Narvi Creative og er meðal annars með vinsælt myndband sveitarinnar GusGus við lagið Over á ferilskránni.

Þau fluttu til Kaupmannahafnar síðasta haust en ásamt því að vera í Narva Creative starfar Þorbjörn hjá hönnunarskrifstofunni Thank You og Ellen er að koma sér áfram sem stílisti í Kaupmannahöfn. „Okkur hefur gengið vel að koma okkur áfram hér og þetta myndband á örugglega eftir að opna einhverjar dyr. Tísku-og tónlistarsenan hér er stór og í augnablikinu er Kaupmannahöfn staðurinn fyrir okkur.“ - áp

➜ Yfir 2.000 höfðu horft á myndbandið sólarhring eftir að það var frumsýnt.



**VINSÆLT MYNDBAND** Ellen Loftsdóttir og Þorbjörn Ingason tóku upp myndband fyrir dönsku sveitina Reptile Youth á Íslandi.






# Knattspyrnumaður bloggar um tískuna

Sindri Snær Jensson hefur vakið athygli fyrir tískubloggið sitt Sindrijensson.com þar sem hann fjallar af metnaði um hinar mörgu hliðar herratískunnar. Sindri Snær segir enga afsökun vera til fyrir að vilja ekki líta vel út og vera snyrtilegur til fara.

„Áhuginn á tísku kviknaði í menntaskóla en þá lagði maður jogginggallann á hilluna og fór að spá í hverju maður klæddist,“ segir Sindri Snær Jensson, tískubloggari og knattspyrnumarkmaður, sem heldur úti tískubloggsíðunni Sindrijensson.com.

Síðan var opnuð fyrir tæplega tveimur mánuðum og hefur fengið góðar viðtökur. Daglega heimsækja um 1.000-4.000 manns síðuna þar sem Sindri leggur metnað í að fjalla faglega um strauma og stefnur í herratískunni ásamt því að fá vel valda herra í tískuspjall til sín. „Ég var búin að ganga með þessa hugmynd í maganum lengi en fann aldrei tíma til að hrinda henni í framkvæmd enda vil ég gera hlutina vel þegar ég tek þá að mér,“ segir Sindri, sem loksins fann tíma er hann flutti til Malmö í Svíþjóð með kærustunni sinni síðasta haust.

Sindri er markmaður og spilaði síðasta sumar með úrvalsdeildarliðinu Val. Upphaflega ætlaði hann að finna sér lið í Svíþjóð en það hefur ekki gengið sem skyldi. „Ég hef verið að æfa með liðum hérna úti og fengið nokkur samningstilboð en engin nógu góð. Þess vegna get ég kallað mig heimavinnandi húsföður og tískubloggara núna. Ég fæ margar spurningar í viku frá lesendum um tísku sem er mjög skemmtilegt,“ segir Sindri, sem eyðir um 2-3 klukkutímum á dag í bloggsíðuna.

Sindri starfaði lengi vel sem verslunarstjóri í Galleríi 17 og líkir tískuáhuganum við bakteríu sem honum tekst ekki að losna við. „Það sem heillar mig við tískuna er hvernig maður getur tjáð sig í gegnum klæðaburðinn. Mín skoðun er sú að það er engin afsökun til fyrir að vera ekki snyrtilegur til fara.“

alfrun@frettabladid.is



**MARKMAÐUR OG TÍSKUBLOGGARI** Tískubloggsíða Sindra Snæs Jenssonar, Sindrijensson.com, hefur vakið mikla athygli en þar fjallar hann af metnaði um herratískuna.

➜ 1.000-4.000 manns heimsækja síðuna daglega.



## Tom Ford í uppáhaldi

- **Uppáhaldsbloggsíða:** The Sartorialist.com
- **Uppáhaldstímarit:** GQ Magazine
- **Hönnuður:** Tom Ford
- **Tískufyrirmynd:** Allir karlmenn sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og bera klæðnað sinn með sjálfstrausti.
- **Uppáhaldsflíkin:** Libertine-Libertine skyrta með pappírsbátamunstri.
- **Ómissandi í herrafataskápinn fyrir sumarið:** Munstruð stuttermaskyrta.




# Ný söngleikjadeild stofnuð

Þór Breiðfjörð og Valgerður Guðnadóttir á meðal kennara í Söngskóla Demetz.

„Við erum mjög spennt fyrir að koma þessu á fót hérna,“ segir söngvarinn Þór Breiðfjörð.

Söngskóli Sigurðar Demetz hefur stofnað söngleikjadeild og verður inntökupróf haldið 21. maí næstkomandi. Kennarar verða Þór, Valgerður Guðnadóttir og Jóhanna V. Þórhallsdóttir. Saman hafa þau áralanga reynslu af söng og leik á sviði, bæði á Íslandi og í alþjóðlegum söngleikjum.

Í skólanum verður farið yfir söngleiki og söngleikjatengda tónlist. Teknir verða fyrir Disney-söngleikir, söngleikjamyndir, revíur og fyrir jólin verða söngleikjatengd jólalög sungin. Eftir áramót verður svo settur upp söngleikur með nemendunum.

„Íslendingar eru tónelskir en söngleikir hafa kannski ekki haft beinan fókus í þessu formi á Íslandi. Þetta er svolítið nýtt. Við erum tvö þarna, við Valgerður, og reynsluboltinn Jóhanna. Við erum mjög spennt og hvetjum fólk til að koma í prufuna,“ segir Þór en viðmiðunaraldur er 17 ár.

Skráning í söngleikjadeildina fer fram á songskoli@vortex.is og Rvk.is. Frekari upplýsingar verða birtar á Songskoli.is. - fb

➜ Þór Breiðfjörð hlaut Grímuverðlaunin sem söngvari ársins í fyrra fyrir Vesalingana. Valgerður vann Grímuna 2009 fyrir Söngvaseið.



**NÝ SÖNGLEIKJADEILD** Þór Breiðfjörð og Valgerður Guðnadóttir kenna söngleikjafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# ferskt & gott





## Opnunartilboð í Hafnarfirði

Í tilefni af glæsilegum og endurbættum stað okkar í Hafnarfirði bjóðum við 12" bát og gos á

**aðeins 1000 kr.**

dagana 1.–5. maí á Subway Reykjavíkurvegi*








SUBWAY

alltaf ferskt

*Tilboðið gildir eingöngu á Subway Reykjavíkurvegi dagana 1.-5. maí og ekki með öðrum tilboðum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kemur saman eftir hlé

Hljómsveitin Moses Hightower kemur saman eftir hlé en tveir meðlima sveitarinnar eru búsettir erlendis og sá þriðji hefur verið á ferð um heiminn með stórsveitinni Of monsters and men. „Nú eru týndu synirnir hins vegar endurheimtir tímabundið og þá er ekki úr vegi að spila svolítið," segir **Magnús Trygvason Eliassen,** einn meðlima. Sveitin spilaði á Græna hattinum á Akureyri í gærkvöldi. Hún stoppaði ekki lengi fyrir norðan þar sem áætlaðir eru tónleikar á tónleikastaðnum Volta við Tryggvagötu í kvöld, miðvikudagskvöld. Upphitun verður í höndum Árna Vilhjálmssonar úr FM-Belfast sem ku frumflytja nokkur lög undir listamannsnafninu Nini Wilson. - mlþ



### Frumsýna nýtt myndband

Stuðsveitin Retro Stefson frumsýndi nýtt myndband í Bíói Paradís í gærkvöldi. Myndbandið er við eitt af vinsælum smellum sveitarinnar, Qween, sem má finna á nýjustu plötu þeirra. Það var reynsluboltinn Reynir Lyngdal sem sá um að leikstýra myndbandinu sem var tekið upp við Esjurætur fyrr á árinu. **Þorbjörg Roach** og félagar hennar í hljómsveitinni gerðu hlé á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu til að vera viðstödd frumsýningu myndbandsins. Þau hafa verið á miklu flakki undanfarnar vikur og því smá frí á Íslandi væntanlega kærkomið. - áp



## Mest lesið VÍSIR

1 Ekkjan grunuð um græsku
2 Ótrúleg heppni íþróttafréttakonu
3 Háhyrningarnir skotnir
4 Michael Jackson var forfallinn eiturlyfjaneytandi
5 Nauðgað kvöldið fyrir heimferð


Gestur Einar Þráinn Karlsson Alli Bergdal

Ég var einu sinni frægur

Nýtt verk eftir Jón Gunnar



ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 3. maí & Lau. 4. maí

Miði.is & s: 551 1200



1. MAÍ 2013

# KAUPMÁTTUR ATVINNA VELFERÐ

Í 90 ár hefur íslenskt launafólk fylkt liði í kröfugöngum í baráttunni fyrir réttlátu samfélagi. Enda þótt mikið hafi áunnist og þjóðfélagið tekið stakkaskiptum er grundvallarstefið í verkalýðsbaráttu enn það sama. Við verðum að hafa atvinnu, launin okkar þurfa að skila okkur kaupmætti, við þurfum að geta skapað fjölskyldum okkar öruggt húsnæði og velferðarþjónustan verður að vera á viðráðanlegu verði.

Verðbólgan er versti óvinur launafólks. Hún skerðir kaupmátt launanna okkar og orsakar háa vexti á lánunum okkar. Óstöðugt gengi íslensku krónunnar er einn af orsakavöldum mikillar verðbólgu. Því skiptir sköpum fyrir hagsmuni launafólks að meiri festa verði í þróun á gengi krónunnar. Við höfum ekkert val, við verðum að segja verðbólgunni stríð á hendur.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.**

ASÍ

Alþýðusamband Íslands